

# VIÐBÆTIR.

## A.

Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar,  
sem út hafa komið, síðan alþingi var slitið 1871.

---



#### TILSKIPUN

um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfírrétti, Benidikt Sveinssyni, sem hefur verið vikið frá embætti.

V è r K r i s t j á n h i n n n í u n d i, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfírrétti, Benidikt Sveinssyni, sem hefur verið vikið frá embætti, — en frumvarpið var samhljóða tilskipun til bráðabyrgða, er vèr höfum gefið út 1. dag aprílm. f. á. —, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfírrétti, Benidikt Sveinssyni, sem hefur verið vikið frá embætti, skulu veittir 450 rd. úr hinum íslenska landssjóði í árleg eptirlaun frá 1. aprílm. f. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuhöll, 27. dag janúarmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*

krónprinz.

(L. S.)

*Fr. Krieger.*

#### TILSKIPUN

handa Íslandi um spítalagjald af sjávarafli.

V è r K r i s t j á n h i n n n í u n d i, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

### 1. grein.

Sptalahlutir skulu greiddir af sjávarafna þeim, er fæst á þil-skip, opin skip, báta og byttur við Ísland, og þar er lagður á land, eptir þeim reglum, er nú skal sagt:

- a) af alls konar fiski, sem er verkaður sem saltfiskur, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin  $\frac{1}{2}$  alin;
- b) af alls konar fiski, sem er hertur, eða sem er seldur óverkaður, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin  $\frac{1}{4}$  alin;
- c) af fiski, sem saltaður er í tunnur, skal goldin  $\frac{1}{2}$  alin af hverri tunnu;
- d) af hverri tunnu hákarlslýsis eður jafngildi hennar af hákarlslífur skal greidd 1 alin, en af hákarlinum sjálfum greiðist ekkert gjald.

Gjald það, sem um er rætt undir staflíðunum a, b og c, skal greitt, hvort sem fiskurinn er ætlaður til neyzlu í landinu sjálfu eður til útflutnings.

Af því, sem ekki nemur hálfu hundraði eða hálfri tunnu, skal ekkert gjald greitt, en af hálfu hundraði eða hálfri tunnu og þar fram yfir skal goldið eins og af fullu hundraði eða heilli tunnu.

### 2. grein.

Gjaldið rennur í lækna sjóðinn íslenzka, og skal í fyrsta skipti heimitað saman eptir þessari tilskipun fyrir tímabilið frá 12. maím. til 31. desembrm. 1872, og síðan fyrir hvert ár frá 1. janúarm. til 31. desembrm.; skal það goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs.

### 3. grein.

Eigendur báta eða skipa skulu greiða spítalagjaldið af hendi, ef þeir eru innanhrepps, ella formenn. Eigi fleiri skip saman, og sèu eigi allir innanhrepps, þá skulu þeir greiða allt gjaldið, sem innanhrepps eru. Ef formaðurinn á að greiða gjaldið, og sè hann utansveitarmaður, skal hann hafa greitt hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burt úr hreppnum. Sè það gjört áður en hin nýja verðlagsskrá hefur öðlazi gildi, skal gjaldið greitt eptir verðlagsskrá þeirri, sem þá er í gildi. Fari hann burt úr hreppnum án þess að greiða gjaldið, skal hann sæta 5—20 rd. sekt, og rennur hún í lækna sjóðinn.

Greiðandi hefur rétt til endurgjalds af öllum þeim, sem hlut taka af skipi því, að hlutfalli réttu, og má hann, áður en sá, sem hlut tekur, fer frá skipi, leggja hald á svo mikið af hlut hans, sem nægir til þess að borga hluta hans af gjaldinu.

#### 4. grein.

Hreppstjórnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski- eða hákarlaveiða í hreppnum eða umdæmi bæjarins á hverju ári, — fyrsta skipti á tímabilinu frá 12. maím. 1872 til ársloka, — og skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta, og, ef einhver þeirra er utanhreppsmaður, eða á ekki heima í kaupstaðnum, þá einnig frá formönnum.

Um fyrri hlut janúarm. skulu því næst hreppstjórar og bæjarstjórnin í kaupstöðunum heimta af eigendum bátanna og skipanna, eða formönnum þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða gjaldið samkvæmt 1. grein að framan. Þeir eru skyldir til að láta til þessar skýrslur upp á æru og trú. Skýri þeir ekki svo nákvæmlega frá, að gjaldið verði ákveðið eptir því, skulu hreppstjórar, eptir að þeir hafa útvegað þær ítarlegri upplýsingar, sem fengnar verða, og jafnframt tekið til greina skýrslur annara gjaldanda um þetta, setja gjaldið eptir því, sem þeir geta næst komizt. Í kaupstöðunum skulu tveir af réttinum útnefndir og eiðfestir óvilhallir menn ákveða gjaldið.

#### 5. grein.

Síðan skulu skrárnar yfir gjaldendur, og yfir upphæð þá, sem afgjaldið skal reiknað eptir, lagðar fram öllum til sýnis hjá hreppstjóranum í 14 daga, og á hann því næst að senda þær sýslumanni innan loka febrúarmánaðar. Í kaupstöðunum skulu skrár þessar lagðar fram almenningi til sýnis í 14 daga á sama stað og niðurföfnunin til bæjarsjóðsins, og skal bæjarstjórnin skila þeim til bæjarfógeta með sama fresti og áður var getið. Þegar bæjarfógetinn, og í sveitunum sýslumaður hafa rannsakað og endurskoðað skrár þessar, skal gjaldið heimt inn á manntalsþingum eptir skránum. Þyki sýslumanni eða bæjarfógeta ástæða til að efast um, að skrárnar séu áreiðanlegar, eiga þeir að gjöra þær rannsóknir, sem þurfa þykir í þessu efni, og hefja ábyrgð á hendur þeim, er í hlut eiga, fyrir það.

#### 6. grein.

Segi nokkur gjaldþegna rangt til aflla þess, sem greiða skal gjaldið af, skal hann sæta 10—20 rd. sekt til lækna sjóðsins; enn fremur skal hann til sama sjóðs greiða þrefalda upphæð við gjald það, sem hann hefur dregið undan.

Mál, sem ris af afbrotum gegn ákvörðunum í tilskipun þessari, skal farið með sem opinber lögreglumál, nema því að eins, að lagabrotið varði meiri hegningu en sekt.

7. grein.

Innan loka októbermánaðar ár hvert á sýslumaður eða bæjarfógeti að senda stjórn lækna sjóðsins reikning yfir alla spítalahlutina í sýslunni eða kaupstaðnum síðastliðið ár, og um leið greiða henni féð. Reikningi þessum skulu fylgja skrár hreppstjóra eða bæjarstjórnar, er áður var getið.

8. grein.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju með talinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbræfi 26. maím. 1824, gilda framvegis eins og hingað til.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuhöll, 12. dag febrúarmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*

krónprinz.

(L. S.)

*Fr. Krieger.*

TILSKIPUN

um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl.

V ò r K r i s t j á n h i n n n i u n d i, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eftir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt til tilskipunar, sem inni hefur að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. júní 1787, 1. kap., o. fl., þjóðum vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Ef útlendir fiskimenn hafa við nokkra fiskiveiði fyrir ströndum Íslands innan þeirra takmarka á sjó, þar sem landhelgi er, eins og þau eru ákveðin í hinum almenna þjóðarrétti, eða kunna að verða sett fyrir Ísland með sérstaklegum samningum við aðrar þjóðir, skulu þeir sæta 10—200 rd. sektum.

2. grein.

Sama hegning liggur við, ef útlendir fiskimenn flytja afla sinn í land, hvort sem það er upp á sjálfa ströndina, eða í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að verka hann þar. Biði nokkur

tjón af þessu, skal þar að auki bæta skaðann samkvæmt hinum almennu grundvallarreglum laganna.

3. grein.

Þegar útlendir fiskimenn leita hafnar í neyð sinni, skal það tafarlaust tilkynnt yfirvaldinu þar á staðnum, og skal yfirvaldið hafa umsjón með, að ekki sé með þessu farið kring um verzlunarlögin eða skattalögin, nè brotið segn þeim. Sé leitað á höfn til þess að fá læknishjálp við sótt, sem komin er upp meðal skipverja, skal farið eptir sóttvarnar-tilskipununum.

Fyrir að skoða skjöl skipsins og rita á þau, skal borga yfirvaldi því, sem í hlut á, 4 sk. af hverjum ton af rúmmáli skipsins, og að auki helming þessa gjalds, ef sá, sem hefur umboð sýslumanns, ritar á skjölin samkvæmt opnu bréfi 28. desemb. 1836, 9. gr.

Brot gegn því, sem fyrir er mælt í þessari grein, skulu varða jafnmiklum sektum, og settar eru í 1. grein.

4. grein.

Á þeim stöðum, sem nú skulu taldir: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, skal hlutaðeigandi amtmaður hafa heimild til þess, að láta lögreglustjórann leyfa útlendum fiskimönnum, án þess að þeir greiði lestagjald, ef þeir borga þóknun til fátækra á staðnum allt að 50 rd., að leggja upp þá hluti, er þeir hafa til atvinnu sinnar, og þeim þykir ekki ástæða til að flytja heim milli tveggja ferða, sem farnar verða hvor á fatur annari, með því skilyrði, að þeir, sem í hlut eiga, gangist undir að hlýða þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóra þykir þurfa til tryggingar því, að þeir hlutir, sem upp eru lagðir, séu ekki hafðir til verzlunar, nè brugðið sé út af leyfinu á annan hátt. Brjóti sá, sem vörurnar hefur lagt upp, gegn því, sem skipað er fyrir í þessu tilliti, skal hann sæta 10—200 rd. sektum, og ef verzlað hefur verið með vörurnar, skal á eptir greiða lestagjald, samkvæmt lögum 15. apríl 1854, af því eða þeim skipum, sem vörunum hefur verið skipað upp úr. Vörur þær, sem lagðar eru upp, skulu vera að veði fyrir sektum og gjaldi, og þegar ekki er borgað á annan hátt, hefur hlutaðeigandi yfirvald heimild til, að selja svo mikið af þeim, sem með þarf, til þess að fá upphæðina borgaða.

5. grein.

Hver sá, sem hefur útgjörð til fiskiveiða á Íslandi, hvort sem það eru einstakir menn, eða félög, innlend eða utlend, er hafa þar

hús, skal greiða sama lestagjald, og ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, af þeim skipum, sem þeir flytja á afla sinn frá Íslandi, sem er verkaður þar.

6. grein.

Með mál út af afbrotum þeim, sem getið er um í þessari tilskipun, skal fara sem opinber lögreglumál. Sektir þær, sem mælt er fyrir um, skulu renna í hinn íslenska landssjóð.

7. grein.

Tilskipun þessi öðast gildi 1. júlím. 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuhöll, 12. dag febrúarmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*

krónprinz.

(L. S.)

*Fr. Kriger.*

---

## TILSKIPUN

um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

Vær Kristján hinn níundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, þjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Svo fljótt sem því verður við komið, skal stofna einn eða fleiri búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, sem skulu vera til fyrirmyndar um landbústjórn, jarðyrkju og fjárrækt; þar skulu og ungir menn eiga kost á að öðlast bæði þá verklegu og bóklegu menntun, sem nauðsyn er á, í þeim greinum, sem nefndar voru.

2. grein.

Dómsmálastjórnin skal gjöra hinar nákvæmari ákvarðanir um fyrirkomulag skólanna og stjórn þeirra, eptir að hún um það efni er búin að bera sig saman við amtmann þann, sem í hlut á. Þegar amtmaður býr til uppástungur þær um þetta efni, sem þörf er á, skal hann kveðja sér til ráðaneytis tvo þjóðkjörna alþingismenn, jarðyrkjufróðan mann og reyndan og hygginn bónda.



3. grein.

Til þess að borga með kostnaðinn við skóla þá, sem kunna að verða stofnaðir samkvæmt þessari tilskipun, má á ári hverju fyrst um sinn jafna niður á allar jarðir í hverju amti í mesta lagi  $1\frac{1}{2}$  skilding á hvert jarðarhundrað eptir hinni nýju jarðabók.

4. grein.

Gjald þetta skal ábúandi jarðarinnar greiða, og skal sýslumaður heimta það á manntalsþingum hvert ár. Dómsmálastjórnin ákveður, hve nær fara eigi að heimta gjaldið í hverju amti.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalúuhöll, 12. dag febrúarmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*

krónprinz.

(L. S.)

*Fr. Krieger.*

AUGLÝSING

um heimtingu á gjaldi því, sem fyrir er mælt um í tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 12. febr 1872.

Samkvæmt valdi því, sem dómsmálastjórninni er veitt í tilskipun, 12. þ. m., um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 4. gr., skal svo mælt fyrir, að heimting á gjaldi því, sem getið er um í 3. gr. tæðrar tilskipunar, skuli byrja í öllum ömtum Íslands á manntalsþingum vorið 1873, þannig að heimtaður verði á þeim og framvegis á hinum árlegu manntalsþingum fyrst um sinn  $1\frac{1}{2}$  sk. af hverju jarðarhundraði eptir hinni nýju jarðabók. Skulu hlutaðeigandi amtmenn fyrst um sinn hafa umráðin yfir fè því, er með þessu móti fæst, hver fyrir sitt amt, og árlega semja reikning yfir það, og senda hann dómsmálastjórninni.

Þetta skal hér með kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálastjórninni, 21. dag febrúarmánaðar 1872.*

*Fr. Krieger.*

*Fr. Reinhart.*

## TILSKIPUN

fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót.

Vér Kristján hinn níundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar fyrir Ísland, um síldarveiði með nót, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið:

### 1. grein.

Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft að króa af síld eða upsa með nót upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni.

### 2. grein.

Gjöri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn, er rétturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman.

### 3. grein.

Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sé um samið milli hans og landsdrottins.

### 4. grein.

Hafi fleiri en einn tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarformanninum heimilt, að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli.

### 5. grein.

Þegar nót er upp dregin, er formaður skyldur til, áður en nótarmenn fara burt, að segja til veiðarinnar þeim, sem eptir næstu grein á undan á hlut að máli, og svo framarlega sem mönnum ekki hefur komið saman um annað, skal þá þegar gjalda landshlut með þeim parti af veiðinni, sem lögákveðinn er, og í því, sem veiðzt hefur. Sé ekki farið eptir ákvörðun þessari, eða ef rangt er sagt til veiðarinnar, skal landshlutur goldinn tvöfalt. Sé rangt sagt til

veiðarinnar í sviksamlegum tilgangi, kemur það þar að auk undir hin almennu hegningarlög.

6. grein.

Bátar, veiðarfæri og affi nóteiganda skulu standa í veði fyrir landshlut og skaðabótum eptir 2. grein.

7. grein.

Sè nót lögð á helgidegi, og sild eða upsi króaður inni, skal gjalda 2—50 rd. þóknun til fátækra sjóðs hreppsins, eptir því hvernig drættinum er varið og ákvörðun sýslumanns. Þessa þóknun má taka lögtaki.

8. grein.

Þar sem nót er lögð, má, eptir að búið er að gefa út streng og byrjað á lagningunni, og þessu er haldið áfram, án þess óvana- leg töf eigi sér stað, engin veiðarfæri leggja niður á því sviði, sem ætlazt má á að nótin lyki fyrir.

Sè net áður útlögð, sem eru því til fyrirstöðu, að nótin verði dregin og fest, hefur formaður nótarinnar rétt til að taka þau upp ellegar að draga nótina í land, og, ef til vill, hin útlögðu net með, ef hann bætir eiganda skaða og veiðisþjöll.

Nú er nót fest, og liggur yfir veiðarfærum, þá má þau eigi upp taka án samþykkis nótarformanns. Þar á móti skal nóteigandi, þegar svo á stendur, annaðhvort skila veiðarfærunum jafngóðum, áður 12 stundir líði, eða bæta þau með öðrum nýjum og óaðfinn- anlegum, eða borga þau í peningum tvennu verði. Auk þessa skal eiganda bætt veiðisþjöll eptir því, sem almennt aflast dægur hvert, unz goldið er.

Net, sem liggja á sviði því, sem nótin lykur fyrir, má formaður nótarinnar taka upp að ósekju, en borgi veiðisþjöll.

9. grein.

Sitji fleiri en einir nófarmenn fyrir sild eða upsa, hafa þeir rétt til nótlagnar, sem fyrst hafa gefið út nótstrenginn og byrjað að leggja nótina, og sè þessu haldið áfram tafarlaust svo sem verður, mega engir hinna tálma þessu.

Nú hafa tvennir nófarmenn byrjað að leggja út nót samstund- is, og aðrir innar, þá skulu þeir, ef sild eða upsi er í báðum nót- um og ytri nótin ekki getur bjargað afla sínum, áður en sú innri er upp tekin, hafa drátt í sameiningu, og skal hlutur hvorra fyrir sig ákveðinn eptir áætlun, ef þeir ekki hafa komið sér öðruvísi saman.

Nú leggja tvennir nótarmenn samstundis, og hvorir í móti öðrum, og draga hvorugir nótina í land til sinnar hliðar, þá skulu þeir hafa drátt í sameiningu, og skipta til helminga.

10. grein.

Nót, sem engin veiði er í, skal strax um tekin, ef eigandi nótur, sem utar liggur, og veiði er í, krefst þess.

Nóteigandi, sem hefur nót lagða þannig, að öðrum er meinað að leggja nætur sínar, eða draga þær á land, skal skyldur til, þegar þess er krafist, að draga fram nót sína eða flytja festar og vörp svo mikið sem verður, án þess að skaða aflla sinn.

11. grein.

Hver sá, er á nokkurn hátt reynir að tálma nótveiði, og eins hver sá, er með ásettu ráði skemmir nót, sem er lögð út og fest, eða spillir veiðinni að öllu eða nokkru leyti, skal sæta hegningu eptir tilskipun þessari, að því leyti sem þyngri hegning ekki liggur við verki hans eptir hinum alménnu hegningarlögum.

12. grein.

Fyrir brot gegn ákvörðununum í 8. til 11. grein skulu koma sektir, frá 5 til 200 rd. Sektirnar renna í landssjóð.

13. grein.

Með sektamál eptir tilskipun þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Sök skal niður falla, þegar hlutaðeigandi við birtingu stefnunnar undir gengst að borga sekt þá, sem dómari hefur stungið upp á í stefnunni innan takmarka þeirra, sem nefnd eru í 12. grein, og greiðir sekt þessa og málskostnað að auki, áður 3 sólarhringar líða.

Gjörð þessa skal dómari bóka í dómabókina svo fljótt sem verður, um leið og stefnan er lögð fram.

14. grein.

Um sakarfyrning skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 67. grein í hinum alménnu hegningarlögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuhöll, 12. dag febrúarmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*

krónprinz.

(L. S.)

*Fr. Kreiger.*

## TILSKIPUN

handa Íslandi um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

Vér Kristján hinn níundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið:

### 1. gr.

Af alls konar víni og brennivíni eða þess háttar tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald, 8 sk., af hverjum potti, ef þeir eru fluttir á árum, tunnum, eða öðrum stórum ílátum, en séu þeir tappaðir á flöskur, krukkur, brúsa eða þess konar ílát, skal greiða 8 sk. af hverjum 3 pelum.

Gjald þetta rennur í landssjóðinn.

### 2. gr.

Þegar skip, sem á að kaupa leiðarbréf eða greiða lestagjald það, sem ákveðið er með lögum 15. apríl 1854, kemur á íslenska höfn með vörur, sem greiða á gjald af samkvæmt 1. gr., má ekki byrja að af ferma það, áður en búið er að greiða gjaldið. Eigi ekki að af ferma skipið á þeim stað, þar sem á að sýna lögreglustjóranum leiðarbréfið og hin önnur skipaskjöl, sem getið er um í tæðum lögum, skal samt greiða honum gjaldið af öllum þeim vörum í skipinu, sem eru af áður nefndri tegund, — þó að undanskildu því, sem haft er meðferðis handa skipverjum sjálfum, — áður en skipaskjölunum er skilað aftur. Um það, að gjaldið sé borgað, skal lögreglustjóri rita vottorð á skipaskjölin.

Til þess að ákveða gjaldið skal farið eptir vöruskrá þeirri eða tollskrá, sem skipið á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., og er þar að auki hver skipstjórnarmaður skyldur til að gefa skriflegt vottorð upp á sína æru og trú um það, að ekki séu í skipinu aðrar nè fleiri af hinum nefndu vörum, sem gjalda þarf af, en þær, sem eru ritaðar á vöruskrána eða hina dönsku tollskrá, og svo um það, hve mikið af því, sem aðflutt er, sé ætlað handa skipverjum sjálfum.

Sömuleiðis er hver sá, sem tekur við slíkum vörum, skyldur til, er lögreglustjóri krefst þess, upp á sína æru og trú að gefa allar þær skýrslur, sem lögreglustjóra þykir við þurfa, til þess hann

geti framkvæmt eptirlit það, sem hann á að hafa á því, að gjaldið verði greitt.

3. gr.

Sè í vöruskránni eða tollskránni skýrt ógreinilega frá vörum þeim, sem hér er um rætt, eða sæ ástæða til að efast um, að skýrslan sæ rætt, á lögreglustjóri að láta rannsaka farminn, og hafa gætur á, eins og með þarf, um afferming skipsins. Kostnaðinn við þetta skal skipstjórnarmaður og, ef við þarf, einnig eigandi farmsins borga, sæ hann við staddur, að öðrum kosti umboðsmaður hans, ef það reynist, að skýrslan hefur verið ónákvæm, en ella skal kostnaðurinn goldinn úr opinberum sjóði.

4. gr.

Verði vörur, sem gjalda skal af, fluttar á íslenska höfn á skipum, sem eigi þurfa að taka leiðarbréf, eða borga lestagjald það, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, skal skipstjórnarmaður eða afgreiðslumaður skipsins, ef víska er fyrir því, að sá maður sæ þar á staðnum, áður en vörur þær, sem tollur hvílir á, eru fluttar í land, senda hlutaðeigandi lögreglustjóra hleðsluskjöl þau eða tilvísunarbréf, sem snerta hinar greindu vörur, sem gjalda skal af, og gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að gjaldið verði borgað, áður en vörurnar eru fengnar þeim, sem við á að taka. Um það, hvernig reikna eigi út gjaldið, og um borgun á því, skal að öðru leyti farið eptir því, sem fyrir er mælt í 2.gr.

Sè húið að láta vörurnar af hendi, þegar svo stendur á, sem hér er sagt, án þess að sá, sem veitti þeim móttöku, á undan hafi fengið kvittun hlutaðeiganda fyrir því, að húið sæ að greiða gjaldið, skal hann innan 3 daga frá því, að hann hefur tekið við þess konar vörum, sem gjalda þarf af, gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra þetta til vitundar, og greiða það gjald, sem á vörunum hvílir, eptir því, sem fyrir er mælt að framan.

5. grein.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa annaðhvort sagt rangt til um, hværrar tegundar þær vörur eru, sem hann hefur tekið við eða sem honum voru ætlaðar, og gjald hvílir á, eða um það, hve mikið var af þeim, eða hann hefur látið hjá líða, að segja til um aðflutning þess konar vöru samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4. gr., skal hann, ef brot hans varðar ekki þyngri hegningu eptir lögunum, sæta sektum, sem sæu tvöfaldar við þá upphæð gjaldsins, sem hann með svofelldu móti hefur reynt til að draga undan,

og skal hann þar að auki greiða gjald það af vörunum, sem ákveðið er í 1. gr.

6. grein.

Sá skipstjórnarmaður, sem brýtur móti banni því, sem gjört er í 2.—4. gr. gegn afferming skipa, áður en búið er að greiða gjald það, sem hér er verið að ræða um, eða að öðru leyti verður brotlegur í því, sem honum er gjört að skyldu með tilliti til borgunar gjaldsins, skal, ef brot hans varðar ekki þyngri hegning eptir lögum, sæta sektum frá 10 til 100 rd., og verði hann sekur á ný, skulu sektirnar tvöfaldast.

7. grein.

Hinar aðfluttu vörur, sem gjalda á af, skulu vera að veði fyrir því, að bæði gjaldið og sektirnar verði borgaðar, og hefur eigandinn ekki rétt til þess að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjórinn hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrrsetja vörurnar, og, ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar gjöldum þeim og sektum, sem á eru fallnar.

8. grein.

Ef hlutadeigandi ekki krefst þess, að málinu sé vísað til dómstólanna, getur amtmaður ákveðið sektirnar. Sé málinu vísað til dómstólanna, skal fara með það sem opinbert lögreglumál.

Landshöfðingi hefur vald til, þegar ástæða finnst til þess í einstöku tilfellum, að lækka sektirnar.

9. grein.

Sektir þær, sem nefndar eru í 5. gr., skulu renna í hinn íslenska landssjóð, nema því að eins að einhver með frásögn sinni hafi komið því til leiðar, að hið drýgða afbrot kemst upp, og skal hann þá hafa helming þeirra. Sektirnar eptir 6. gr. renna allar í landssjóð.

10. grein.

Fyrir heimtingu á tollgjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í 1. gr., og á sektum þeim, sem á eru lagðar samkvæmt 5. og 6. gr., skal lögreglustjóri, sem í hlut á, gjöra reikning eptir þeim reglum, sem hlutadeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi eptir undirlagi þess ákveður nákvæmar.

Af upphæð alls gjaldsins fær innheimtumaður 2%.

11. grein.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiptamt-

maður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

12. grein.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. dag júlím. 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*  
krónprinz.

(L. S.)

*Fr. Krieger.*

#### TILSKIPUN

handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja, o. fl.

Vér Kristján hinn níundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Foreldrar heyrnar- og mállausra barna og aðrir, sem ber að annast um uppfóstur þeirra og kennslu, skulu vera skyldir til að sjá um, að öllum slíkum börnum, þá er þau eru orðin 10—14 ára, og ef þau eru hæf til náms, verði komið annaðhvort til kennslu þeirrar fyrir heyrnar- og málleysingja, sem stofnuð er á Íslandi og stiptsyfirvöldin hafa umsjón með, eins og með þarf, eða á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, nema því að eins þeir sanni, að séð verði um kennslu þessara barna á annan hátt, sem stiptsyfirvöldin álíta nægilega tryggan. Ef sérstaklegar kringumstæður mæla með því, skal stiptsyfirvöldunum heimilt, að gjöra undantekningu frá reglunni að framan um aldur heyrnar- og málleysingja, er þeim skuli komið til kennslu.

2. grein.

Kostnað við kennslu og útbúnað barnanna og ferð þeirra til kennslustofnunarinnar skal greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, er í hlut á, að því leyti sem barnið sjálf eða þeir, sem standa eiga straum af því, geta ekki borgað.



### 3. grein.

Þegar heyrnar- og málleysingjar hafa lokið náminu, og for-eldrar þeirra eða aðrir vandamenn eru dánir, eða eru ekki færir um að annast þá sem skyldi, skal prestur og hreppstjóra í þeirri sveit, sem þeir eiga heima í, vera skylt, að sjá um, að þeim verði komið fyrir á þá staði, þar sem þeir geti haft sem bezt not af því, er þeir hafa numið. Verði stofnaðar hreppsnefndir, skal þetta falið þeim á hendur í stað hreppstjórnanna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið á Amaliuhöll, 26. dag febrúarmán. 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*

krónprinz.

(L. S.)

---

C. Hall.

### TILSKIPUN

um póstmál á Íslandi.

Vær Kristján hinn níundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um póstmál, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

#### 1. grein.

Landshöfðinginn á Íslandi hefur á hendi stjórn hinna islenzku póstmála innanlands.

Í Reykjavík skal sett póstskrifstofa og skipaður póstmeistari, sem konungur útnefnir, með 700 rd. launum á ári. Það skal komið undir úrskurði konungs, hvort honum verði veitt launaviðbót eptir aldri.

Til skrifstofukostnaðar handa póstmeistararum og til kostnaðarins við póstafgreiðslu-störf á Íslandi og hirðing bréfa, hvort sem slík störf eru sameinuð einhverri annari sýslun eða einstakir menn hafa þau á hendi, skal verja því fè, sem til þessa er ætlað í hinni árlegu fjárhagsáætlun.

## 2. grein.

Til sendinga með póstum á Íslandi verður viðtaka veitt:

- a) *lausum bréfum*, og er hér til að telja:
1. hvað eina, er sent er í bréfsformi, og
  2. prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða sam-  
anbrotið að eins; og sömuleiðis ef sú sending er opið  
spjaldblað eða sýnishorn af varningi eða fyrirmynd við  
fatasnið;

skulu þær sendingar vera með utanáskript og eigi þyngri en 50 kvint, en hvorki má á þær skrifa verð þeirra, eða að þeim fylgi aðrir munir.

Þau skal álíta sem ábyrgðar-bréf, ef utan á þeim stendur: «mælt með», «á hendur falið» eða «NB», og eru búin frí-  
merkjum, svo nægir. Ef svo er, verður þeim eigi skilað mót-  
tökumanni í hendur, nema hann greiði kvittun fyrir.

Öll þau bréf, sem lagðir eru inn í peningar eða peninga-  
virði, sem eigi er tilgreind upphæð á, hvort heldur það eru  
gjaldgengir peningar, peninga-ígildi, skuldabréf eða aðrar skulda-  
játningar, er hverjum þeim eru nýtar, sem þær í höndum  
hefur, *skulu* vera ábyrgðarbréf;

- b) *peningabréfum*, og telst hér undir hvað eina í bréfsformi,  
að þyngd og svo á sig komið, sem fyrir er mælt í staflíð a,  
þegar verð hins innlagða er til greint og það er annaðhvort  
peningar eða fëmætir pappírar. Fulla upphæð þarf eigi að  
til greina, utan sá beiðist tölu á, er sendir, þá er hann af-  
hendir sendinguna ;
- c) *bögglum*, og teljast hér undir allir þeir munir, aðrir en greindir  
eru í staflíðunum a og b, er sendir verða með póstum, ef  
vísað er til viss manns, er við skal taka, og þeir eru í um-  
búðum eða um þá er svo lukt sem hlýðir.

Hverri böggulsending skal fylgja tilvísunarbréf með utaná-  
skript, og læst, ef menn vilja ; en til þess má eigi hafa ábyrgð-  
bréf eða peningabréf. Tilvísunarbréfið má eigi veða meir en  
3 kvint, en verður eigi talið þyngra fyrir því, þó lykill að send-  
ingunni fylgi.

Um það, hvort taka megi böggla til flutnings á vetrarpóstferð-  
um, skal ákveðið seinna meir.

## 3. grein.

Póststjórnin ákveður, hversu mikið af munum þeim, sem getið

er um í 2. gr., póstarnir geti tekið að sér til flutnings og ráðstöfunar, svo og hver skilyrði skuli gjörð eða hverjar reglur settar í slíkum greinum.

#### 4. grein.

Frá því, er senda má með póstum, eru þeir hlutir undan skildir, sem bannað er að breiða út, eða bera með sér eitthvað það, sem ólöglegt er, eða ósæmilegt eða öðrum mönnum til hneisu; enn fremur þeir hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru, t. a. m. eldfimur, sprenghættir, etandi eða þess konar hlutir, og þeir, sem illur daunn er af. Sé þagað yfir innihaldi þess háttar sendinga eða rangt til sagt, á póststjórnin bótaheimtu fyrir þann skaða, er af þeim verður.

#### 5. grein.

Póststjórnin skal sjá um, að póstarnir komist reglulega áfram annaðhvort með þeim áhöldum, sem hún sjálf á, eða með öðrum fararþeim, allt eptir því, sem henta þykir, og peningar að öðru leyti eru til þess í fjárhagsáætluninni.

#### 6. grein.

Sérhver skipstjórnarmaður er skyldur eptir áskorun póststjórnarinnar að taka á móti þeim hlutum til flutnings, er nefndir eru í 2. greinar staðið á, og flytja þá frá þeim stað, er skipið leggur út frá, og til þeirrar hafnar á Íslandi eða erlendis, er það á að fara til og nefnd er í leiðarbréfi skipsins.

Komi sú áskorun til skipstjórans við sérstakt tækifæri, eða ef hún er opinberlega birt fyrir þau skip yfir höfuð, er eiga leiðir á tiltekna staði, þá ber skipstjóranum að segja til þess í tækan tíma á pósthúsi þess staðar, og í seinasta lagi 24 stundum áður, hvaða dag og stund hann ætlar sér að halda í burt, og má hann þá ekki fyrri fara, nema að póstsendingarnar séu á skip komnar; skulu þeim þá fylgja tvær sendingaskrár samhljóða, og fær póststjórnarmaðurinn aðra þeirra aptur með kvittun skipstjórans, en hinni heldur hann eptir.

Á leiðinni er skipstjóri skyldur að geyma póstsendingarnar á þeim stað í skipinu, þar sem þeim er óhultast og bezt fer um þær, og annast um þær sér í lagi, þegar eitthvað ber að höndum.

Neyðist skipstjórinn til að leita hafnar á öðrum stað, en þeim, er leiðarbréf hans vísar til, skal hann segja til á pósthúsinu þar, að hann hafi póstsendingar meðferðis, eða ef þar er enginn póstembættismaður eða pósthjónn, láta þann embættismann vita það,

er hann annars kann að hitta, svo ráðið verði af, eptir kringumstæðum, hvort beint skuli fyrir sendingunum með öðru móti.

Þegar skipstjórinn kemur þangað, sem ferð hans var heitið, skilar hann tafarlaust af sér póstsendingunum á pósthúsinu, er hann er lagztur við akkeri.

Það, sem hér er sagt, varðar og þau skip, er til flutninga eru höfð frá höfn á Íslandi; en þó skulu þessi skip skyld að taka það til flutnings, sem nefnt er í annari grein, b. og c. Póststjórnin má og festa upp á þessum skipum, þar sem hentugast er og hægast til að ná, læsta kassa til að láta í bréf; um kassana og sendingarnar verður svo skipt á þeim stöðum, er skipin koma við á. Útgjörðarmaður eða skipstjóri þess skips, er senda á í flutningaferðir, er skyldur í tækan tíma, og í seinasta lagi samtíða hinni fyrstu auglýsingu sinni um ferðirnar, að segja póststjórninni til um leið skipsins, viðkomustaði, burtsiglingar- og tilkomu-tíð, og eins um sérhverja þá breytingu, sem á ferðum þessum verður gjörð síðar.

Sè eigi annað um samið, borgar póststjórnin fyrir flutning sendinga þeirra, sem hér ræðir um, fyrir allt það, sem flytja á á einni ferð, eptir vikt með umbúðum: milli hafna á Íslandi 16 sk. undir 10 pund, eða minna, og milli annara staða 16 skildinga undir 10 pund eða minna, fyrir hverjar 50 mílur af beinni vegalengd. Ókeypis skulu flutt aptur bréf, ef eigi ná að komast til skila, tómir póstsekkir, töskur eða annað því um líkt.

#### 7. grein.

Verði póstarnir eða fararskjótar þeirra fyrir slysum í ferðunum, eður ef þeir þurfa aðstoðar við annara orsaka vegna, til að halda áfram ferð sinni, skal hver sá, er nærri býr, eptir áskorun veita þeim tafarlaust þá hjálp, sem með þarf, mót sanngjarnri borgun, hvort heldur það er hestlán eða annar beini.

Sú borgun gelzt eptir samkomulagi milli póststjórnarinnar og þeirra, er aðstoðina veittu, en náist eigi samkomulag, kemur það mál undir úrskurð hlutaðeigandi lögreglustjóra.

#### 8. grein.

Burðareyrir er fyrir sérhverjar þær sendingar, sem getið er um í 2. grein:

a, undir laus bréf:

1. venjuleg bréf, þegar höfð eru frímerki,

ef þau vega allt að 3 kvintum . . . . . 4 sk.

— yfir 3 kv. að 25 kv. . . . . 8 —

ef þau veða yfir 25 kv. að 50 kv. . . . . 12 sk.  
Sè eigi höfð frímerki, verður burðareyrir tvöfaldur við það,  
sem hér er ákveðið;

2. undir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða aðrar sendingar, sem um mælir í 2. greinar staflíð a., 2., helmingur bréfburðareyris þess, sem getið var, ef frímerki eru við höfð, en þó eigi minna en 4 sk. undir hverja sendingu.

Sèu frímerki eigi við höfð við sendingar þessar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sè að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefur fyrir lagt, þá fer um borgunina eptir því, sem mælt er um almenn bréf, þegar frímerki eru ekki við höfð.

3. 8 sk. greiðast enn fremur fyrir að takast á hendur ábyrgð hverrar sendingar, sem mælt er um í 1. og 2.

b, undir peningabréf:

burðareyrir eptir vigt, eins og ákveðið er í a., 1., og að auki 4 sk. í ábyrgðargjald fyrir hvert 100 rd., eða minni upphæð þeirra peninga, er til eru greindir utan á bréfinu.

Sè þess krafizt, að peningar, sem sendir eru, sèu taldir á pósthúsinu, skal fyrir það greiða 4 sk. af 200 rd. og minni upphæð, og 1 sk. af hverjum 100 rd. eða minna af því, sem fram yfir er.

c, undir böggla:

16 sk. fyrir hvert pund, sem böggullinn vegur; telst þá partur úr pundi sem heilt sè. Sè verð til greint, greiðist enn fremur ábyrgðargjald það, sem fyrir er mælt í staflíð b. Sèu í bögglinum gjaldgengir peningar, peninga-ígildi, skuldabréf, þeim nýt, er í höndum hefur, eða aðrir þess konar pappírar, og sè beiðzt tölu á því fè, þá fer um þær sendingar sem um peningabréf. Undir tilvísunarbréf þarf eigi sèr í lagi að borga. Sè miði látinn fylgja bréfum, sem falin eru á hendur, pengabréfum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem undir almennt bréf.

Um móttöku þeirra sendinga, sem nefndar eru í a, 3 og í b og c, skulu póstembættismenn láta í tæ skriflega viðurkenningu borgunarlaust, þar á móti verður ekki krafizt viðurkenningar fyrir þær sendingar, sem nefndar eru í a 1. og 2.

3 sk. skal greiða fyrir hvað eina af því, er hér er nefnt: fyrir að leggja til lakk til innsiglið á sending, fyrir að setja á merki, sem þörf er á, fyrir umbúðir peningabréfs, fyrir utanaskript eða tilvísunarbréf, en þó má sú borgun samtals eigi fara fram yfir flutningseyri sendingarinnar.

Þegar þær sendingar, sem eigi hafa komið úr vörzlum pósthjúrnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, er þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 2 sk. fyrir hvert 100 rd., ef peningar eru sendir, og 4 sk. fyrir hvert pund í böggjum, og þó aldrei minna en 4 sk. Aðrar sendingar eru því aukagjaldi undanskildar.

Það, sem góldið er, eptir því sem til tekið er í þessari grein, fyrir að telja peninga, fyrir lakk til innsiglið á sendingu og fyrir að setja á merki, o. s. frv. (sbr. það, sem fyrir er mælt að framman), fellur til hlutaðeigandi pósthjúrna.

#### 9. grein.

Á pósthúsinu má panta dagblöð og tímarit, og setur pósthjúrnin þær reglur, er hér þarf við að hafa.

Taki pósthjúrnin að sèr flutning á ritum þessum, er burðarreyrir  $\frac{1}{4}$  sk. fyrir hvert númer, og skal reikna þetta eptir meðaltölu á því, sem ætlast má til að komi út á því tímabili, sem áskriptin er miðuð við; þó skal 4 sk. greiða að minnsta kosti fyrir sending á þeim númerum, sem út eru komin á einum ársfjórðungi.

Fyrir að panta blöðin og fyrir borgunarheimtur og reikningskil, sem því eru sameinuð, greiðast 8 af hundraði af verði blaðsins fyrir áskrifendur á þeim stað, þar sem það er gefið út.

#### 10. grein.

Borgunin, sem ákveðin er í 8. og 9. grein, greiðist fyrir fram fyrir:

bréf, sem falin eru á hendur;

móttökukvittanir;

sendingar til konungs og konungsættingja;

sendingar til stjórnarvalda og sveitarstjórna, að þeim undanskildum, er koma frá öðrum mönnum en þeim yfirvöldum, er nú voru nefnd, ef þær einungis hafa inni að halda skýrslur eða álit, sem krafizt hefur verið eða beðið um, og sá, er sendir, vottar það utan á bræfinu með eiginhandar-undirskript, að það sè þess efnis;

opin bréf, eða bréf með þeirri utánaskript, að móttökumaður getur af henni ráðið, hvers efnis þau eru;

blöð og tímarit, sem menn skrifa sig fyrir fyrir fjórðung árs í minnsta lagi frá venjulegum fjórðungaskiptum. Þó má pósthjórnnin í stöku tilfellum miða borgunina við skemmri tíma.

Burðareyri fyrir allar sendingar, sem eigi eru hér taldar, má sá, er sendir, greiða hvort sem hann kys heldur á þeim stað, er þær ganga frá, eða hinum, er þær eiga að fara til, eða skipta honum á báða staðina. Þegar burðareyrir er að eins greiddur að nokkrum hluta með frímerkjum, skal heimta burðareyri af sendingunni, eins og ef ekkert væri goldið, en frá borguninni skal dregið verð þeirra frímerkja, sem höfð voru.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eptir á ógoldna pósthpeninga fyrir sendingar, sem ekki eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafizt af pósthjórnninni.

#### 11. grein.

Burðareyrir greiðist með því að líma á bréfið, peningabréfið, eða (þegar böggjar eru sendir) á tilvísunarbréfið svo mörg frímerki, er samsvarar burðargjaldinu; frímerki lætur pósthjórnnin búa til, og fást þau til kaups á pósthsofunni, á öllum pósthafgreiðslustöðum og bréfhirðingarstöðum, þannig að fyrir hvert fullt hundrad af frímerkjum, sem keypt eru í einu, borgar kaupandi 4% minna, en þau hljóða upp á.

#### 12. grein.

Af tekið er að flytja nokkuð kauplaust. Það skal komið undir úrskurði konungs, hverja uppbót embættismenn og sýslunarmenn skuli fá fyrir þann kostnaðarauka, er af þessu leiðir fyrir þá.

Til þeirra pósthendinga, er á þennan hátt er veitt þóknun fyrir úr landssjóðnum, má hafa þjónustu-frímerki. Hinar nákvæmari reglur um, hvernig þessu verði við komið og um reikningsskil, skal hlutaðeigandi stjórnnarráð eða landshöfðingi eptir undirlagi þess setja.

#### 13. grein.

Glatist ábyrgðarbréf í vörzlum pósthstjórnnarinnar, skal greiða þeim, er sendi, 10 rd. í skaðabætur.

Týnist peninga- eða böggul-sending, eða ef það skemmist eða breytist um það, sem var í þeirri sendingu, meðan hún var í vörzlum pósthstjórnnarinnar, þá bætir pósthjórnnin þeim skaðann, er sendi,

þó ekki fram yfir það, er greint var um verðið, þá er sendingin var látin á póstinn, og eigi yfir 48 sk. fyrir hvert pund af vigt sendingarinnar í umbúðum, ef verðið var eigi til greint. Sè hluturinn týndur með öllu, skal og borga aptur þann burðareyri, er greiddur var.

Skaðabætur greiðast ekki:

- a. þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum;
- b. þegar böggullinn hefur verið skaddaður að utan á umbúðum eða innsigli, svo að því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemmt eða glatazt. Þó skal þann skaða bæta, er verður á peningum og pappírnum, er peningaverð hafa, sem eru afhentar í umbúðum, eða á öðrum peningasendingum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósködduð eða ekki, ef það fè var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.

Þær bætur, er póststjórnin á að gjalda eptir því, sem nú er sagt, ná að eins til verðs þess hlutar, er glatazt hefur, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábatamissi, eða afsakna, eða peningaverðfall, eða yfir höfuð neinar óbeinlínis afleiðingar skaðans.

Fyrir hina hlutina, sem nefndir eru í 2. grein, skal engar skaðabætur borga.

Skylda til skaðabóta fellur burt, ef póststjórninni eigi er skýrt frá kröfunni innan eins árs frá því, að hluturinn var látinn á póstinn.

#### 14. grein.

Brot gegn póstlögnum skal varða þeim hegningum, sem hér skal greina:

- a. Sá, sem afhendir pósti eða öðrum póstpjóni hluti, sem eptir því, sem sagt er, má senda með pósti, til að koma þeim á framfæri utanpósts, skal sæta sektum, er nema sexföldum burðareyri eptir taxtanum.
- b. Fyrir það að senda peninga eða aðra verðmæta muni, sem nefndir eru í 2. grein staflað a, tilsagnarlaust í lausum bréfum án ábyrgðar, skal liggja við sekt, sem sè fimmtungur af því, sem leynt er, þó eigi yfir 10 rd.
- c. Fyrir misferli af hálfu skipsútgjörðarmanna og skipstjóra gegn því, er þeim er gjört að skyldu í 6. grein, skal greiða 2—10



rd. sekt. Valdi brotið því, að pósthjórninni verði gjórt að skyldu, að greiða skaðabætur, skal hlutaðeigandi þar að auki endurgjalda pósthjórninni skaðabætur þær, sem hún á að láta af hendi.

- d. Sömu hegning skal sá sæta, er veitir eigi tafarlaust póstinum þá hjálp, sem um er rætt í 7. grein.
- e. Þeir embættismenn eða sýslunarmenn, sem hafa þjónustufrímerki til annara sendinga en þeirra, er leyft er, eða láta aðra menn fá þau til þess, sem þeim ekki er leyft, eða ef þeir með öðru móti verða þess olandi, að heimtað verði af landssjóðnum meiri uppbót fyrir afnám ókeypis-sendinga, en greiða skal samkvæmt 12. grein, skulu sæta 5—50 rd. sektum.

Framanefndar sektir ákveður pósthjórnin, og skal úrskurður hennar standa óraskaður, nema hlutaðeigandi innan 14 daga, frá því er honum var birtur úrskurðurinn, heimti, að málið gangi til dóms, og skal þá fara með það sem opinbert lögreglumál.

Pósthjórninni er heimilt, ef ástæða virðist til þess í stöku tilfelli, að færa niður ofanefndar sektir, eða gefa þær upp með öllu.

Sektir þær, sem nefndar eru í staflíðunum a og b, falla til þess, er með sögusögn sinni kemur því til leiðar, að hin drýgðu afbrot komist upp. Hinar sektirnar ásamt þeim burðareyri, sem undan er dreginn, falla í pósthjóð.

#### 15. grein.

Sá, sem sendir eitthvað með pósti, hefur ráð yfir því, þangað til því er skilað.

Sendingar þær, er eigi komast til skila, skulu opnaðar, og farið með þær, sem pósthjórnin ákveður nákvæmar, og skal selja munina pósthjóði í hag. Ef eigandinn segir til sín innan sex mánaða frá því er selt var, fær hann það, er fyrir hlutinn kom, að frá dregnum kostnaði og án leigna.

Að öðru leyti má enginn af þeim, sem hafa pósthjónustu á hendi, gefa nokkrum manni útfra neina vísbendingu um það, er annar maður sendir með pósti, og eigi heldur má neitt af því, sem fengið er póstinum til flutnings, með vitund pósthjónustumanna, opna né lesa af óviðkomandi mönnum.

#### 16. grein.

Hve nær sem greiða skal sekt, burðareyri eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörðum pósthjórnarinnar, er henni

heimilt, að halda honum aptur eða því, sem hann hefur inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum, eða því, sem hann hefur inni að halda.

Ef skera á úr því, hvort eitthvað er látið á póstin eða sent með löglegu móti, og úrskurður þess er kominn undir því, hvers eðlis eða innihalds hluturinn er, og hann er í vörzlum póststjórnarinnar, má hún heimta, að sendingin verði í viðurvist póstpjónustumanns opnuð, og rannsókuð af þeim, sem tekur við henni, eða, ef svo ber að, af þeim, sem sendir hana. Verði þessu eigi hlýtt, má póststjórnin ráða yfir hlutnum, eins og áður var getið.

17. grein.

Hlutaðeigandi stjórnarráð, eða landshöfðingi eptir undirlagi þess, sèr um tilhögun á póstgöngunum og setur allar þær reglugjörðir, sem útheimtað til þess, að koma þessari tilskipun í verk.

18. grein.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiptamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

19. grein.

Hlutaðeigandi stjórnarráð sèr um, að þessi tilskipun geti öðl-  
azt gildi í seinasta lagi 1. aprílm. 1873.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*

krónprinz.

(L. S.)

*Fr. Krieger.*

## AUGLÝSING

um póstmál á Íslandi.

*Póstmeistarinn* í Reykjavík hefur umsjón yfir öllum pósta-  
greiðslumönnum og bræfhirðingarmönnum undir yfirstjórn landshöfð-  
ingja (en fyrst um sinn hefur stiptamtmaður þetta vald á hendi,  
samanbr. tilsk. 26. febr. þ. á. um póstmál á Íslandi 18 gr.).

Í sameiningu með hlutaðeigandi amtmanni ber hann upp fyrir  
landshöfðingja uppástungur um, hverja skipa skuli pósta-  
greiðslu-

menn, og skal hann sjá um, að sýslunum þessum sé veitt forstaða um stundarsakir, er þær losna. Ef tæðir embættismenn geta ekki komið sér saman um, hvern setja skuli um stund, þegar pósta-fgreiðslu-þjónusta er laus, skal amtmaður ráða fyrst um sinn.

Eptir uppástungu hlutadeigandi pósta-fgreiðslumanns ræður hann bréfhirðingarmenn með samningum, og þannig að segja megi þeim upp með  $\frac{1}{2}$  árs fresti.

Ef þess þykir þurfa, og önnur störf hans leyfa, skal hann ferðast um landið til þess að sjá um, að póstaþjónustunnar sé gætt til hlítar, og til þess að kynna sér, hvernig hagar til á hverjum stað. Á þessum ferðum skal hann hafa í fæðispeninga 2 rd. um daginn, og skal ferðakostnaður endurgoldinn honum eptir reikningi, sem landshöfðingi samþykkir.

Í sameiningu með hlutadeigandi amtmanni, eða þeim amtmönnum, sem í hlut eiga, ef pósta-vegurinn liggur að fleiri ömtum, skal hann gjöra uppástungur um fyrirkomulag á aðal-pósta-ferðum og aukapósta-ferðum, um það að stofna á vegum þessum bréfhirðingarstaði og koma á nýjum pósta-ferðum o. s. frv.

Hann ræður og í sameining með hlutadeigandi amtmanni pósta í aðal-pósta-ferðirnar og aukapósta-ferðirnar. Ef þeim kemur ekki saman, skal fyrst um sinn álit amtmanns þess ráða, sem er yfir því amti, er pósta-urinn byrjar ferð sína frá.

Hann skal til bráðabyrgða skera úr öllum þeim málum um framkvæmd pósta-fgreiðslu-starfa, sem eigi verður frestað til þess að fá úrskurð landshöfðingja.

Hann semur reikninga um öll pósta-mál í landinu sjálfu, og sendir þá landshöfðingja, sem sér um, að þeir verði endurskoðaðir, og úrskurðar þá síðan. Reikningsárið nær frá 1. janúarm. til 31. desbrm., og skal senda reikninginn innan loka janúarm. ár hvert. Pósta-meistarinn er þar að auki skyldur til innan 8 daga eptir lok hvers ársfjórðungs að senda landshöfðingja ágrip af reikningnum fyrir það hálfu missiri, sem liðið er. Hann tekur við fê því, sem er í sjóði á pósta-fgreiðslu- og bréfhirðingarstöðunum, og færir það til í pósta-reikningnum.

Hann sér um, að pósta-fgreiðslu- og bréfhirðingarmenn hafi til sölu frímerki þau, sem með þarf.

Fyrir gjaldheimtum þeim, sem pósta-meistararnum er trúað fyrir, skal hann setja veð, sem með þarf, í þeim munum, er landshöfðingji álitur tryggjandi.

Póstmeistarinn er skyldur að hafa skrifstofu, og skal hún vera opin 8 stundir hvern dag í 10 daga næst á undan hinum almennu burtfarardögum póstanna frá Reykjavík, og í 4 daga næst á eftir að póstar eru komnir þangað; á öðrum tíma árs skal hún vera opin 2 stundir á degi hverjum, nema á sunnudögum og helgidögum.

Póstmeistarinn sendir landshöfðingja skýrslu um allt, sem fram fer og er mikilsvarðandi fyrir póstmálin; hann skal gjöra uppástungur um þær breytingar á fyrirkomulagi póstmála, sem hann álitur hagfelldar, til þess að efla og bæta þau; sömuleiðis sendir hann álit sitt um bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem kunna að koma frá póstafgreiðslumönnum.

#### 2. grein.

Á þeim stöðum, sem nú skulu taldir, skal setja póstafgreiðslumenn, og skal veita þeim árleg laun, eins og hér segir:

1. Stykkishólmi . . . . .	35 rd.
2. Akureyri . . . . .	35 —
3. Ísafirði . . . . .	25 —
4. Djúpavogi (Berufirði) . . . . .	25 —
5. Bæ í Barðastrandarsýslu . . . . .	20 —
6. Egilsstöðum . . . . .	20 —
7. Seyðisfirði . . . . .	15 —
8. Grenjaðarstað . . . . .	15 —
9. Miklabæ . . . . .	15 —
10. Sveinsstöðum . . . . .	15 —
11. Miklaholti . . . . .	15 —
12. Hjarðarholti í Mýrasýslu . . . . .	15 —
13. Velli í Rangárvallasýslu . . . . .	15 —
14. Kirkjubæjarklaustri . . . . .	15 —
15. Vestmannaeyjum . . . . .	15 —

Enn fremur skal stofna til bráðbyrgða 54 bréfhirðingarstaði, og skulu laun þéfhirðingarmanna vera 5—10 rd. á ári.

#### 3. grein.

Landshöfðingi skipar *póstafgreiðslumenn* eptir uppástungu hlutaðeigandi amtmanns og póstmeistara í sameining. Þeir skulu ekki setja veð til tryggingar gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir, en aptur á móti skulu þeir gjöra reikningskil og senda póstmeistaranum í Reykjavík það, sem kann að vera í sjóði við afgreiðslu hvers pósts.

Auk þess að sjá um póstafréiðsluna þar á staðnum, skal póstafréiðslumaður hafa gætur á, að bréfhirðingarmenn í hans umdæmi leysi af hendi störf sín, eins og fyrir er skipað. Hann skal bera upp fyrir póstmeistarann uppástungur um, hverja taka skuli til bréfhirðingarmanna, þegar þær sýslanir eru lausar, og hefur heimild til að veita bréfhirðingarmanni ferðaleyfi um stuttan tíma, í mesta lagi í 14 daga, þó svo, að sèð verði um, að störfum þess, sem í hlut á, sè gengt, svo allt sè í reglu, á meðan hann er fjærverandi.

Póstafréiðslumaðurinn hefur að eins viðskipti við yfirstjórnina fyrir milligöngu póstmeistarans; fyrir því skal hann senda póstmeistara öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem frá honum eiga að fara til landshöfðingjans um póstmál. Fyrir póstmeistara skal hann bera upp uppástungur um þær breytingar á póstmálum, sem honum virðast hagfelldar til þess að efla og bæta þau, og sömuleiðis skal hann skýra honum frá því, þegar póstar eða bréfhirðingarmenn gjöra sig seka í skeytingarleysi og óreglu, sem gæti orðið til skaða fyrir póststörfun.

Póstafréiðslumaðurinn er að því leyti, sem snertir störf hans yfir höfuð, undirgefnir póstmeistarann, og sèr í lagi í öllum þeim málum, sem hann ekki hefur neina skýra fyrirsögn um eða leiðarvisi í erindisbréfi því, sem yfirstjórnin hefur fengið honum, og skal hann móttþróaust hlýða boði póstmeistarans í þessu tilliti. Ef honum finnst það vera miður hagfellt, getur hann að vísu mótmælt því, en samt skal hann fyrst um sinn framkvæma það, sem honum hefur verið skipað, og ef honum þykir á sig hallað með ákvörðun þeirri, sem póstmeistarinn síðan gjörir, eða áliti hann, að það verði póststörfunum til boga, má hann bera málið undir úrskurð landshöfðingja, en senda skal hann það áleiðis til póstmeistarans.

Svo ópt, sem þess verður krafizt, skal hann leggja fram bækur sínar o. s. frv. til sýnis póstmeistarann.

Til þess að ferðast innanlands skal hann sækja um leyfi hjá póstmeistarann, en hjá landshöfðingja til þess, að ferðast erlendis; þegar á liggur, getur hann samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann þá póstmeistara skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, sjálfur að sjá um, að áreiðanlegur maður annist póststörfun á hans ábyrgð, meðan hann er í fjærvist.

#### 4. grein.

Póstmeistarinn ræður *bréfhirðingarmenn*, eptir uppástungu hlutaðeigandi póstafréiðslumanns með samningum, er hann gjörir við þá; þeim skal mega segja upp með hálfis árs fresti.

Bréfhirðingarmaðurinn er skyldur til í hvert skipti, er hann afgreiðir póst til þess póstafréiðslumanns, sem hann er undirgefinn, að gjöra reikningsskil fyrir póstafréiðslum þeim, sem hann hefur tekið við, og senda það, sem kann að vera í sjóði. Hann skal rita á stundarseðilinn, hve nær pósturinn kom og nær hann fer af stað, og sjá um, að pósturinn bíði ekki lengur en þörf er á. Að öðru leyti skal hann taka við, láta af hendi og ef til vill senda af stað póstafréiðslu samkvæmt leiðarvísi þeim, sem honum er fenginn.

Hann hefur að eins viðskipti við póstmeistarann í Reykjavík fyrir milligöngu póstafréiðslumanns þess, er hann er undirgefinn; fyrir því sendir hann honum bænaraskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem eiga að fara til póstmeistarans.

Til þess að ferðast burtu stuttan tíma, í mesta lagi 14 daga, skal hann sækja um leyfi hjá hlutaðeigandi póstafréiðslumanni, en hjá póstmeistarann um ferðaleyfi fyrir lengri tíma. Þegar á liggur, getur hann samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann póstafréiðslumanni skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, að sjá um, að áreiðanlegur maður á hans ábyrgð annist póstafréiðslu þau, er kunna að koma fyrir, á meðan hann er fjærverandi.

#### 5. grein.

Póstmeistari og hlutaðeigandi amtaður í sameiningu (1. gr.) ráða *pósta* þá, sem með þarf til þess að póstaflutningar komist áfram, með samningum, sem gjörðir verða, og skal í þeim ákveða um fargögn, burtfarartíma, leið þá, er fara skal, hvíldartíma og hvíldarstaði, hvar skipta skuli um pósta, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni, borgunarskilyrðin, og fyrir hve langan tíma samningurinn skuli gilda (en það skal að minnsta kosti vera fyrir 1 ár).

Enn fremur skal í samningnum póstinum harðlega bannað, að taka nokkuð til flutnings utanpósts eða utantösku; skulu sektir, sem nákvæmar skal til taka, liggja við, ef brotið er út af, og skulu þær vera nokkur hluti af því kaupi, sem samið er um fyrir ferðina, og sé aptur brugðið út af því, skal póstinum víkja frá þegar í stað.

Fari póstur ekki af stað á tilteknum tíma, sèu fargögn eigi í því standi, sem ákveðið er, hafi hann án gildrar ástæðu farið aðra leið, en ákveðin var, hafi hann án nægrar orsakar tafizt á leiðinni eða dvalið of lengi á einhverjum stað, eða ef hann yfir höfuð hefur brugðið út af nokkru því, sem um samið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmar er ákveðin í samningnum. Ef aptur á móti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður ekki gefið að sök, hefur ollið því, að hann hafi orðið að bregða út af þeim skilmálum, sem hann hefur gengizt undir í samningnum, verður hann, til þess að firra sig vítum, að sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkar orsakir hafi átt sér stað, og skal senda næsta póstafræiðslumanni þetta vottorð.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og vigtar-seðil, og skal ritað á hann á hverjum póstafræiðslu- og bræfhirðingarstað, sem pósturinn kemur við á.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í samningnum, leggur póstmeistarinn á póstinn; samt má pósturinn skjóta málinu til úrskurðar landshöfðingja.

Til þess að láta í bréf, sem menn kunna að vilja koma á póstinn, þegar hann er á leiðinni, skal hann hafa meðferðis tösku með pósteinkenni, og skal opna töskuna á hverjum póstafræiðslu- og bræfhirðingarstað, sem hann kemur við á. Tèð pósteinkenni skal pósturinn hafa til að sýna, hver hann sè.

#### 6. grein.

Sendingar skal flytja:

- a, í kössum, sem til þess eru lagaðir, milli póstafræiðslustaðanna innbyrðis og milli þeirra og póststofunnar í Reykjavík; á kössunum skulu vera lok, og hafa afgreiðslumennirnir einir lyklna að þeim;
- b, í töskum milli bræfhirðingarstaðanna og hinna tveggja næstu póstafræiðslustaða (eða póststofunnar í Reykjavík); á töskunum skal vera læsing, og skulu póstarnir einir og hlutaðeigandi póstafræiðslumenn hafa lyklna að þeim.

Auk þess skal pósturinn hafa meðferðis tösku undir laus bréf, sem hann tekur við á leiðinni milli pósthúsanna; skal taka þau upp úr töskunum á þeim pósthúsum, er hann kemur fyrst á, og skal farið með þau, eins og fyrir er mælt.

Til þess að sendingar komist með fyrsta pósti, skal þeim vera skilað í síðasta lagi 2 stundum áður en pósturinn leggur af stað

frá póststofunni, 1 stundu áður en hann fer frá póstafréiðslu-  
staðnum og  $\frac{1}{2}$  stundu áður en lagt er af stað frá bréfhirðingar-  
staðnum.

7. grein.

Stofna skal 3 aðalpóstgöngur:

- I. Milli Reykjavíkur og Ísafjarðar yfir Stykkishólm;
- II. milli Reykjavíkur og Djúpavogs (Berufjarðar) yfir Akureyri;
- III. milli Reykjavíkur og Djúpavogs (Berufjarðar) yfir Kirkjubæjar-  
klaustur.

Póstur sá, sem nefndur er I. (vestanpósturinn), skal leggja  
leið sína yfir:

Mosfell (í Kjósarsýslu),  
Saurbæ (á Hvalfjarðarströnd, í Borgarfjarðarsýslu),  
Hjarðarholt (í Stafholtstungum) } (í Mýrasýslu).  
Staðarhraun

Miklaholt (í Hnappadalssýslu),

til

Stykkishólms;

og svo yfir

Breiðabólstað á Skógarströnd (í Snæfellsnessýslu),

Kvennabrekku } (í Dalasýslu),  
Hjarðarholt

Bæ í Reykhólasveit (í Barðastrandarsýslu),

Vatnsfjörð í Ísafjarðarsýslu,

til

Ísafjarðar.

Aðalpóstur sá, sem nefndur er II. (norðan- og austanpóstur-  
inn), skal leggja leið sína yfir:

Mosfell,

Saurbæ,

Hjarðarholt } (í Mýrasýslu).  
Hvamm

Mela í Strandasýslu.



Þóroddstaði  
Staðarbakka  
Lækjamót  
Sveinsstaði  
Reyki  
Bólstaðarhlíð  
Viðimýri  
Miklabæ  
Steinsstaði  
Friðriksgáfu

(í Húnavatnssýslu).

(í Skagafjarðarsýslu).

(í Eyjafjarðarsýslu).

til

Akureyrar,

og svo þaðan yfir

Háls

Ljósavatn

Grenjaðarstað

Reykjahlíð

Grimsstaði

(í Þingeyjarsýslu).

Egilsstaði í Norður-Múlasýslu

til

Eskifjarðar,

Heydala,

Djúpavogs.

Aðalpóstur sá, sem nefndur er III. (sunnanpósturinn), skal leggja leið sína yfir:

Hraungerði (í Árnessýslu),

Völl

Skóga

(í Rangárvallasýslu).

Fell í Dyrhólahrepp

Mýrar

(í Vestur-Skaptafellssýslu),

til

Kirkjubæjar-klausturs,

og svo þaðan yfir

Sandfell  
 Kálfafellsstað  
 Bjarnanes  
 Stafafell  
 til  
 Djúpavogs.

} (í Austur-Skaptafellssýslu)

8. grein.

Til bráðabyrgða skal stofna aukapóstgöngur þær, sem hér skal telja:

- a. Gullbringusýslu-póstinn milli Reykjavíkur og Keflavíkur yfir Hafnarfjörð og Kálfatjörn;
- b. Barðastrandarsýslu-póstinn milli Bæjar í Reykhólasveit og Bíldudals yfir Brjámslæk;
- c. Strandasýslu-póstinn milli Bæjar og Staðar í Steingrímsfirði;
- d. Snæfellsnessýslu-póstinn milli Miklaholts og Búða yfir Staðastað;
- e. Ísafjarðarsýslu-póstinn milli Ísafjarðar og Þingeyrar við Dýrafjörð yfir Holt í Önundarfirði;
- f. Skagastrandar-póstinn milli Sveinsstaða og Hólaness yfir Hjaltabakka og Höskuldsstaði;
- g. Höfðastrandar-póstinn milli Miklabæjar og Hofsóss yfir Hjaltastað og Viðvík;
- h. Þingeyjarsýslu-póstinn frá Grenjaðarstað til Sauðaness yfir Húsavík, Skinnastaði og Prestshóla;
- i. Norður-Múlasýslu-póstinn frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar-verzlunarstaðar yfir Fossvöll;
- k. Suður-Múlasýslu-póstinn frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar;
- l. Vestmannaeyja-póstinn frá Velli til Kross í Ragárvallasýslu.

Á öllum póststöðum, sem nefndir eru í 7. grein og í þessari grein, skal stofna þéfhirðingarstaði, nema því að eins að þeir séu póstaðgreiðslustaðir samkvæmt 2. grein.

9. grein.

Á sérhverjum þéfhirðingarstað, póstaðgreiðslustað og á póststofunni í Reykjavík skal vera eitt exemplar af tilskipuninni um póstmál og af þessari auglýsingu, sem hver og einn má nota; auglýsingin skal og fást til kaups fyrir 8 sk. á sérhverjum póstaðgreiðslustað og á póststofunni.

Breytingar á og viðbæti við auglýsinguna skal birta á þann hátt, sem hagfelldastur er við slíkar ákvarðanir, einkum í fréttablöð-

um og með því að leggja það fram á öllum pósthúsum; og eins er um það, þegar stofnaðir verða eða lagðir niður reglulegir póstar, eða mikilsvægar breytingar gjörðar á þeim. Þær ákvarðanir um notkun pósta, sem póststjórnin lætur á pósthúsin, skulu samt hafa fullt gildi, þótt eigi séu þær enn birtar, ef þær verða sýndar þeim, er krefjast þess.

Það er skylda pósthjóna, þegar þess er krafist, að svo miklu leyti sem unnt er að segja mönnum til eða leiðbeina mönnum um notkun póstanna, ef því verður við komið, án þess að raska eða seinka um of fyrir hinum öðrum póststörfum.

Þegar tilgreindur er burtfarartími pósta, þá er það svo að skilja, að sá tími sé ákveðinn, er þeir fara af stað í *fyrsta lagi*, þar sem póststjórnin áskilur sér, að láta póstinn fara seinna, til þess að bíða eftir öðrum póstum, eins og líka má við því búast, að náttúruviðburðir eða því um líkt geti seinkað fyrir honum. Á þeim pósthúsum, sem eru á leiðinni, fer burtfarartíminn eftir því, hve nær póstarnir koma þangað, með því dvöl þeirra þar verður að vera svo skammvinn sem unnt er.

Póstafgreiðslumenn og bréfhirðingarmenn eru ekki skyldir til að hafa ákveðinn skrifstofutíma, en þeir skulu sýna almenningi greiðvikni svo sem unnt er, bæði með því að taka við póstsendingum, sem þeim eru fengnar til flutnings með póstum, og með því að afhenda hlutaðeigendum þær sendingar, sem komnar eru með póstinum.

#### 10. grein.

Póststjórnin tekst að eins á hendur, að koma póstsendingum á framfæri til þeirra pósthúsa, er vísað er til, og afhenda þær þar þeim, sem við eiga að taka, en þeir skulu sjálfir sjá um, að sendingarnar verði sóttar. Að svo miklu leyti því verður við komið án kostnaðar fyrir póststjórnina, skulu pósthjónar samt sem áður segja þeim, sem við sendingunum eiga að taka, til um það, að póstsendingar séu komnar til þeirra; sömuleiðis skulu þeir, ef þeir, sem við slíkum sendingum eiga að taka, hafa beðið þá um, að sjá um, að sér verði skilað sendingunum upp á eigin kostnað, gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu skyni.

#### 11. grein.

Samkvæmt þeim reglum, sem síðar skal getið, tekur póststjórnin við bréfum, peningabréfum og höggjum, sem sendir verða milli allra póstaafgreiðslustaða og bréfhirðingarstaða í landinu og til

póststofunnar í Reykjavík og frá henni, flytur það og kemur því til skila.

Enn fremur tekur póststjórnin að sér að ráðstafa innansveitar sendingum, en það eru sendingar, sem látnar eru á pósthús, til þess að þeim verði skilað þar móttökumönnum, sem eiga heima í sjálfu umdæmi þess pósthúss, og sem sækja þangað. Undir slíkar innansveitar sendingar skal gjalda helming burðareyris þess og gjalda þeirra, sem fyrir er mælt um almennar sendingar í tilskipuninni um póstmál, en að öðru leyti skal farið með þær allt að einu og hinar.

#### 12. grein.

Með þeim hlutum, sem með öllu eru undanskildir frá því, sem senda má með póstum (tilsk. um póstmál, 4. gr.), skal einkum telja púður, efni til flugelda, hvellsilfur, skotbaðmull, fosfór, alls konar brennisteinsspítur, skilvatn, brennisteinssýru, saltsýru og aðrar etandi sýrur, jarðlýsi, sprengiolíu, og hlaðin skotvopn.

Komi upp grunur um, að í sendingu seú hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru, mega póstþjónar neita að taka við sendingunni, eða kyrrsetja hana, og geta krafizt þess, ef sendingin á að verða flutt, að sá, sem sendir, með því að skýra skriflega frá, hvað í sendingunni er, sanni, að engin hætta sè af því búin.

Verði teknar til flutnings með póstum sendingar, sem hætta er búin af, af því að þagað hefur verið yfir innihaldinu, eða rangt sagt til þess, og af þessu hlýzt tjón nokkurt, skal sá, sem sendi, ekki að eins endurgjalda póststjórninni það fè, sem hún ef til vill á að greiða í bætur fyrir skaða, sem aðrar póstsendingar hafa orðið fyrir við slík tækifæri, heldur skal hann einnig bæta þann skaða, sem með þessu móti hefur orðið á herbergjum, áhöldum, flutningsgögnum o. s. frv.

Ef póststjórnin hefur tekið við ofan nefndum hlutum, sem hætta er búin af, eða öðrum hlutum, sem með öllu eru undanskildir frá því, er senda má með póstum (það eru hlutir, sem bera með sér eitthvað það, sem ólögmætt er, eða ósæmilegt eða öðrum mönnum til hneisu, eða sem illur daunn er af) má hún heimta, að sá, sem sendi, sækji þá aptur svo fljótt sem verður, ef ekki nauðsyn ber til, að eyða þeim þegar í stað. Verði ekki sá, sem sendi, fundinn, eða leiði hann hjá sér að verða við áskorun póststjórnarinnar um að sækja hlutina, skal annaðhvort eyða þeim eða selja þá, eptir því sem hlutaðeigandi póstþjónn ákveður. Sá,

sem sendir, skal ávallt, þegar þannig er ástátt, vera skyldur til að greiða fullan burðareyri undir sendinguna eptir taxtanum, að því leyti hann ekki verður goldinn af andvirði því, sem fæst fyrir hlutinn, er hann var seldur.


### 13. grein.

Hvort póstsending skal telja með «lausum bréfum», «peningabréfum» eða «böggulsendingum», er komið hinu ytra ásigkomlagi hennar, eða því, sem beinlínis er sagt til um ásigkomlag hennar, en sá, sem sendir, getur ekki heimitað, að sending, sem eptir eðli sínu er bréfsending, verði tekin til flutnings sem böggull, eða böggull fluttur sem bréf.

1. Hlutir, sem menn vilja að séu taldir með «lausum bréfum», skulu vera flatir í lögum; þeir mega ekki vera þykkri en einn þumli, og eigi stærri en almennt heilarkarbrott af skrifpappír. Í tilliti til lögunar og þykktar má leyfa að undantekning sé gjörð um slíkar sendingar, sem nefndar eru í tilsk. um póstmál 8. gr. a. 2.

Á sérhvert bréf, sem menn vilja að farið sé með sem ábyrgðarbréf, skal greinilega rita framan á það (á utanáskriptarhlíðina) «mælt með», «á hendur falið» eða N.B.

2. Til þess að sending verði tekin til flutnings sem «peningabréf», má hún ekki vera stærri um sig en venjulegt bréf. Þar að auki skal búa svo um hvert peningabréf, láta utan um það og lakka, eins og hér skal sagt:
  - a. Áður en umslagið er látið utan um peningana eða hina fémætu pappíra, skulu þeir vera sveiptir inn í grápappír eða einhverja aðra umbúð, sem sé eins sterk, og skal þessu vera komið svo fyrir, að það haldi fast að öllu innihaldinu á allar hliðar.
  - b. Umslagið skal vera úr grápappír eða öðru jafnsterku efni. Áður en búið er að brjóta það saman, skal það vera í lögum eins og uppdrátturinn A, og saman brotið og lakkað eins og uppdrátturinn B; skal umslagið vera svo stórt, að það haldi fast að á allar hliðar.



- c, Á sérhvert peningabréf, sem einhver skilar til flutnings, áu þess að telja eigi peningana, skal sá, sem sendir, setja 5 innsigli úr lakki, og skal þeim vera komið svo fyrir, sem sýnt er á uppdrættinum B. Ef peningarnir verða taldir, er bréfinu, sem þeir eru í, er skilað til flutnings, skal láta á það 3 innsigli einhvers einstaks manns og 2 póstinnsigli.

Af mótuðum peningum má ekki í nokkru peningabréfi vera meira en 4 rd. í dölum eða spesíum, 80 sk. í mörkum, 12 sk. í ferskildingum, 3 sk. í einskildingum, 1 hálf-skildingur, og í gullpeningum ekki meir en 25rd.

Sendingar, sem að eins er ritað á, að í þeim séu pappírar, sem hljóða upp á einhverja tiltekna upphæð, en þó ekki sett neitt reglulegt peningaverð á þær, verða ekki skoðaðar sem peningabréf.

3. Um böggulsendingar (en með þeim verða einnig taldar peningasendingar og fémætar sendingar, sem eigi verða skoðaðar sem peningabréf) gilda þær reglur, sem nú skal greina :
- a. Til þess að heimtað verði, að pósthjórnin taki að sér til flutnings böggulsendingu, má hún ekki vera lengri en 18 þuml., og á hæð og breidd ekki fram yfir 9 þuml., og eigi þyngri en 5 pund.

Það, sem ákveðið er um vigtina, nær samt eigi til sendinga, er mótaðir peningar eru í, og skal taka við þeim til flutnings, ef þær vega ekki meira en 16 pund. Þegar póstar vegna árstímans eru gangandi, tekur pósthjórnin að eins til flutnings böggla, sem ekki vega fram yfir 2 pund, eða, ef það eru mótaðir peningar, 5 pund; þar að auki verður stærð og form sendinganna að vera þannig,

að þær verði fluttar í pósthúsinu. Þetta gildir einnig um böggulsendingar, sem látnar eru til flutnings á bréfhirðingarstaðina. Hvort leyft verði í stöku tilfellum að fara fram yfir hina tilteknu vigt eða stærð, skal sá pósthjónn ákveða, sem við sendingunni tekur.

Þar sem senda skal skilmálalaust allar bréfsendingar með þeim pósti, sem fyrst fer af stað, eptir að sendingunum er skilað til flutnings, skal fyrst um sinn flutningur böggulsendinga með þeim pósti vera undir því kominn, að þeim verði komið fyrir. Þær böggulsendingar, sem þannig eigi komast með þeim pósti, sem fyrst fer af stað, eptir að þeim var skilað, skal flytja með næsta pósti, nema því að eins að sá, sem sendir — en honum skal tafarlaust sagt frá, að sendingin hafi ekki getað komizt með —, æski, að sèr verði fengin sendingin aptur, og skal þá borga honum aptur þann burðareyri, er hann hefur goldið. Þegar úr því skal skera, hverjar böggulsendingar skuli í þessum tilfellum flytja með fyrsta pósti, og á hverjum nauðsyn beri til að fresta flutningi til næsta pósts, skal það vera komið undir því, hve nær sendingunum var skilað, þannig að þær sendingar verði fyrst afgreiddar, sem fyrst var skilað.

- b. Þegar hlutir eru í umslagi eða þess konar umbúðum, og verðupphæð þeirra er tiltekin, en það ekki eru peningar eða fémætir pappírar, og þeir því verða taldir með böggulum, skal vera svo um þá húið og lakkað fyrir, að eigi verði komizt að innihaldinu, án þess innsiglið eða umslagið skaddist.
- c. Þegar sendir eru bréfpengar eða fémætir pappírar sem bögglar, skal fyrst sveipa um þá sterkum papír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið. Síðan skal láta um það umbúðarpappír eða aðrar jafnstærkar umbúðir og reyra böggulinn sterku snæri eða bandi, sem ekki er hnýtt saman, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum á þeirri hlið, sem upp snýr, og þeirri, sem snýr niður. Á þeirri hliðinni, sem niður snýr, skal hafa endana svo langa, að sett verði á þá innsigli. Þegar upphæðin er talin á pósthúsinu, skal auk 2 innsigla þess, sem sendir, setja 2 póstinnsigli á böggulinn.

- d. Þegar sendir eru mótaðir peningar, skal búa um þá í reglulegum strönglum, bögglum eða pokum, eptir því sem nú skal sagt:

Í hverjum böggli eða ströngli má ekki vera meir af mótuðum peningum, en að það vegi 16 pund. Fyrst skal hlaða peningunum fast saman, sveipa um þá á alla vegu sterkum pappír og reyra svo um. Umbúðirnar um böggla-ana eða strönglana að utan skulu vera úr leðri, skinni eða sterku lèrepti, sem að minnsta kosti er vaðið tvisvar um, eða vaxdúki; skal brotið saman við endana, og alstaðar saumað fyrir. Auk þess skal böggullinn eða ströngullinn vera reyrður snæri, sem ekki er hnýtt saman, og skal því að minnsta kosti á tveim stöðum vera brugðið í kross; skal festa endana á snærinu með innsigli þess, sem sendir, við böggulinn, þar sem brotnir eru saman endarnir á umbúðunum. Ef pósthjórnin telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki láta 2 pósthjórnin á böggulinn.

Í hverjum poka má ekki vera meir af mótuðum peningum, en sem vegur 16 pund. Peningapokarnir skulu vera úr leðri, skinni eða tvöföldu lèrepti, eða hafðir 2 pokar, hver utan um annan á þann hátt, að fellingarnar á þeim liggi eigi saman. Sérhver felling á peningapokum skal snúa inn á við; skal vera fast bundið fyrir pokana rétt fyrir ofan það, sem í þeim er, með sterku snæri, sem ekki er hnýtt saman, og skal festa endana rétt hjá hnútnum við pokann sjálfan með innsigli þess, sem sendir. Ef pósthjórnin telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki setja 1 pósthjórnin á pokann.

- e. Um allar böggulsendingar, sem ekki er sérstaklega getið hér að framan, skal það vera *almenn regla*, að vel og vandlega sé um þær búið, og skulu umbúðirnar vera svo gjörðar, að þær svari til innihaldsins, vigtarinnar, stærðarinnar, árstímans og vegalengdarinnar, og skal vera tilhlýðilega lokað fyrir þær, svo ekki sé hætt við, að þær verði opnaðar á leiðinni af öðrum út í frá. Nema því að eins að sendingarnar séu mjög léttrar, skal vera bundið um þær fast og rammlega. Til umbúða má auk trè- eða þjaturkassa, lèrepts, skinns, vaxdúks, bastsmotta, og því um líks,



hafa pappír, öskjur úr spjaldapappír eða spænum, vandlaupa, strá o. s. frv., en þó því að eins, að þessar umbúðir eigi við eptir eðli þess hlutar, sem sendur er.

Vörur, sem geta runnið eða væta komið úr, verða að eins teknar til flutnings, þegar þær eru í kössum úr trè, þjátri eða því um líku efni; verði það flutt í öðrum umbúðum, af því að pósthjórninni var ekki kunnugt um eðli innihaldsins eða umbúðanna, skal sá, sem sendi, bæta allan skaða, sem af því verður, samkvæmt reglunum í 12. grein. Líkar umbúðir og ákveðnar eru undir þær vörur, sem runnið geta, skal og hafa undir smjör og önnur feitmeti, og undir gler og þess háttar brothætta hluti, ef á líta skal, að umbúðirnar séu hagfelldar.

- f. Á sérhverri böggulsendingu skal vera tilhlýðilegt *merki*, svo sem nafn, tákn eða númer, og að auki heiti pósthöfnunar eða póstafréttastofnunarins, þangað sem sendingin á að fara. *Samt er það ráðlegast til frækari tryggingar, að rita fulla utanáskript á sendinguna.* Á böggulsendingar, sem peningar eða fêmetir pappírar eru í, og sagt til þeirra, skal einnig rituð hin tilgreinda verðupphæð. Merkið skal vera svo gjört, að það haldi vel, og ritað með bleki, sortu, eða því um líku (en ekki með kritt, blýanti o. s. frv.); það skal standa á sterkum spjaldapappír, trèspýtum eða þess konar, sem bundnar eru við böggulinn, eða vera ritað á hlutinn sjálfan eða á umbúðirnar. *Pappírsmarki* verða að eins tekin gild, þegar þau eru fest á með lími eða klístri, og eru vel held. Eldri merki mega ekki vera á sendingunum.
- g. Til *innsigla* þeirra, sem sá, er sendir, á að hafa við samkvæmt því, sem heinlínis er fyrir mælt að framan, skal hafa sterkt lakk og reglulegt signet (en ekki t. d. oblátuþrýstara, skilding eða því um líkt).
- h. Þegar sagt er til *verðupphæðar* á því, sem sent er, skal hún tiltekin í þeim peningum, sem gjaldgengir eru í landinu.
- i. Á *tilvísunarbréf* það, sem fylgja á hverri sending, skal auk utanáskriptar rita, hvað fylgi (böggull, kassi o. s. frv.), merki á sendingunni og verð hennar, ef til þess er sagt. Fleiri böggulsendingar má taka upp á sama tilvísunarbréf,

en upplæð verðs skal tilgreind fyrir hverja sendingu út af fyrir sig.

4. *Utánaskriptin* (kveðjan) á bréfsendingum, peningabréfum og tilvísunarbréfum, skal vera svo greinileg, skýlaus og nákvæm, að pósthjónar geti ekki verið í vafa um, til hvers pósthúss sendingin eigi að fara, til hvers hún sè, og hverjum eigi að skila henni.

Æski sá, sem sendir ábyrgðarbréf, peningabréf eða böggulsending, fyrir tilstilli pósthjónarinnar að fá kvittun viðtakanda fyrir sendingunni, skal greinilega ritað framan á bréfið, peningabréfið eða tilvísunarbréfið: «æskt er kvittunar fyrir móttökuna». Hlutaðeigandi pósthjónn býr þá til kvittun og sendir hana með borgunarlaust, en fyrir að senda aptur kvittunina undirskrifaða, borgar sá, sem sendir, burðareyri fyrirfram eins og undir almennt bréf jafnstórt (tilskip. um póstmál, 8. gr.).

#### 14. grein.

Um það, hvernig verja skuli ákvörðunum þeim, sem settar eru í 10. gr. í tilsk. um póstmál viðvikjandi því, undir hverjar pósthjónar greiða skuli fyrirfram borgunina, er í landsjóð rennur, skal farið eptir reglum þeim, er hér segir.

1. Þau stjórnarvöld og sveitarstjórarnir, sem venjulega eigi má senda neitt nema undir það sè borgað með frímerkjum, eru :

#### A. *Stjórnarvöld.*

Hin konunglegu stjórnarráð og deildir þeirra.

Hæsti réttur.

Landshöfðinginn.

Amtmennirnir.

Stiptsyfirvöldin.

Biskupinn.

Hinn konunglegi íslenski landsyfirrettur.

Undirdómstólarnir, hin lægri yfirvöld og lögreglustjórarnir.

Landfógetinn.

Sýslumennirnir og umboðsmenn þjóðeigna.

Landlæknirinn.

Héraðslæknar.

Prófastar.

Sóknarprestar.

Forstöðumaður prestaskólans.  
Skólameistarinn við hinn lærða skóla.  
Póstmeistarinn í Reykjavík.  
Póstafgreiðslumenn.  
Póstgufuskips-afgreiðslumenn.

B. *Sveitastjórnir.*

Amtsráðin.  
Amtmennirnir sem forsetar í amtsráðunum.  
Sýslunefndirnar.  
Sýslumenn sem oddvitar sýslunefndanna.  
Bæjarstjórnin í Reykjavík og oddviti hennar.  
Bæjarstjórnirnar í hinum kaupstóðunum.  
Hreppsnefndirnar.

C. *Öll stjórnarvöld og sveitarstjórnir í Danmörku og erlendis.*

Til þessara valda má að eins senda, án þess að við höfð sæu frimerki, þegar sá, sem sendir, ekki er í tæðum stjórnarvöldum eða sveitarstjórnnum, og hann hefur ritað framan á sendinguna (á tilvísunarbréfið, að því leyti, er snertir böggulsendingar) «fyrirskipuð skýrsla» eða «heimtað álit» (að því, er snertir peninga- og böggulsendingarnar «fyrirskipuð sending»), og skrifað eiginhandar-nafn sitt undir. Ef mannsnafn er tilgreint í utanáskriptinni, verður eigi álitíð, að sendingin sé til stjórnarvalds eða sveitarstjórnar.

2. Með þeim bræfum, sem eigi má senda, án þess að borgað sé undir þau með frimerkjum, sökum þess að þau eru opin o. s. frv., skal telja bæði þau bréf, sem móttökumaður getur komizt að hvers efnis þau eru, án þess að rífa upp innsiglið eða umslagið, og þær bréfsendingar, er utan á er ritað annað en kveðjan og heiti þess, sem sendir, staða hans og heimili.
3. Þegar ekki er goldinn fyrirfram fullur burðareyrir með frimerkjum undir bréf, sem ritað er á, að það skuli vera ábyrgðarbréf, skal það álitíð og með það farið sem með venjulegt bréf, þannig að ekkert tillit verður tekið til þess, sem á það er ritað um, að það sé ábyrgðar-bréf. Öðrum sendingum, sem borga skal undir fyrirfram með frimerkjum, skal pósthjórnin, ef það ekki er gjört, þar á móti annaðhvort vísa aptur eða halda þeim aptur sem ólátandi á póst.
4. Ef sá, sem sendir, hefur ekki goldið fullan burðareyri eptir taxtanum, er hann skilaði sendingunni til flutnings, sökum

Þess að hlutaðeigandi pósthjónn hefur sagt rangt til um burð-areyri, verður það, sem á vantar, eigi heimtað hjá móttökumanni.

5. Með «einstökum» mönnum, sem senda eitthvað með pósti, og eru skyldir til að borga eptir á ógoldna póstpéninga fyrir sendingar, sem ekki eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, skal telja hvern þann, sem, þá er hann lèt sendinguna fara af stað, ekki hefur komið fram fyrir hönd einhverra þeirra stjórnarvalda eða sveitarstjórna, sem nefnd eru að framan. Sá, sem sendir, er skyldur til að borga eptir á burðargjald, þegar sendingin er fengin honum aptur ósködduð að utanverðu, og til er vottorð frá pósthúsi þess staðar, þangað sem sendingin átti að fara, eða frá þeim manni, sem sendingin var til, um það, að hann hafi færzt undan, að taka við henni, eða pósthúsið vottar, að sendingunni verði ekki komið til skila á venjulegan hátt. Sá, sem sendi, getur ekki komizt hjá því, að borga eptir á með því, að rita á sendinguna aðra utanáskript, og pósthjórnin er ekki skyld að gjöra tilraun til að fá borgunina með því að selja sendinguna, áður en hún heimtar borgun eptir á.

#### 15. grein.

1. Pósthjórnin gefur út fyrst um sinn til almennings-nota frímerki:
  - 1) með bláum lit á 2 sk.
  - 2) — rauðum — - 4 —
  - 3) — mórauðum — - 8 —
  - 4) — gulum — - 16 —

Þegar keypt er fullt hundrað af frímerkjum í einu, fær kaupandi 4% afslátt.

2. Frímerki skulu vera til sölu á pósthöfundi og á sérhverjum póstafréttastöðum, bæði einstök og í hópakaupum. Á bréfhirðingarstöðunum skulu geta fengizt að minnsta kosti tvískildings- og ferskildings frímerki, annaðhvort einstök eða fleiri í senn; bréfhirðingarmenn eru þar að auki skyldir til, þegar þess er krafizt og borgað er fyrirfram, að útvega með fyrsta pósti þau frímerki, sem þeir ekki hafa til sjálfir, hjá pósthöfundi eða einhverjum póstafréttastöðum.
3. Það, sem galdið hefur verið fyrir frímerki, borgar pósthjórnin eigi aptur gegn því, að frímerkjunum sé skilað aptur; en ef frímerkin hafa ekki verið notuð, og þau eru ósködduð og

alveg hrein, má heimta, að höfð seú skipti á þeim og öðrum frímerkjum, sem hafa sama verð. Frímerki verða ekki tekin gild, ef þau eru óhrein, eða líta svo út, að megn grunur verði um, að þau hafi verið áður höfð til þess að láta þau á póstsendingar.

4. Fyrir frímerki, sem um of eru límd á sendingu, greiðir póststjórnin ekkert endurgjald, en að svo miklu leyti, sem því verður við komið, skal ekki ónýta þau.
5. Frímerki skal setja á bréfsendingarnar, peningabréfin og tilvísunarbréfin framanvert, í efra hornið hægra megin; samt verða þau frímerki tekin gild, sem sett eru á annan stað framanvert á bréfin. Í stöku tilfellum má breyta út af þessu (og þá sér í lagi, ef rúm ekki er til á framhlið bréfsins), og taka einnig gild frímerki, sem eru látin á bakhlið bréfsins, að því leyti póstafréiðslumaðurinn, sem sendir það af stað, tekur eptir þeim. Póstþjónar skulu segja almenningi til, eins og með þarf, um notkun frímerkjanna og um það, hvernig þeim skuli koma fyrir, og skulu þeir, þegar sá, sem sendir, beiðist þess, láta frímerkin á þær sendingar, sem keypt eru til frímerki um leið og sendingunni er skilað til flutnings.
6. Til þess að borga undir póstsendingar, sem skilað er til flutnings á Íslandi, má ekki hafa dönsk eða útlend frímerki.
7. Auk hinna venjulegu frímerkja, sem getið er um að framan, gefur póststjórnin út þjónustu-frímerki, sem skulu við höfð við þær póstsendingar, sem goldin er uppbót fyrir úr lands-sjóðnum, samkvæmt tilsk. um póstmál, 12. gr., og gildir um þau það, sem fyrir er mælt að framan, en um notkun þeirra og hvernig þeim skuli varið skulu gilda sérstakar reglur, eins og nú skal sagt:
  - A. Stjórnarvöld þau, sem nefnd voru í 14. gr., skulu í þeim tilfellum, sem nú skal greina, fyrir hönd hins opinbera greiða burðareyri, sem þau aptur fá uppbót fyrir úr lands-sjóðnum, undir sendingar þær, sem fluttar verða með póstum, og út ganga frá hlutaðeigandi stjórnarvöldum um embættismál:
    - 1) til konungs og konungsættingja;
    - 2) til annara innlendra og danskra stjórnarvalda, svo og til útlendra stjórnarvalda;
    - 3) til sveitastjórna (samanb. að framan 14. gr. B.);

- 4) til annara, en þeirra, sem getið er um í 1.—3. lið, þegar sendingin á sér stað til þess að leggja einhverjum stjórnarlegt erindi á herðar, heimta skýrslu eða leita áhlits, og ritað er á sendinguna framanverða (að því leyti, er snertir böggulsendingar, á tilvísunarbréfið) «stjórnarlegt erindi» «fyrirskipuð skýrsla» eða «heimtað álit». Ef sendingar þær, sem nefndar eru í 4. lið, eru um önnur málefni, og einkanlega hafa inni að halda:
- a. svar upp á bænarskrár og bönarbréf um embætti, veitingarbréf, þóknun, náðarveiting, eptirlaun, styrk, lán, fjárvistarleyfi, ferðaleyfi, leyfisbréf, undantekningar frá lögum og tilskipunum, frest á því að senda reikninga og gjaldheimtur, veiting á réttindum innborinna manna, lausn frá því að vera þegn konungs o. s. frv.;
  - b. svar upp á fyrirspurnir, sem varða þann, er ber upp spurninguna;
  - c. sending launa, og þóknunargjalda handa embættismönnum og embættisþjónum, svo og sending eptirlauna og styrktarfjár;
  - d. sendingar til prestaskólans, hins lærða skóla, stiptisbókasafnsins og þess konar, ef þær eingöngu snerta hag hlutaðeigandi stofnunar, en eigi ríkisstjórn;
  - e. bréfaskriptir um prestatíund, er þær varða þann, sem við á að taka, eða þann, sem gjalda á;
  - f. bréfaskriptir um bændakirkjur og leigujarðir, ef það varðar að eins eigendur, en eigi hag stjórnarinnar;
  - g. bréfaskriptir um fêskiptismál og þegar sent er skiptafê og fê ómyndugra, ef ekki er um hag stjórnarinnar að ræða;
  - h. áminningarbréf um að senda skattgjöld;
  - i. sending málafærslulauna í opinberum málum og gjafsóknarmálum;
  - k. þegar gjaldheimtumenn senda fê jafnaðarsjóðanna;
  - l. þegar send eru aptur ríkisskuldabréf, sem einhver af sjálfsdáðum hefur sent, til þess um þau verði skipt, eða sem sett hafa verið að veði fyrir opinberum gjaldheimtum,  
má eigi borga undir póstsendingarnar úr landssjóði

(með þjónustufrímerkjum), þegar þær ganga frá stjórnarvöldum til annara, en þeirra stjórnarvalda eða sveitastjórna, sem nefndar eru í 14. grein.

B. Sömu leiðis skulu tæð stjórnarvöld gegn uppbót úr landsjóðnum greiða burðareyri fyrir hönd hins opinbera undir sendingar þær, sem fluttar eru með póstum og koma til þeirra frá

1. öðrum, en þeim, sem nefndir eru í A 2 og 3, og sem að eins hafa inni að halda fyrirskipaða skýrslu eða heimtað álit (án tillits til þess, hvort skýrslan er fyrirskipuð eða álituð heimtað fyrir einstakt tilfelli eða yfir höfuð), og ef þar að auki er á þær ritað «fyrirskipuð skýrsla», «heimtað álit» (að því leyti, er snertir peninga- og böggulsendingar «fyrirskipuð sending»), en þessi áskript skal vera rituð framan á sendinguna (að því, er snertir böggulsendingar, framan á tilvísunarbréfið), og skal sá, sem sendir, skrifa eiginhandar-nafn sitt undir;
2. frá útlendum stjórnarvöldum.

Í öðrum tilfellum, en þar sem enginn efi er á, að það sé leyfilegt, samkvæmt því, sem fyrir er mælt að framan, mega stjórnarvöld eigi fyrir hönd hins opinbera borga burðargjald undir þjónustusendingar, og ef brotið er gegn þessu, þá varðar það þeim hegningum, sem greint er um í tilsk. um póstmál 14. gr.

Fyrir það, sem póstpjónar fá fyrir að láta í tæ það, sem um er getið í tilsk. um póstmál, 8. gr., geta stjórnarvöldin eigi heimtað neitt endurgjald.

#### 16. grein.

Gefa skal út tvenns konar þjónustu-frímerki, sumsé:

- 1) með grænum lit á . . . 4 sk.
- 2) — ljósum fjólulit - . . . 8 —

Stjórnarvöld þau, sem nefnd eru í 14. gr., skulu geta fengið þau til kaups á pófstofunni í Reykjavík og á öllum póstafgreiðslustöðum; skal kaupendum gefin kvittun borgunarlaust. Kvittanir þessar hefur kaupandi sem fylgiskjöl við reikning sinn, og sendir þær á hverju missiri til landshöfðingja; skal hlutaðeigandi embættismaður láta þeim fylgja skýrslu, sem gefin er upp á æru og trú, og hann sjálfur hefur skrifað undir, um það, hve mörg þjónustufrímerki voru til hjá honum eptir frá hinu fyrra reikningstímabili, hve mörg hann hafi keypt á því tímabili, er hann sendir kvittanir

fyrir, hve mörg eru notuð á þeim tíma, og hve mörg eru til við lok þessa tímabils.

Þegar hlutaðeigandi stjórnarvald heimtar álit og skýrslu, eða býst við einhverri annari sendingu, sem fyrirskipuð er, má það senda hlutaðeigendum þau þjónustu-frímerki, sem þarf til þeirra sendinga.

Þau þjónustu-frímerki, sem hlutaðeigandi embættismaður hefur keypt, skal varðveita svo, að menn út í frá geti ekki notað þau.

Hlutaðeigandi embættismaður hefur ábyrgð á því, að þær sendingar, sem frá honum ganga undir þjónustu-innsigli hans, eða með áskript þeirri, sem má við hafa í stað innsiglis, og þjónustu-frímerki eru höfð við, í raun rætti sæu þess eðlis, að borga megi undir þær með frímerkjum samkvæmt þeim reglum, sem settar eru að framan.

Það er skylda sérhvers stjórnarvalds, þegar það tekur við sendingum, sem þjónustu-frímerki eru á, að hafa gætur á, hvort sendingarnar hafi verið þess eðlis, að borga mátti undir þær á þennan hátt, og ef það sèst, að röng aðferð hafi verið við höfð, skal skýra yfirmanni þess, sem sendi, frá því, eða landshöfðingja, ef sendingin er frá honum komin.

Ef þær sendingar, sem getið er um í 15. gr. B, berast stjórnarvaldi, án þess að undir þær sè borgað með frímerkjum, getur það heimtað kvittun fyrir burðargjaldinu, sem rituð skal á eyðublað eða í bók, sem hlutaðeigandi stjórnarvald hefur útvegað og fyllt út. Kvittun þessi verður þá fylgiskjal við reikning stjórnarvaldsins, og skal með hana farið eins og sagt var fyrir um kvittanir þær, sem getið var um að framan.

Þegar hlutaðeigandi stjórnarvald krefst þess, eða ef nokkur efi verður um það, hvort reikningur frá einhverju stjórnarvaldi um burðargjald sè réttur, skal hlutaðeigandi póstafréiðslumaður eða póststofan halda skiptabók, sem hlutaðeigandi stjórnarvald útvegar, um allar sendingar, sem ganga frá þessu stjórnarvaldi, eða berast því frá lægri embættismönnum, embættisþjónum eða einstökum mönnum, og þjónustu-frímerki hafa verið höfð við, svo og um borgun þá, er stjórnarvald þetta greiðir fyrir keypt þjónustu-frímerki.

#### 17. grein.

Venjulegar bréfsendingar, sem eigi eru ábyrgðarbréf, má, ef þeim ekki er ábótavant í neinu, sem fyrir er skipað um borgun



undir þau með frimerkjum, utanáskript og annað ásigkomulag þeirra, annaðhvort láta í bréfkassa, sem til þessa eru festir upp á einstök pósthús, eða á skip þau, er til flutninga eru höfð frá höfn á Íslandi, eða skila þeim reglulega á pósthúsunum, eða leggja þau í töskur þær, sem póstarnir hafa meðferðis á ferðum sínum.

Bréfkassa þá, sem festir eru upp á pósthúsin, skal tæma  $\frac{1}{2}$  stundu áður, en pósturinn fer þaðan; bréf, sem látin eru í töskur pósta, skal taka upp og hirða um þau á næsta pósthúsi, jafnskjótt og pósturinn er kominn þangað.

Þegar hlutir eru látin á pósthúsin, sem hannað er að flytja (tilsk. um póstmál, 4. gr.), eða sem eigi verða sendir sökum þunga eða stærðar (samanbr. 13. gr. að framan), skulu pósthúsin beinlínis neita að taka við þeim.

Þegar sjá má, þá er sendingu er skilað til flutnings, að eigi er farið eptir því, sem fyrir er mælt um borgun með frimerkjum, umbúðir, merki, utanáskript, umslag, innsigli, tilsógn um upphæð, tilvísunarbréf o. s. frv., skal pósthjónninn benda mönnum á gallann, og verður þá eigi tekið við sendingunni eða hún flutt, fyr en sá, sem sendir, hefur ráðið bót á því, sem að er. Samt má á pósthúsinu taka til flutnings venjulega böggulsendingu (ekki peningasendingu), þó ekki sé vel gengið frá umbúðunum, í því standi, sem hún er, ef eigi þarf að óttast, að aðrar sendingar geti orðið fyrir skemmdum af þessu, eða nein veruleg vandkvæði hljóttist af því fyrir afgreiðslu póstsins, og sá, sem sendir, eða sendiboði hans lýsir því yfir með því að rita á tilvísunarbréfið, og setja nafn sitt undir, að böggullinn verði fluttur upp á ábyrgð þess, er sendir. Ef megn grunur verður um, að peningar séu í venjulegri bréfsending, sem ekki er ábyrgðar-bréf, þegar henni er skilað til flutnings, skal pósthjónninn — án þess þó fastlega að neita því, að flytja sendinguna sem venjulegt bréf — að svo miklu leyti sem unat er, benda þeim, sem skilar því, á, að það sé ólöglegt, að láta peninga í bréf, án þess að segja til þeirra.

Sú pósthúsa eða sá póstaafgreiðslustaður, sem fyrst tekur við sendingum, sem eru fengnar í hendur bréfhirðingarmanni eða pósti, getur komið fram með mótbáru gegn þeim sökum þess, hvernig þeim er varið og hve illa er um þær búð af hálfu þess, sem sendir, og rekið þær alveg aptur, þótt bréfhirðingarmaðurinn eða pósturinn hafi veitt þeim móttöku, án þess að finna neitt að þeim.

Kvittun sú fyrir því, að skilað er til flutnings ábyrgðar-bréf-um, peningabréfum og böggulsendingum, sem skal gefin þeim, sem sendir, borgunarlaust, ef hann krefst þess (tilsk. um póstmál, 8. gr.), skal hafa inni að halda nafn þess, sem vísað er til á sendingunni, staðinn, þangað sem hún á að fara, tegund hennar, hina tilgreindu upphæð og vigt (að því leyti, er snertir böggulsendingar), og svo það, hvort það sé talið, sem er í peninga-sendingu; enn fremur skal sagt til um verð þeirra frímerkja, sem sá, er sendir, hefur látið á, og um það, hve mikið sé borgað í peningum; kvittunin skal vera dagsett, og skrifað undir hana; auk þess má sá, er sendir, heimta, að sín sé getið sem þess, er sendi. Að svo miklu leyti, sem kvittunin ekki verður rituð í bók eða á eyðublað, sem sá, er sendir, sjálfur leggur til, og sem skal lagað og fyllt út á þann hátt, sem fyrir er skipað um pósthúsin, skal hafa til þessa prentuð eyðublað.

Þegar búið er að skila sendingu, má því að eins heimta kvittun, að sagt hafi verið til nafns þess, sem sendi, þá er sendingunni var skilað, og hann getur til greint nokkurn veginn vissan dag, þá er sendingunni hafi verið skilað, og ef svo stendur á, að hentugur tími sé fyrir pósthúsið til að láta af hendi slíka kvittun.

Sá, sem sendir, getur heimtað, að sér verði gefin fleiri exemplör af kvittuninni, en þá verður hann að borga 2 sk. fyrir hvert fram yfir það, sem hann fær kauplaust.

Heimti sá, sem sendir, eigi sérstaklega kvittun fyrir því, að hann hafi skilað til flutnings ábyrgðar-bréfum eða sendingum, er upphæð er tilgreind á, skal rita þær, þegar hann krefst þess, í bók, sem til þess er ætluð, á meðan hann er viðstaddur, að svo miklu leyti því verður við komið. Ef sagt er til nafns þess, sem sendir, er slíkum sendingum er skilað til flutnings, skal það ritað í bókina.

Að telja það, sem í sendingu er, þegar henni er skilað, skal að eins vera skylda á póststofunni og póstafræðslustöðunum (en aptur á móti ekki á bréfhirðingarstöðunum), og þá einungis í þeim tilfellum, sem nú skal greina:

- a. þegar sendingin er peningabréf eða böggulsending;
- b. þegar sendingin hefur inni að halda gjaldgenga peninga (samt ekki fram yfir 500 rd. í einni sendingu), peninga-ígildi, skuldabréf eða þess konar fémæta pappíra, sem hverjum þeim eru nýtir, er í höndum hefur;

- c. þegar pósthúsið, ef í sendingunni eru útlendir peningar eða peninga-ígildi, getur dæmt um, hvort tala þeirra sé samkvæm þeirri upphæð, sem til greind er;
- d. þegar hin fulla upphæð alls þess, sem í sendingunni er, er tilgreind á bræfinu eða tilvísunarbræfinu.

Ef telja skal innihald sendingar á pósthúsi, má sá, sem afhendir hana til flutnings, heimta, að það sé gjört í viðurvist hans.

#### 18. grein.

Á meðan sending, sem skilað er til flutnings, er í vörzlum póststjórnarinnar, má sá, sem sendir, fá hana aptur eða koma því til leiðar, að hún verði send öðrum en til tekið var í upphafi, ef þessu verður við komið, án þess það verði afgreiðslu póstsins til fyrirstöðu, og sá, sem sendir, geti helgað sér sendinguna. Pósthúsið getur þar að auki heimtað tilhlýðilega kvittun fyrir því, að sendingunni sé skilað aptur, nema því að eins að þess eigi þurfi við fyrir þá sök, að kvittun þeirri, sem póststjórnin hefur áður gefið, verði skilað aptur.

Ef sendingunni er skilað aptur, áður en hún er komin af stað frá pósthúsi því, þar sem hún var afhent, skal að eins endurgoldið það, sem borgað var fyrir frímerki, þegar þess er krafizt, að sendingunni sé skilað aptur, og því að eins að ekki sé búið að setja frímerki á sendinguna fyrir sama verð. Frímerki, sem búið er að líma á, en eigi þegar eru ónýtt, skal ekki ónýta, þegar það er heimtað, að sendingunni sé skilað aptur.

Þegar það annars kemur fyrir, að sendingu sé skilað aptur, skal sá, sem sendir, greiða fullt burðargjald eptir taxtanum o. s. frv.

#### 19. grein.

Sérhver sending skal flutt með fyrsta pósti frá þeim stað, þar sem henni er skilað til flutnings, nema því að eins að sá, sem sendir, hafi ritað á sendinguna, að hann beinlínis heimti, að hún sé flutt á annan hátt; þó skal hér gæta þess, sem nákvæmar er fyrir mælt að framan í 13. gr. 3. a.

Þar sem nefndur er fyrsti póstur, þá er það svo að skilja, að ekki sé að eins átt við hinn venjulega póst, sem fer yfir land, heldur einnig þann póst, sem póststjórnin lætur flytja með skipum, samkvæmt tilsk. um póstmál 6. gr.

Póstsendingar skal flytja þá leið, sem póststjórnin leggur pósthúsunum fyrir, nema því að eins að sá, sem sendir, riti á sendinguna, að hún skuli fara aðra leið, og skal þá þessu fylgt, svo

sem unnt er. Um það, hverja leið sendingarnar eru látnar fara, skulu pósthúsin fara beint eptir utanáskriptinni, ef hún segir nægilega skýrt frá (enda þótt sá, sem sendir, t. a. m. hafi beinlínis getið rangt til um pósthús), nema því að eins að móttökumaðurinn sérstaklega hafi mælt til þess við hlutaðeiganda pósthús, að sendingin verði flutt aðra leið. Ef utanáskriptin segir ekki nægilega skýrt frá, skal pósthúsið fara eptir þeim leiðarvísi, sem gefinn er af póststjórninni.

Verði tekið eptir því við flutninginn eða afgreiðsluna, að innsigli eða umbúðir á bréfsendingu eða peningasendingu hafi losnað, eða orðið fyrir svo miklum skemmdum, að innihaldið verði tekið út, skal hlutaðeigandi pósthjónn, ef innsigli er brotnað, loka brèfinu með póstinnsigli, sem þó verður að koma fyrir þannig, að enn megi sjá skemmdirnar, og í hinu tilfellinu skal hann láta aðrar umbúðir utan um sendinguna eða lúka fyrir hana á ný, þó þannig, að gömlu umbúðirnar séu látnar vera á, og skal hann, ef unnt er, hafa kallað mann til vitnis um þetta á undan. Í báðum tilfellum skal gjöra athugasemd um það, sem gjörzt hefur, og rita hana á sendinguna.

#### 20. grein.

Sendingar þær, sem póststjórnin hefur tekið við til ráðstöfunar, skal hún láta flytja til þess pósthúss (póststofunnar í Reykjavík, póstaafgreiðslustaðar eða bréfhirðingarstaðar), sem vísað er til, og skal skila þeim þar þeim manni, sem við á að taka, eða þeim, sem á tilhlýðilegan hátt sannar, að hann hafi umboð hins til að veita sendingunni móttöku. Þegar dæma skal um, hvort heimildin sé gild, skulu pósthjónar fara eptir hinum almennu reglum, sem um það gilda, og ef þeir eru í nokkrum efa, mega þeir heimta skriflegt umboð. Ef vísað er á sendingunni til fleiri, má skila henni hverjum þeirra sem vera skal.

Sè það efasamt, til hvers sendingin á að fara, af því að fleiri eru með sama nafni, á hlutaðeigandi pósthús að láta einhvern af þeim, sem haldið er að vísað sé til, opna sendinguna í viðurvist pósthjóns, til þess að reyna til af dagsetningu eða undirskript að fá vissu fyrir því, hver sé réttur móttökumaður.

Póststjórnin er ekki skyld að skila ábyrgðar-bréfum, peningabréfum og böggulsendingum, fyr en hún hefur fengið tilhlýðilega kvittun hins rétta móttökumanns. Kvittun þessa má heimta annaðhvort með því móti, að móttökumaður riti nafn sitt með bleki í bækur

póststjórnarinnar á þeim stað, sem til þess er ætlaður, eða þannig, að móttökumaður sjálfur gefi reglulega kvittun. Ef ekki er skrifað undir í auglýsingu þess póstþjóns, er lèt sendinguna af hendi, má heimta, að tveir vitundar-vottar staðfesti undirskriftina.

Ef móttökumaður krefst þess, er sá póstþjónn, sem afhendir sendingu, skyldur til að vera til staðar þangað til, að hið ytra ásigkomulag sendingarinnar getur orðið rannsakað í auglýsingu hans, og peningar taldir, að því leyti er snertir peningasendingu og peningarnir hafa verið taldir, er henni var skilað til flutnings.

Póstþjónar eru ekki skyldir að afhenda póstsendingar, sem greiða á fyrir eptir burðargjald eða borgun fyrir umbúðir og fl., fyr en húið er að borga þessi gjöld, sem skulu vera rituð með greinilegum tölustöfum framan á sendinguna, og burðareyrir tiltekinn í dönskum skildingum. Póststjórnin er ekki skyld að gefa sérstaklega kvittun fyrir borgun, sem greidd er af móttökumanni, nema í þeim tilfellum, sem getið er í 16. grein hér að framan. Umkvörtunum yfir því, að of mikið hafi verið heimtað, skal fylgja umslagið eða sú hlið af bréfinu, er tilvísunin er rituð á.

Sá, sem skorast undan að taka við sendingu, sem til hans á að fara, skal lýsa því yfir, þá er sendingin er afhent honum, og skal hann jafnframt skila henni aptur óopnaðri og óskemmdri. Á sama hátt má sá, sem fyrir hönd annars hefur tekið við sending, skila henni aptur, án þess það þurfi að gjöra um leið og hún er afhent.

Póstsendingum, sem ranglega eru afhentar, má viðtakandi skila aptur á hvert pósthús, sem vera skal.

Póststjórnin borgar aptur það gjald, sem viðtakandi hefur greitt fyrir sendingar, sem hún tekur við aptur.

Pósthúsin eru skyld til, eptir beiðni þess, er sendir, eða þess, sem við á að taka, að senda póstsending, sem vísað er þangað, á annan stað með fyrsta pósti, sem fer eptir að beiðnin er komin til þeirra. Í öðrum tilfellum, er pósthúsin vita með vissu, að sá, sem taka á við sendingu, er farinn burtu, og hvar hann er, eru þau sömuleiðis skyld til, eptir því, sem þau álíta henta, að senda til hans þær sendingar, sem til hans eru komnar, ef þeim eigi verður skilað neinum þar á staðnum, sem hefur heimild til þess að taka við þeim. Ef breyta þarf utanáskript eða merkja sendingu, þegar hún fer lengra, skal gjöra það borgunarlaust.

## 21. grein.

Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:

- a. þegar, sá, sem vísað er til, skorast undan að taka við henni;
- b. þegar póststjórnin hefur ekki getað spurt hann upp, sem vís-  
að er til; og
- c. þegar sendingar hafa legið 6 mánuði, án þess að verða sóttar.

Jafnskjótt og það er álitíð, að póstsendingu verði ekki til skila komið, skal hún send aptur á það pósthús, þar sem henni var skilað til flutnings, og skal þess jafnframt getið, fyrir hverja sök henni hafi ekki verið komið til skila.

Það er skylda pósthússins á þeim stað, þar sem sendingu er skilað til flutnings, að sjá um, að bæði þær sendingar, sem getið var um, og aðrar sendingar, sem einhverra orsaka vegna ekki hefur orðið komið til skila þar á staðnum, eða ekki hafa orðið sendar þaðan, verði fengnar aptur þeim, er sendu, svo fljótt, sem unnt er, ef komizt verður að því, hverjir sent hafa, án þess að opna sendingarnar. Þegar þeim er skilað aptur, skal fara eptir hinum almennu reglum um afhending póstsendinga, þannig að þann, sem sendi, skal í þessu tilfelli álíta sem móttökumann (sambr. 14. gr. 5).

Verði sendingum þeim, sem ekki verður komið til skila, ekki heldur komið til þess, sem sendi, skal senda þær póstmeistara áleiðis til landshöfðingja, sem lætur tvo áreiðanlega menn, sem hann sèrstaklega kveður til þess, opna þær og rannsaka; skulu menn þessir hafa unnið eið að því, að þeir ekki viljandi skuli lesa annað af hinu skrifaða innihaldi sendingarinnar, en dagsetning og undirskript. Sendingar þær, sem ekki þegar er búið að bjóða þeim, sem sendu, eða sem fyrst komizt verður að með því að opna þær, eins og sagt er, hverjir sent hafi, skal senda undir innsigli landshöfðingja til þess, sem sendi, og skrifað utan á til hans, svo þeim verði komið til hans, ef unnt er, eptir hinum almennu reglum, sem getið er að framan.

Sendingar þær, sem eptir þeim reglum, sem getið er að framan, ekki hefur orðið komið til þess, sem vísað er til, eða þess, sem sendi þær, skal geyma undir innsigli landshöfðingja á póststofunni í Reykjavík, og skulu þær liggja þar, svo þær verði sóttar samkvæmt hinum almennu reglum um afhending póstsendinga.

Þeim sendingum, sem loksins verða eptir og eigi verður komið til skila, og sem ekki verða seldar póstsjóði í hag samkvæmt 15. gr. í tilsk. um póstmál, skal eyða, þegar þær hafa legið þar að

minnsta kosti í 6 mánuði; skal þetta gjört einu sinni á ári hverju með umsjón þeirra manna, sem til þessa eru settir og nefndir eru að framan.

Póstþjónar skulu sjá um, að óviðkomandi mennfái ekki vitneskju um, frá hverjum eða til hverra póstsendingar komi eða fari af stað, nema það eingöngu sé til þess að greiða fyrir flutningi þeirra, og skulu þeir því varðveita póstsendingar þannig, að enginn óviðkomandi komist að þeim.

#### 22. grein.

Þegar leysa skal úr því spursmáli, hvort póststjórnin sé skyld til, að greiða skaðabætur, og um stærð þeirra, skal einkum tilgreina tekið, að það sé nægilega sannað:

- a. að nokkur, sem til þess hefur heimild, hafi tekið til flutnings fyrir hönd póststjórnarinnar sendingu, sem glatazt hefur og sem ekki hefur verið rituð í bækur póststjórnarinnar;
- b. þegar vart verður við, að nokkuð vantar í peningasendingu, sem póststjórnin hefur talið, er sendingunni var skilað til flutnings,  
að sannað verði, hvað vanti, í viðurvist þess póstþjóns, sem afhenti sendinguna;
- c. þegar vart verður við, að nokkuð vanti í peningasendingu, sem póststjórnin eigi hefur talið í, er sendingunni var skilað til flutnings,  
að hið ytra ásigkomulag sendingarinnar sé rannsakað í augnsýn þess póstþjóns, sem afhenti hana, og að það með því verði sannað, hvort umslagið, hinar ytri umbúðir eða innsiglið hafi verið skemmd, og með hverju móti, og  
að búið hafi verið að öllu leyti um innihaldið, og slegið utan um það samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 13. gr. 2 og 3;
- d. þegar vart verður við, að eitthvað vanti í öðrum höggulsendingum, að þær hafa orðið fyrir skemmdum eða um þær hafi breytzt,  
að sendingin, þá er henni var skilað, hafi verið rannsökuð í augnsýn þess póstþjóns, er skilaði henni, og að með því hafi verið sannað, að hve miklu leyti umbúðirnar, það sem bundið var um eða innsiglið hafi verið sködduð, eða vigtin rýrnuð, og  
að um sendinguna hafi verið búið, innsigli sett, bundið

um hana o. s. frv. alveg samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 13. gr. 3., að svo miklu leyti, sem pósthjórnnin ekki hefur getað tekið eptir því, þá er sendingunni var skilað til flutnings;

e. Þegar skemmdir á innihaldi almennra böggulsendinga hafa hlotizt af töf,

að þessi töf hafi verið pósthjórnninni að kenna, og

að innihaldið, er sendingunni var skilað, hafi verið þess eðlis og svo á sig komið, að hún hefði komizt óskemmd þangað sem hún átti að fara, ef töfn hefði ekki átt sér stað.

f. Þegar heimtaðar eru skaðabætur fyrir böggulsendingar, sem ekki eru peningar í, getur pósthjórnnin heimtað, að hlutaðeigandi skuli færa sönnur á það, sem hann hefur sagt um stærð skaðans, ef svo ber undir, með því, að 1 eða 2 óvilhallir menn, sem vit hafa á því, meti skaðann.

Sá, sem sendir, eða sá, sem vísað er til á sendingu, skal bera upp bótakröfu sína annaðhvort skriflega fyrir landshöfðingja, eða munnlega eða skriflega fyrir pósthúsinu á þeim stað, er sendingin fer frá, eða á þeim stað, sem hún á að fara til. Frestinn til þess að koma fram með kröfu til skaðabóta á tæðan hátt, ef henni á að verða gaumur gefinn, skal telja frá þeim degi, er sendingin var látin á póstin. Þegar sendingu vantar, skal pósthúsið á þeim stað, er hún átti að fara til, jafnskjótt og sæð verður, hver við átti að taka, við fyrsta tækifæri skýra honum frá því, og, ef komið er tilvísunarbréf, fá honum það í hendur.

Þegar húið er að skýra skaðabótamálið þannig, að pósthjórnnin geti ákveðið upphæð bótanna, skal hún svo fljótt sem unnt er goldin á því pósthúsi, sem næst er heimili hlutaðeiganda, eða sem hann sérstaklega hefur tekið til. Við sama tækifæri skal borga honum aptur þau frimerki eða þann burðareyri, sem greiddur er, ef sjálf sendingin er týnd. Pósthjórnnin greiðir ekki, hvernig sem á stendur, vöxtu af því fè, sem henni þannig ber að borga.

Sá, sem pósthjórnnin býður skaðabætur að nokkru leyti fyrir venjulega böggulsendingu, sem verð heinlínis er tilgreint á, má, í stað þess að taka við tilboði þessu, heimta, að verðið, sem tilgreint var, verði endurgoldið honum allt, gegn því, að afsala pósthjórnninni sendinguna til fullra umráða.

Ef pósthjórnnin hefur goldið skaðabætur, sökum þess að sending eða nokkur hluti hennar hefur glatazt, en það finnst aptur, sem



goldið var fyrir, skal póststjórnin bjóða hlutaðeiganda hlutinn, gegn því, að hann borgi aptur skaðabæturnar og það endurgjald, sem honum kann að vera greitt fyrir burðareyri.

23. grein.

Það er skylda póststjórnarinnar, að annast um blöð og tímarit, sem pöntuð eru á pósthúsum, eptir þeim reglum, sem nú skal greina:

Umhirðing þessi skal vera í því fölgín:

1. að taka við beiðni frá þeim, er vilja gjörast fastir kaupendur, og jafnframt að taka við borgun, gjöra reikningsskil, og panta ritin hjá þeim, sem gefa þau út;
2. að taka við exemplörunum, eptir því sem þau koma út og eru fengin póststjórninni, búa um þau, flytja þau og skila þeim.

Til flutnings á þeim skal nota hverja þá ferð, sem póststjórnin sendir bréf með.

Umhirðingin nær til allra blaða og tímarita, sem út koma á Íslandi, ef hvert einstakt númer eða hepti ekki vegur meir en 25 kvint.

Æski útgefandi, kostnaðarmaðnr eða sölumaður, að blað eða tímarit verði tekið til umhirðingar á þennan hátt, skal fyrir fram skýra póststjórninni skriflega frá:

- a. nafni blaðsins eða tímaritsins;
- b. fyrir hvað langan tíma áskriptin skuli vera skuldbindandi;
- c. frá hvaða tíma telja skuli áskriptina;
- d. hvað opt blaðið eða tímaritið eigi að koma út á hverju því tímabili, sem áskriptin er miðuð við;
- e. verðinu fyrir áskrifendur þar sem ritið er gefið út, og sem ekki panta það hjá póststjórninni;
- f. hvort útgefandi eða áskrifendur skuli greiða burðareyri undir þau exemplör, sem pöntuð eru hjá póststjórninni;
- g. á hvaða pósthúsi exemplörunum verði skilað til flutnings;
- h. hvern póststjórnin skuli álíta umboðsmann blaðsins eða tímaritsins, ef það ekki er sá, sem hefur undirskifað skýrsluna.

Póststjórninni skal skriflega skýrt frá sérhverri breytingu, sem verður á þessum greinum, svo fljótt, sem unnt er, og skal það, hvernig sem á stendur, gjört svo snemma, að hún geti farið eptir þessari breytingu á því næsta tímabili, sem áskript er miðuð við,

við framkvæmd starfa þeirra, sem hún hefur á hendi í þessu skyni.

Póststjórnin skal síðan semja skrá yfir öll blöð og tímarit, sem hún hefur tekið að sér umhirðing með, og sjá um, að eitt exemplar af skrá þessari, sem ávallt skal halda við, svo ekkert vanti í hana, liggi á öllum pósthúsum almenningi til nota. Þar að auki skulu pósthúsin, þegar þess verður krafizt, munnlega láta til allar skýrslur um þetta efni.

Burðareyrir undir blöð og tímarit er samkvæmt tilskipun um póstmál 9. gr.  $\frac{1}{4}$  sk. fyrir hvert númer; þó skal að minnsta kosti greiða 4 sk. fyrir sending á þeim númerum, sem koma út á einum ársfjórðungi. Burðargjald skal telja fyrir hvert númer og hvert tímabil út af fyrir sig, sem áskriptin er miðuð við, og þannig, að bæta skal við broti úr skildingum, svo það verði heilar tölur, og að eigi verður veittur afsláttur á burðargjaldinu, þegar svo stendur á, að fleiri númer af sama blaðinu verða flutt í einu. Aukanúmer skal ekki telja með, nema því að eins að tala þeirra á einu tímabili, sem áskript er miðuð við, fari fram yfir  $\frac{1}{8}$  part af því, sem ætlazt er til að komi út á tímabilinu; þá hefur póststjórnin heimild til að heimta, að útgefendur eða aðrir, sem senda ritið, borgi eptir á  $\frac{1}{4}$  sk. fyrir hvert aukannúmer, sem flutt er á þennan hátt. Ef Póststjórnin hefur látið panta hjá sér blað eða tímarit, sem alls ekki er komið út á því tímabili, sem við er átt, þótt sagt hafi verið til þess, má póststjórnin heimta af þeim, sem fram er kominn sem útgefandi eða hefur boðið mönnum til að skrifa sig fyrir ritinu,  $\frac{1}{3}$  part af þeirri borgun, sem henni bar fyrir að taka á móti áskrifendum og fl. á því tímabili. Ef blað eða tímarit hættir að koma út einhvern tíma á því tímabili, sem áskriptin var miðuð við, hefur póststjórnin heimild til, að reikna sér burðargjald o. fl. í réttu hlutfalli fyrir hvern mánuð, sem ritið er komið út á. Ef áskrifendur eiga að borga burðargjaldið, skulu þeir greiða það ásamt með borguninni fyrir ritið sjálfst, en eigi útgefandinn að greiða það, skal draga það frá, er reikningur er gjörður við hann um það, sem heimtað er saman hjá áskrifendum fyrir ritið.

Reikning þann, sem gjöra skal við hluteiganda um það, sem póststjórnin hefur heimtað saman fyrir ritið, skal gjöra fyrir hvert það tímabil, er áskriptin er miðuð við, á hinum síðustu 14 dögum tímabilsins á því pósthúsi, þar sem exemplörunum er skilað til flutnings. Sá, sem í hlut á, verður á þeim tíma að senda hlut-

eiganda pósthúsi reikning, sem stýlaður er til pósthússins, og skal þar tilgreind tala exemplaranna (annaðhvort fyrir hvern stað, þangað sem þau áttu að fara, eða í einu lagi), hvað póststjórnin eigi að greiða fyrir hvert exemplar, að kostnaðinum frá dregnum, og það, sem kann að vera borgað fyrirfram; því næst skal ávísa upphæð reikningsins í seinasta lagi innan 3 daga, frá því reikningurinn kom pósthúsinu í hendur. Vilji menn fá borgun fyrirfram einhvern tíma á því tímabili, sem áskriptin er miðuð við, verður að senda skriflega beiðni um það til pósthússins.

Hætti blað eða tímarit að koma út, má samkvæmt þeim reglum, gem getið er, senda reikninginn yfir borgun þá, sem póststjórnin hefur heimt hjá áskrifendum, þegar hið síðasta númer er komið út. Í reikningnum skal þess beinlínis getið, hvort nokkuð og þá hve mikið eigi að borga áskrifendum aptur af því, sem þeir hafa borgað fyrir allt tímabilið, er áskriptin var miðuð við. Slika reikninga skal fyrst borga eptir nánari skipun póststjórnarinnar.

Sá, sem vill panta hjá póststjórninni blöð þau eða tímarit, sem standa á blaðaskránni (samanbr. að framan), skal um það leita til þess pósthúss, þar sem hann æskir að blaðið eða tímaritið verði afhent. Panta má einnig rit fyrir eitt eða fleiri umliðin tímabil, sem áskript verður miðuð við; svo skal álitíð, að blaðið eða ritið sé þá fyrst pantað, er full borgun er goldin á því pósthúsi, þar sem það er pantað.

Póststjórnin er ekki skyld til, að minna áskrifendur á, að borga eða endurnýja áskriptina o. s. frv., eða láta heimta samanborgunina; samt er það ekki bannað pósthjónunum, að minna áskrifendur á, að borga. Fyrir borgun fyrir blöð skal gefa kvittun kauplaust, þegar þess er krafist.

Sá verður skoðaður sem áskrifandi, sem hefur látið bóka sig sem áskrifanda, er hann greiddi borgunina, án tillits til þess, hvort hann í raun og veru hefur gjört það fyrir sjálfan sig eða fyrir hönd annars. Þegar blað er pantað, eða seinna, má heimta, að annar en áskrifandi sé færður til sem móttökumaður.

Aðalbeiðnina um, að blöð þau og tíðindi, er menn hafa skrifað sig fyrir á hinum ýmsu pósthúsum, verði útveguð, skal senda frá þeim með síðasta pósti, sem fer af stað þaðan fyrir byrjun þess tímabils, sem áskriptin er miðuð við. Þegar seinna verður beðið um að útvega rit eða blöð handa áskrifendum, skal það gjört með fyrsta pósti, sem fer af stað, eptir að menn hafa skrif-

að sig fyrir ritinu. Það pósthús, sem á að panta þau exemplör, sem menn hafa skrifað sig fyrir hjá útgefandanum, skal gjöra það skriflega innan 2 daga frá því, að það hefur fengið beiðni um, að þau verði útveguð.

Þau exemplör, sem pöntuð eru hjá útgefandanum, og menn hafa skrifað sig fyrir, má láta á póstinn, hvenær sem vera skal, þegar pósthúsið er opið til þess að taka við sendingum eða afhenda þær; þó verður exemplörunum, þegar útgefandinn ekki sjálfur sér um umbúðir þeirra, að þau verði talin í sundur og skrifað utan á þau, eða þegar hann heimtar kvittun fyrir því, að hann hafi látið þau á póstinn, að vera skilað til flutnings í seinasta lagi 1 stundu fyrir þann tíma, sem tiltekinn er í 6. gr. sem hinn ítrasti, er öðrum sendingum skuli vera skilað, eigi þau skilmálalaust að verða send með fyrsta pósti.

Öll exemplör af blöðum og tímaritum, sem póststjórnin á að taka að sér til flutnings sem slík, skulu, er þau eru lätin á póstinn, vera brotin saman í form, sem hagfellt er til flutningsins. Auka-blöð skulu lögð í aðalnúmerin, og númer, sem fyr eru komin út og fylgja með, er ný exemplör eru send í fyrsta skipti, skulu vera brotin saman við þau.

Póststjórnin skal láta telja blaðaböggla í sundur, búa um þá og skrifa utan á þá; þó má leyfa útgefanda eða þeim, er sendir, að láta gjöra það sjálfur, eptir samningi við pósthúsið.

Í þeirri kvittun, sem útgefandi eða annar, sem sendir, getur krafist, þá er blöðum eða tímaritum er skilað til flutnings, skal tilgreint nafnið, númer og ár, dagur og stund, er sendingunni er skilað, svo og tala exemplaranna, eða böggla, og pósthúsanna, þangað sem ritið á að fara. Sè látið á póstinn smátt og smátt, skal gefa kvittun fyrir öllum exemplörunum í einu lagi.

Um það, hverja leið skuli senda blaðaböggla, um afgreiðslu þeirra, og afhending hinna einstöku exemplara til þeirra áskrifanda, sem í hlut eiga, skal farið eptir sömu reglum og um aðrar póstsendingar.

Sè póststjórnin yfir höfuð eigi fær um, að láta áskrifanda fá nokkurt númer af blaði eða tímariti, sem hann hefur pantað, borgar póststjórnin honum aptur allt það, sem hann hefur goldið fyrir það tímabil, sem áskriptin var miðuð við. Hætti dagblaðið eða tímaritið að koma út einhvern tíma á því tímabili, skal póststjórnin að því skapi greiða áskrifandanum aptur borgunina. Að

öðru leyti greiðir pósthjóninn engar bætur, hvorki þegar svo ber við, að það er pósthjóninn að kenna, að númer vantar og verður eigi útvegað, nè heldur þegar töf verður á með að panta blöðin, afhenda þau eða flytja, og pósthjóninn verður gefin sök á því. Það er vitaskuld, að pósthjóninn eigi tekur upp á sig neina ábyrgð áskrifendum eða öðrum móttökumönnum til handa fyrir það, sem útgefendum eða öðrum, sem senda ritið, hefur yfir sézt.

Þegar ekki liggur beint fyrir nein yfirsjón af hálfu pósthjónarinnar, skal hún ekki vera skyld til í þeim tilfellum, sem nú segir, að gjöra neina ráðstöfun að fyrra bragði til að útvega það, sem vantar:

- a. ef eitthvað er áfátt við þau númer, sem komin eru út áður af þeim exemplörum, sem pöntuð eru hjá pósthjóninn, og hún hefur orðið að biðja um eptir á;
- b. ef eitthvað er áfátt við aukablöð, eða þau vanta alveg;
- c. ef viðtakendur eigi segja til annara galla, sem pósthjóninn sjálf ekki hefur tekið eptir, í síðasta lagi, er þeir taka við næsta númeri hjá pósthjóninn.

Í öllum þessum tilfellum getur pósthjóninn reyndar tekizt á hendur að leita til þess pósthúss, er sendingin er komin frá, og er það skylt til að reyna til að útvega það, sem vantar, en viðtakandi verður sjálfur að greiða kostnaðinn við það og borgaburðareyri undir beiðnina og undir sendinguna. Ef eitthvað vantar á í öðrum tilfellum, skulu pósthúsin svo fljótt sem unnt er, og að svo miklu leyti, sem það yfir höfuð verður útvegað hjá útgefandanum eða þeim, sem sendir, leitast við að ráða bót á því án kostnaðar fyrir áskrifanda eða móttökumann.

Verði pósthús, þar sem tekið er við sendingu, vart við einhvern galla, þegar blaðaböggull er opnaður, sem útgefandinn hefur búið um, og skrifað utan á, o. s. frv., getur hann ekki heimt að borgun fyrir að láta til númer í stað þess, sem vantar.

Sá, sem gefur út blöð og tímarit eða sendir þau, hefur að því, er snertir fyrirgreiðslu á þeim, að eins viðskipti við þau pósthús, þar sem exemplörin eru látin á póstin.

Við fyrirgreiðslu þá, sem hér er rætt um, skulu pósthjónar vera að öllu óhlutdrægir, og mega þeir eigi gjöra neitt til þess, að einstök blöð eða tímarit breiðist fremur eða síður út, en önnur; ekki mega þeir heldur í tilefni af þessari fyrirgreiðslu taka við

nokkurri gjöf eða þóknun hjá útgefendum eða öðrum, sem senda ritið eða blöðin.

Það skal bannað pósthjónum, þegar það ekki er gjört í embættis-skyni, að opna á leiðinni blaðaböggla, sem eiga að fara á annan stað, eða á pósthúsinu, sem blöðin eða ritin eru látin inn á eða flutt til, að gefa óviðkomandi mönnum færi á, að komast að exemplörum þeim, sem öðrum eru ætluð. Sömuleiðis skal það bannað þeim mönnum, sem hafa pósthjónustu á hendi, að gefa nokkrum manni út í frá vísbendingu um, hverjir taka eigi við blöðum og tímaritum, eða hve mörg exemplör pósthjónin láti flytja af einhverju blaði eða tímariti.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Í dómsmálastjórninni, 3. dag maímánaðar, 1872.*

*Fr. Krieger.*

*Fr. Reinhardt.*

#### AUGLÝSING.

1. Tilskip. 26. Febr. 1872 um póstmálefni á Íslandi kemur í laga-gildi með póstum þeim, er fara frá *Reykjavík* í marzmánuði 1873, þannig, að ákvarðanir auglýsingarinnar 3. maí 1872 verða frá þessum tíma við hafðar við allar póstsendingar bæði í landinu sjálfu, sem við þær sendingar, er fara milli Íslands og Danmerkur eða útlanda.
2. Frá greindum tíma skal allar póstsendingar, er borga skal undir, gjöra frigengar með íslenskum pósthfrimerkjum, sem fást munu keypt á pósth-skrifstofunni í *Reykjavík* og öllum pósth-greiðslustöðum, sem nefndir eru í augl. 3. maí þ. á., sem og í minni deildum á hverjum þar nefndum brèfhirðingarstað.  
Með pósthunum til *Reykjavíkur* í næstkomandi marzmánuði skal *leyft* að greiða burðargjald með álfimdum íslenskum frimerkjum, og er það ráðlegast einkum með tilliti til þeirra sendinga, er áfram skulu halda með pósthgufuskipinu frá *Reykjavík*.
3. Um brèfburðargjald fyrir pósthsendingar í landinu sjálfu vístast til pósth-tilskipunarinnar af 26. febr. 1872 8. gr., og auglýsingarinnar af 3. maí s. á.
4. Brèfburðargjald fyrir pósthsendingar milli hins *íslenska og danska*

*póstumdæmis* er samkvæmt auglýs. 26. sept. þ. á., sem hér segir :

*a*, Fyrir almenn bréf, sem fyrirfram eru borguð :

þegar þau vega allt að 3 kvin . . . 8 sk.

— — — yfir 3 allt að 25 kv. 16 —

— — — — 25 — — 50 kv. 24 —

Bréf, sem mælt er með, skal borga fyrirfram.

*b*, Fyrir prentuð rit, bundin í kross eður einbundin, *sýnis-horn af vörum* eður *eptirsnið*, sem fyrirfram eru borguð og vega allt að 25 kvint, 8 sk., en sè vigtin þar yfir allt að 50 kv., þá 12 sk.

Sèu sendingar þær, sem nefndar eru undir *a* og *b*, ekki borgaðar fyrirfram, er burðargjald tvöfalt við það, sem nú var sagt.

*c*, Sè mælt með nefndum sendingum *a* og *b*, skal enn fremur borga fyrirfram 8 sk. fyrir hverja sendingu, auk hins almenna burðargjalds.

*d*, Fyrir *peningabréf* skal borga, auk þess litr. *a* eptir vigtinni ákveðna burðargjalds, enn fremur ábyrgðargjald 12 sk. af hverjum 100 rd. eða minna af því verði, sem á bréfinu er tiltekið.

*e*, Fyrir *böggla* er aðalburðargjald 12 sk. fyrir hvern böggul, að við hættum 4 sk. fyrir hvert pund, er böggull vegur; skuli böggul þar að auki flytja með innanlands-póstum, 16 sk. fyrir hvert pund.

Fyrir tiltekið verð á böggli skal enn fremur greiða ábyrgðargjald sem eptir litr. *d*. Fyrir tilvísunarbréfið, sem ekki má vega yfir 3 kvint, skal ekkert borga sèr í lagi.

*f*, *Póstávísunum* má skiptast á milli póstskrifstofunnar í Reykjavík á aðra hlið og pósthúsanna í Danmörk á hina. Burðargjald fyrir þær er 8 sk. fyrir hverja 15 rd. eða minna, en þó ekki yfir 32 sk.

5. Um burðargjald fyrir sendingar milli hins *íslenska póstumdæmis* og *útlanda* verða upplýsingar optastnær að fá hjá öllum póstafrgreiðendum í landinu.

6. Dönsk eða útlend póstfrimerki verða ekki notuð til borgunar burðargjaldi undir bréf, sem komið er á póstana í Íslandi, heldur verður til þess að hafa íslensk frimerki, er nú sem

stendur eru gefin út upp á 2, 4, 8 og 16 sk. (2, 4, 8 og 16 rd. fyrir 100 frímerki).

7. Bréf til konungsins og konungsettarinnar skal *jafnan* senda borguð, og sömuleiðis allar sendingar til yfirvaldanna, nema sá, er sendir, hafirritað á útskriftarflöt bréfsins (sè það böggull, þá á tilvísunarbréfið) vottun með eiginhandar-nafni sínu um að sendingin snerti «skipaða skýrslu» eða «heimtað álit» eða sè «skipuð sending».
8. Um pöntun gegnum póstafréiðslurnar á tíðindum þeim og tímaritum, er út koma hér á landi, mun nákvæmari auglýsing verða gefin út.
9. Auglýsing um póstmálefni á Íslandi af 3. maí 1872 verður að fá til kaups fyrir 8 sk. á pósthúsinu í Reykjavík og hjá öllum póstafréiðendum í landinu. Á sömu stöðvum og öllum bréf-hirðingarstöðum munu einnig liggja til eptirlits, auk þessarar auglýsingar, tilskipun 26. febrúar þ. á. og auglýsing 26. sept. þ. á. innihaldandi ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönskú og hinna sérstaklegu íslenskú póstmála innbyrðis.
10. Í staðinn fyrir póstafréiðslu þá, sem eptir augl. 3. maí þ. á. var tilætluð á *Kirkjubæjarklaustri*, er því lík póstafréiðsla fyrst um sinn stofnuð á *Prestbakka*. Aðrar í auglýsingunni nefndar póstafréiðslur og bréfhirðingarstaðir eru óbreyttir.
11. Fyrir árið 1873 eru tilteknir þessir ferðadagar fyrir póstana frá endastöðvum aðalpostleiðanna:

	Póstleið I. Reykjavík, Stykkishólmur, Ísafjörður.				Póstleið II. a, Reykjavík Akureyri	
	frá Reykjavík	frá Stykkis- hólmi.	frá Ísafrði.	frá Stykkis- hólmi	frá Reykjavík	frá Akureyri.
I.	25. marz	4. apr.	14. apr.	29. apr.	26. marz	21. apr.
II.	8. maí	15. maí	24. maí	10. júní	9. maí	5. júní
III.	18. júní	25. júní	4. júlí	20. júlí	19. júní	14. júlí
IV.	28. júlí	4. ág.	13. ág.	30. ág.	29. júlí	25. ág.
V.	6. sept.	13. sept.	23. sept.	10. okt.	8. sept.	4. okt.
VI.	19. okt.	26. okt.	6. nóv.	20. nóv.	20. okt.	10. nóv.
VII.	1. des.	12. febr.	23. febr.	14. marz	2. des.	7. marz



	Póstleið II. 6, Akureyri, Djúpivogur		Póstleið III. Reykjavík, Prestbakki, Djúpivogur			
	frá Akureyri	frá Djúpavogi	frá Reykjavík	frá Prest- bakka	frá Djúpavogi	frá Prest- bakka
I.	10. apr.	30. apr.	27. marz	9. apr.	22. apr.	1. maí
II.	23. maí	10. júní	10. maí	19. maí	2. júní	11. júní
III.	1. júlí	19. júlí	20. júní	29. júní	12. júlí	21. júlí
IV.	10. ág.	28. ág.	30. júlí	9. ág.	20. ág.	28. ág.
V.	21. sept.	7. okt.	9. sept.	18. sept.	2. okt.	10. okt.
VI.	6. nóv.	22. nóv.	21. okt.	29. okt.	10. nóv.	19. nóv.
VII.	18. des.	12. jan.	13. des.	19. des.	5. jan.	16. jan.

Frá endastöðvum póstleiðarinnar leggur póstur af stað snemma morguns hinn ákveðna ferðadag, og bréfameðtaka hættir kl. 8 kveldinu fyrir. Komudagur pósts til og ferðadagur hans frá millistöðvunum verður ekki nákvæmlega til tekinn. Þeir „fyrstu“ ferðadagar frá millistöðvunum, sem til eru teknir í hinni nákvæmu ferða-áætlun, eiga einungis að gefa í skyn, að póstarnir megi þar ekki lengur dvelja, en þörf gjörist til að afgreiða þá áleiðis, og að kynna almenningi þann tíma, er með vissu verður tekið við póstsendingum á millistöðvunum með hverjum pósti.

Aukapóstarnir fara optast nær daginn eptir að aðalpósturinn frá Reykjavík kemur á þann stað, hvaðan aukapóstur skal hefja ferð sína, og koma aptur til baka eptir sólarhrings-dvöl á endastað leiðar sinnar, þó svo að þeir ávallt skuli ná aðalpósti á apturleið hans um hlutaðeigandi póststöðvar.

Að öðru leyti vísast til hinnar nákvæmu ferða-áætlunar póstanna, sem verða mun til eptirlits og leiðbeiningar á öllum póststöðvum í landinu, og þar að auki verða látin til útbýtingar hjá amtmönnum.

*Íslands stiptamt Reykjavík, 1. desember 1872.*

*Hilmar Finsen.*

FERÐA-ÁÆTLUN  
póstanna á Íslandi fyrir árið 1873.

**I. Póstferðin milli Reykjavíkur og Ísafjarðar yfir Stykkishólms.**

A frá Reykjavík til Stykkishólms.						
	Pósturinn fer frá Reykjavík	Pósturinn má ekki fara fyrri en				
		frá Mosfelli	frá Saurbæ	frá Hjarðar- holti	frá Staðar- branni	frá Miklaholti
I.	25. marz	25. marz	26. marz	27. marz	28. marz	29. marz
II.	8. maí	8. maí	9. maí	10. maí	10. maí	11. maí
III.	18. júní	18. júní	19. júní	20. júní	20. júní	21. júní
IV.	28. júlí	28. júlí	29. júlí	30. júlí	30. júlí	31. júlí
V.	6. sept.	6. sept.	7. sept.	8. sept.	8. sept.	9. sept.
VI.	19. okt.	19. okt.	20. okt.	21. okt.	21. okt.	22. okt.
VII.	1. des.	1. des.	2. des.	3. des.	4. des.	5. des.

**B frá Stykkishólmi til Ísafjarðar.**

Pósturinn má ekki fara fyrri en						
	Pósturinn fer frá Stykkishólmi	frá Breiða- bólstað	frá Kvenna- brekku	frá Hjarðar- holti í Dalas.	frá Bæ	frá Vatnsfrði
I.	4. apríl	5. apríl	5. apríl	6. apríl	8. apríl	9. apríl
II.	15. maí	15. maí	16. maí	16. maí	18. maí	19. maí
III.	25. júní	25. júní	26. júní	26. júní	28. júní	29. júní
IV.	4. ágúst	4. ágúst	5. ágúst	5. ágúst	7. ágúst	8. ágúst
V.	13. sept.	13. sept.	14. sept.	14. sept.	16. sept.	17. sept.
VI.	26. okt.	27. okt.	27. okt.	28. okt.	30. okt.	31. okt.
VII.	12. febr. 1874	13. febr.	13. febr.	14. febr.	16. febr.	17. febr.

C frá Ísafirði til Stykkishólms.

	Pósturinn fer frá Ísafirði	Pósturinn má ekki fara fyrri en				
		frá Vatnsfirði	frá Bæ	frá Hjarðar- holti	frá Kvenna- brekku	frá Breiða- bólstað
I.	14. apríl	15. apríl	16. apríl	18. apríl	18. apríl	19. apríl
II.	24. maí	24. maí	26. maí	28. maí	28. maí	29. maí
III.	4. júlí	5. júlí	6. júlí	8. júlí	8. júlí	9. júlí
IV.	13. ágúst	14. ágúst	15. ágúst	17. ágúst	17. ágúst	18. ágúst
V.	23. sept.	24. sept.	25. sept.	27. sept.	27. sept.	28. sept.
VI.	6. nóv.	7. nóv.	8. nóv.	10. nóv.	10. nóv.	11. nóv.
VII.	23. febr.	24. febr.	25. febr.	27. febr.	28. febr.	1. marz

D frá Stykkishólmi til Reykjavíkur.

	Pósturinn fer frá Stykkishólmi	Pósturinn má ekki fara fyrri en				
		frá Miklaholti	frá Staðar- hrauni	frá Hjarðar- holti	frá Saurbæ	frá Mosfelli
I.	29. apríl	30. apríl	30. apríl	1. maí	2. maí	2. maí
II.	10. júní	11. júní	11. júní	12. júní	13. júní	13. júní
III.	20. júlí	21. júlí	21. júlí	22. júlí	23. júlí	23. júlí
IV.	30. ágúst	31. ágúst	31. ágúst	1. sept.	2. sept.	2. sept.
V.	10. okt.	11. okt.	11. okt.	12. okt.	13. okt.	13. okt.
VI.	20. nóv.	21. nóv.	21. nóv.	22. nóv.	23. nóv.	23. nóv.
VII.	14. marz	15. marz	15. marz	16. marz	17. marz	17. marz

## H. Nr. 1. Pósthæðir milli Reykjavíkur og Akureyrar.

A frá Reykjavík til Akureyrar.

	Pósturinn fer frá Reykjavík	frá Mosfelli	frá Saurbæ	frá Hjarðarholti	frá Hvammi	frá Mulum	frá Þróðsstöðum	frá Staðarbakka
I.	26. marz	26. marz	27. marz	18. marz	28. marz	29. marz	30. marz	30. marz
II.	9. maí	9. maí	10. maí	11. maí	11. maí	12. maí	13. maí	13. maí
III.	19. júní	19. júní	20. júní	21. júní	21. júní	22. júní	22. júní	23. júní
IV.	29. júlí	29. júlí	30. júlí	31. júlí	31. júlí	1. ágúst	1. ágúst	2. ágúst
V.	8. sept.	8. sept.	9. sept.	10. sept.	10. sept.	11. sept.	11. sept.	12. sept.
VI.	20. okt.	20. okt.	21. okt.	22. okt.	22. okt.	23. okt.	24. okt.	25. okt.
VII.	2. des.	2. des.	3. des.	4. des.	5. des.	6. des.	6. des.	7. des.

	Pósturinn fer frá Reykjavík	frá Sveinsstöðum.	frá Reykjum	frá Bólatæðarhlíð	frá Vörðmýri	frá Múklabæ	frá Steinsstöðum	frá Friðriksgráfu
I.	31. marz	1. apríl	1. apríl	2. apríl	2. apríl	3. apríl	4. apríl	4. apríl
II.	14. maí	15. maí	15. maí	16. maí	16. maí	17. maí	18. maí	18. maí
III.	23. júní	24. júní	24. júní	25. júní	25. júní	26. júní	27. júní	27. júní
IV.	2. ágúst	3. ágúst	3. ágúst	4. ágúst	4. ágúst	5. ágúst	6. ágúst	6. ágúst
V.	12. sept.	13. sept.	13. sept.	14. sept.	14. sept.	15. sept.	16. sept.	16. sept.
VI.	25. okt.	26. okt.	26. okt.	27. okt.	27. okt.	28. okt.	29. okt.	29. okt.
VII.	8. des.	9. des.	10. des.	11. des.	11. des.	12. des.	13. des.	13. des.

B frá Akureyri til Reykjavíkur.

	Pósturinn fer frá Akureyri	frá Friðriks- gáfu.	frá Steins- stöðum.	frá Miklabæ	frá Víðimyri	frá Bólstað- arhlíð	frá Reykjum	frá Sveins- stöðum.
I.	21. apr.	21. apríl	22. apríl	23. apríl	24. apríl	25. apríl	26. apríl	27. apríl
II.	5. júní	5. júní	6. júní	7. júní	7. júní	8. júní	8. júní	9. júní
III.	14. júlí	14. júlí	15. júlí	16. júlí	16. júlí	17. júlí	17. júlí	18. júlí
IV.	25. ágúst	25. ágúst	26. ágúst	27. ágúst	27. ágúst	28. ágúst	28. ágúst	29. ágúst
V.	4. okt.	4. okt.	5. okt.	6. okt.	6. okt.	7. okt.	7. okt.	8. okt.
VI.	10. nóv.	10. nóv.	11. nóv.	12. nóv.	12. nóv.	13. nóv.	14. nóv.	15. nóv.
VII.	7. marz 1874	7. marz	8. marz	9. marz	10. marz	11. marz	12. marz	13. marz
	frá Lækjamóti	frá Staðar- bakka	frá Þór- oddestöðum	frá Melum	frá Hvammi	frá Hjarða- arboti	frá Saurbæ	frá Mostelli
I.	27. apríl	28. apríl	28. apríl	29. apríl	30. apríl	1. maí	2. maí	2. maí
II.	9. júní	10. júní	10. júní	11. júní	12. júní	13. júní	14. júní	14. júní
III.	18. júlí	19. júlí	19. júlí	20. júlí	21. júlí	21. júlí	22. júlí	22. júlí
IV.	29. ágúst	30. ágúst	30. ágúst	31. ágúst	1. sept.	1. sept.	2. sept.	2. sept.
V.	8. okt.	9. okt.	9. okt.	10. okt.	11. okt.	11. okt.	12. okt.	12. okt.
VI.	15. nóv.	16. nóv.	17. nóv.	18. nóv.	19. nóv.	19. nóv.	20. nóv.	20. nóv.
VII.	13. marz 1874	14. marz	15. marz	16. marz	17. marz	18. marz	19. marz	19. marz

## II. Nr. 2. Póstiferðin milli Akureyrar og Djúpavogs.

### A. frá Akureyri til Djúpavogs.

Pósturinn fer frá Akureyri	frá Hálsi	frá Ljósavatni	frá Grenjadarstað	frá Reykjahlíð	frá Grímsstöðum	frá Egilsstöðum	frá Eskifirði	frá Heyðlóm
I. 10. apríl	11. apríl	12. apríl	13. apríl	14. apríl	15. apríl	17. apríl	19. apríl	20. apríl
II. 23. maí	23. maí	24. maí	25. maí	26. maí	27. maí	29. maí	30. maí	31. maí
III. 1. júlí	1. júlí	2. júlí	3. júlí	4. júlí	5. júlí	7. júlí	8. júlí	9. júlí
IV. 10. ágúst	10. ágúst	11. ágúst	12. ágúst	13. ágúst	14. ágúst	16. ágúst	17. ágúst	18. ágúst
V. 21. sept.	21. sept.	22. sept.	23. sept.	24. sept.	25. sept.	27. sept.	28. sept.	29. sept.
VI. 6. nóv.	7. nóv.	8. nóv.	9. nóv.	10. nóv.	11. nóv.	13. nóv.	15. nóv.	16. nóv.
VII. 18. des.	19. des.	20. des.	21. des.	22. des.	23. des.	27. des.	29. des.	30. des.

### B. frá Djúpavogi til Akureyrar.

Pósturinn fer frá Djúpavogi	frá Heyðlóm	frá Eskifirði	frá Egilsstöðum	frá Grímsstöðum	frá Reykjahlíð	frá Grenjadarstað	frá Ljósavatni	frá Hálsi.
I. 30. apríl	1. maí	2. maí	3. maí	5. maí	6. maí	7. maí	8. maí	9. maí
II. 10. júní	11. júní	12. júní	13. júní	15. júní	16. júní	17. júní	18. júní	19. júní
III. 19. júlí	20. júlí	21. júlí	22. júlí	24. júlí	25. júlí	26. júlí	27. júlí	28. júlí
IV. 28. ágúst	29. ágúst	30. ágúst	31. ágúst	2. sept.	3. sept.	4. sept.	5. sept.	6. sept.
V. 7. okt.	8. okt.	9. okt.	10. okt.	12. okt.	13. okt.	14. okt.	15. okt.	16. okt.
VI. 22. nóv.	23. nóv.	24. nóv.	26. nóv.	28. nóv.	29. nóv.	30. nóv.	1. des.	2. des.
VII. 12. jan. 1874	13. jan.	14. jan.	16. jan.	18. jan.	19. jan.	20. jan.	21. jan.	22. jan.

### III. Póstferðin milli Reykjavíkur og Djúpavogs yfir Prestbakka.

#### A frá Reykjavík til Prestbakka.

	Pósturinn fer frá Reykjavík	Pósturinn má ekki fara fyrri en				
		frá Hraungerði	frá Velli	frá Skógnom	frá Felli	frá Mýrom
I.	27. marz	28. marz	29. marz	30. marz	30. marz	31. marz
II.	10. maí	11. maí	12. maí	13. maí	13. maí	14. maí
III.	20. júní	21. júní	22. júní	23. júní	23. júní	24. Júní
IV.	30. júlí	31. júlí	1. ágúst	2. ágúst	2. ágúst	3. ágúst
V.	9. sept.	10. sept.	11. sept.	12. sept.	12. sept.	13. sept.
VI.	21. okt.	22. okt.	23. okt.	24. okt.	24. okt.	25. okt.
VII.	8. des.	9. des.	10. des.	11. des.	12. des.	13. des.

#### B frá Prestbakka til Djúpavogs.

	Pósturinn fer frá Prestbakka	Pósturinn má ekki fara fyrri en			
		frá Sandfelli	frá Kálfa- fellestað	frá Bjarnanesi	frá Stafafelli
I.	9. apríl	11. apríl	13. apríl	14. apríl	15. apríl
II.	19. maí	21. maí	22. maí	23. maí	24. maí
III.	29. júní	1. júlí	2. júlí	3. júlí	4. júlí
IV.	9. ágúst	11. ágúst	12. ágúst	13. ágúst	14. ágúst
V.	18. sept.	20. sept.	21. sept.	22. sept.	23. sept.
VI.	29. okt.	31. okt.	1. nóv.	2. nóv.	3. nóv.
VII.	19. des.	21. des.	23. des.	24. des.	27. des.

C frá Djúpavogi til Prestbakka.

	Pósturinn fer frá Djúpavog	Pósturinn má ekki fara fyrri en			
		frá Stafafelli	frá Bjarnanesi	frá Kálfa- fellsstað	frá Sandfelli
I.	22. apríl	23. apríl	24. apríl	25. apríl	27. apríl
II.	2. júní	3. júní	4. júní	5. júní	7. júní
III.	12. júlí	13. júlí	14. júlí	15. júlí	17. júlí
IV.	20. ágúst	21. ágúst	22. ágúst	23. ágúst	25. ágúst
V.	2. okt.	3. okt.	4. okt.	5. okt.	7. okt.
VI.	10. nóv.	11. nóv.	12. nóv.	13. nóv.	15. nóv.
VII.	5. jan. 1874	7. jan.	8. jan.	9. jan.	11. jan.

D frá Prestbakka til Reykjavíkur.

	Pósturinn fer frá Prestbakka	Pósturinn má ekki fara fyrri en				
		frá Mýrum	frá Felli	frá Skógum	frá Velli	frá Hraungerði
I.	1. maí	1. maí	2. maí	3. maí	4. maí	5. maí
II.	11. júní	11. júní	12. júní	13. júní	14. júní	15. júní
III.	21. júlí	21. júlí	22. júlí	23. júlí	24. júlí	25. júlí
IV.	28. ágúst	28. ágúst	29. ágúst	30. ágúst	31. ágúst	1. sept.
V.	10. okt.	11. okt.	12. okt.	12. okt.	13. okt.	14. okt.
VI.	19. nóv.	20. nóv.	21. nóv.	21. nóv.	22. nóv.	23. nóv.
VII.	16. jan.	17. jan.	18. jan.	18. jan.	19. jan.	20. jan.



Farardagur póstanna frá aðalstöðvunum, nefnilega: Reykjavík, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Djúpavogi og Prestsbakka, er fast-ákveðinn við þann dag, sem nefndur er í ferða-áætluninni, snemma morguns, þannig að ekki sé lengur tekið við póstsendingum, en til kl. 8 kveldið á undan. Fyrir millistöðvarnar er farardagurinn aptur settur *hið fyrsta*, er hann getur orðið, þar sem aðalreglan fyrir afgreiðslu póstsins frá þessum stöðvum er sú, að afgreiða póstinn hið fljótasta unnt er með hliðsjón af *fyrsta* farardegi.

Aukapóstarnir skulu optast nær fara frá hlutaðeigandi stöðvum daginn eptir komu aðalpóstsins þangað, og snúa aptur frá endastað aukapóstleiðarinnar eptir sólarhrings-dvöl samastaðar, þó svo að þess sé vandlega gætt, að aukapóstur ávallt nái til baka til fráfararstöðva sinna, áður aðalpóstur kemur þar í apturleið. Farardagar aukapóstanna verða því sem hér segir:

1. *Gullbringusýslu*-póstur fer frá *Reykjavík* daginn eptir að póstskip er komið hér, og kemur aptur frá *Keflavík* eptir sólarhrings-dvöl samastaðar.
2. *Barðastrandarsýslu*-póstur fer frá *Bæ* í Reykhólasveit svo fljótt sem unnt er, og í seinasta lagi morguninn eptir að Stykkishólms-póstur er þar kominn, og fer aptur frá *Bíldudal* svo tímanlega, að hann geti náð aðalpóstinum frá *Ísafirði* í *Bæ*.
3. *Strandasýslu*-póstur fer frá *Bæ* daginn eptir að Stykkishólms-póstur er þar kominn, og snýr aptur frá *Stað í Steingrímsfirði* eptir sólarhrings-dvöl samastaðar.
4. *Snæfellsnessýslu*-póstur fer frá *Miklaholti* daginn eptir að pósturinn frá *Reykjavík* er þar kominn, og snýr aptur frá *Búðum* eptir sólarhrings-dvöl samastaðar.
5. *Ísafjarðarsýslu*-póstur fer frá *Ísafirði* hið bráðasta, í seinasta lagi daginn eptir að póstur er þar kominn, og snýr aptur frá *Pingeyri* í síðasta lagi eptir sólarhrings-dvöl samastaðar, en jafnan svo tímanlega, að hann geti verið kominn aptur á *Ísafjörð* í seinasta lagi kveldinu fyrir póstsins fasta ferðadag þaðan.
6. *Skagastrandar*-póstur fer frá *Sveinsstöðum* daginn eptir komu *Reykjavíkur*-póstsins þangað, og snýr aptur, eptir sólarhrings-dvöl á *Hólanesi*.
7. *Höfðastrandar*-póstur fer frá *Miklabæ* daginn eptir komu póstsins frá *Reykjavík*, og snýr aptur eptir sólarhrings-dvöl í *Hofsós*.

8. *Pingeyjarsýslu*-póstur fer frá Grenjaðarstað daginn eftir komu póstsins frá *Akureyri*, og snýr aptur eftir sólarhrings-dvöl á *Sauðanesi*.
9. *Norður-Múlasýslu*-póstur fer frá *Egilsstöðum* daginn eftir komu póstsins frá *Akureyri*, og snýr aptur eftir sólarhrings-dvöl á *Vopnafirði*.
10. *Suður-Múlasýslu*-póstur fer frá *Egilsstöðum* daginn eftir komu póstsins frá *Akureyri*, og snýr aptur eftir tveggja sólarhringa dvöl á *Seyðisfirði*.
11. *Vestmannaeyja*-póstur fer frá *Velli* að *Krossi* daginn eftir komu póstsins frá *Reykjavík*, og snýr aptur hið fyrsta unnt er. Þegar pósttaska kemur úr *Vestmannaeyjum* að *Krossi*, skal henni komið svo snemmindis að *Velli*, að hún komist á póstinn frá *Prestsbakka* til *Reykjavíkur*.

Á VII. ferð póstsins frá *Akureyri* á *Djúpavog* skulu aukapóst-  
ar þeir, sem nefndir eru nr. 8, 9 og 10, fara frá þar nefndum  
burtfararstöðum fyrst svo tímanlega, að þeir geti náð þangað aptur,  
að *Grenjaðarstað* innan 19. janúar, að *Egilsstöðum* innan 15. janúar.

*Íslands stíptamt Reykjavík, 30. nóv. 1872.*

*Hilmar Finsen.*

#### AUGLÝSING

um póstmálefni.

1. Auk hinna almennu íslensku póstrímerkja, sem getið er um í auglýsingu 3. maí f. á., eru nú kominn út gr á fr í m e r k i fyrir 3 sk. (fyrir 3 rd. 100), og eru þau við höfð eftir sömu reglum sem hin frímerkin.
2. Ferðaáætlun suðuramtspóstsins er fyrir yfirstandandi ár breytt þannig :

	Pósturinn		má ekki fara frá			
	fer frá Prestbakka	Mýrum fyr en	Felli fyr en	Skógum fyr en	Velli fyr en	Hraungerði fyr en
I.	12. apríl	12. apríl	13. apríl	14. apríl	15. apríl	16. apríl
II.	20. maí	20. maí	21. maí	22. maí	23. maí	24. maí
III.	1. júlí	1. júlí	2. júlí	3. júlí	4. júlí	5. júlí
IV.	10. ágúst	10. ágúst	11. ágúst	12. ágúst	13. ágúst	14. ágúst
V.	19. sept.	19. sept.	20. sept.	21. sept.	22. sept.	23. sept.
VI.	1. nóv.	1. nóv.	2. nóv.	3. nóv.	4. nóv.	5. nóv.
VII.	16. jan. 1874	17. jan.	18. jan.	18. jan.	19. jan.	20. jan.

Þeir aðrir pósthafardagar, sem ákveðin eru í auglýsingu stiptamtsins af 1. desember f. á., eru óbreyttir.

3. Í stað bréfhirðingarstaðarins á Sandfelli er annar fyrst um sinn stofnaður á Hofi í Örfum.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 22. marz 1873.

*Hilmar Finsen.*

#### AUGLÝSING,

sem inni hefur að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sérstaklegu íslensku póstmála innbyrðis.

Samkvæmt valdi því, sem veitt er fjárhagsstjórninni og dómsmálastjórninni með konungsúrskurði 25. dag þ. m., eru hér með þessar ákvarðanir settar, til þess að koma í lag sambandinu milli hinna almennu dönsku og hinna sérstaklegu íslensku póstmála innbyrðis.

##### 1. grein.

Orðið danskt «póstumdæmi» nær yfir hið eiginlega konungsríki Danmörk, svo og Færeyjar, en eigi Grænland og heldur ekki nýlendurnar; orðið «íslenskt póstumdæmi» á að eins við Ísland.

Póstumdæmið.

##### 2. grein.

Hin danska pósthjórn ákveður ferða-áætlun pósthufuskipsins fyrir hvert ár, og tilkynnir hinni íslensku pósthjórn ferða-áætlunina í tækan tíma fyrir nýár.

Póstgufuskips-ferðirnar.

Hin íslenska pósthjórn skal, ef þess þarf við og skipstjóri krefst þess, láta hinu danska pósthufuskipi í tæ alla þá aðstoð, sem það kann að þurfa, þegar svo ber við, til þess að heina fyrir ferðum þess, sér í lagi svo það teygist ekki um of.

##### 3. grein.

Að því leyti sem flutningsferðum verður á komið milli íslenskra og norskra eða enskra hafna, mun hin danska pósthjórn hlutast til um, að reynt verði til, að nota þessar ferðir, til þess að senda með þeim, að svo miklu leyti sem unnt er, alls konar pósthendingar, þannig

Póstferðir yfir útlönd.

að þær verði fluttar gegnum hlutaðeigandi útlönd í lok-  
uðum hirzlum.

Kostnaðinn við flutning póstsins á þennan hátt skal  
hin danska póststjórn greiða, ef farið er í stefnuna  
frá Danmörk, en hin íslenska póststjórn, þegar farið  
er í stefnuna frá Íslandi.

Um burðargjald það, sem greiða skal fyrir send-  
ingar, sem fluttar eru þessa leið, og um reikningsgjörð  
fyrir því, skal ákveðið nákvæmar í hvert sinn.

4. grein.

Notkun skipa Með gufuskipum eða seglskipum, sem eru í för-  
einstakra um á óákveðnum tíma, skal koma þeim bréfsendingum,  
manna. sem sá, er sendir, sérstaklega hefur krafizt að verði  
með skipinu (skipabréf).

Borgun þá, sem ákveðin er í lögum 7. janúar 1871,  
9. gr., og í tilskipun 26. febrúar 1872, 6. gr., fyrir  
flutning póstsendinga með skipsferð, sem þannig fellur  
fyrir, skal hin danska póststjórn greiða, þegar farið er  
í stefnuna frá Danmörk, en hin íslenska, þegar farið er  
í stefnuna frá Íslandi.

5. grein.

Póst- Til sendinga með póstum milli hins danska og  
sendingar. hins íslenska póstumdæmis verður viðtaka veitt:

*lausum bréfum*, sem eru

venjuleg bréf og  
ábyrgðarbréf,  
prentað mál,  
sýnishorn af varningi, og  
fyrirmynd við fatasnið,

} allt að 50 kv. að vigt  
fyrir hverja sendingu.

*peningabréfum*, allt að 1 þuml. á þykkt,  
*sendingum*, sem mótaðir *peningar* eru í, allt að 16  
pundum að vigt, og *bögglum*, allt að 5 pundum að vigt.

Ef senda á böggjana lengra áleiðis með póstunum  
á Íslandi, mega þeir ekki vera lengri en 18 þuml.,  
og á hæð eða breidd ekki fram yfir 9 þuml.

Þar að auki má senda á vixl milli póststofanna  
og póstaðgreiðslustaðanna í hinu danska póstumdæmi að  
öðru leytinu og Rnykjavíkur hins vegar *póstávisanir*,  
og má hver ávisun vera að upphæð 50 rd.

Samt má senda ávísanir á víxl milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur upp á allt að 100 rd.

6. grein.

Burðareyrir undir venjuleg bréf milli hins danska og íslenzka póstumdæmis, er, þegar höfð eru frímerki: ef þau vega allt að 3 kv., 8 sk.

— — yfir 3 - - 25 — 16 -

— — — 25 - - 50 — 24 -

Sèu eigi höfð frímerki, verður burðareyrir tvöfaldur við það, sem hér er ákveðið.

Ábyrgðar-bréf skulu vera búin frímerkjum.

7. grein.

Burðareyrir undir *prentuð mál* í krossbandi eða einbrugðnu bandi, *sýnishorn af varningi* eða *fyrirmynd við fatasnið* milli hins danska og hins íslenzka póstumdæmis skal vera, ef frímerki eru við höfð, 8 sk. fyrir hverja sendingu, er vegur allt að 25 kv., og 12 sk., ef hún vegur meira allt að 50 kv. Sèu frímerki eigi við höfð við sendingar þessar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af hlutaðeigandi póststjórn, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sè að að kanna hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefur fyrir lagt, þá fer um borgunina eptir því, sem mælt er fyrir um venjuleg bréf, þegar frímerki eru ekki við höfð. Þessar sendingar má flytja sem ábyrgðar-sendingar.

8. grein.

Auk venjulegs burðareyris greiðast enn fremur 8 sk. fyrir fram fyrir að takast á hendur ábyrgð sendinga þeirra, sem getið er í 6. og 7. gr.

Glatist ábyrgðar-bréfsending í vörzlum póststjórnarinnar, skal póststjórnin í því umdæmi, þar sem sendingin var látin á póstinn, vera skyld til að greiða þeim, er sendi, 10 rd. í skaðabætur, en jafnframt skal henni áskilinn réttur til endurgjalds hjá póststjórninni í því umdæmi, þar sem sannast að sendingin hafi glatazt.

Kröfu til skaðabóta verður að gjöra innan eins árs frá þeim degi, er bréfið var látið á póstinn; að öðrum kosti fellur skylda póststjórnanna til að greiða skaða-

bætur burt. Með því að segja til kröfu sinnar hjá pósthjórninni annaðhvort í því umdæmi, þar sem sendingin var látin á póstinn, eða í því umdæmi, sem sendingin átti að fara til, verður komið í veg fyrir, að réttur til skaðabóta fyririst.

9. grein.

Burðareyrir undir peningabréf. Undir peningabréf milli hins danska og hins íslenska póstumdæmis skal burðareyrir goldinn eptir vigt, eins og ákveðið er að framan í 6. gr., og að auki 12 sk. í ábyrgðargjald fyrir hvert 100 rd. eða minni upphæð þeirra peninga, er til eru greindir utan á bréfinu.

10. grein.

Burðareyrir undir sendingar, sem mótaðir peningar eru í, og böggla. Burðareyrir fyrir böggla milli hins danska póstumdæmis og þeirra staða, þar sem skipið kemur við á Íslandi, skal vera 12 sk. aðalburðareyrir undir hvern böggul og 4 sk. í viðbót fyrir hvert pund, sem böggullinn vegur. Undir böggla, sem senda á lengra áleiðis með póstum á Íslandi, eða koma lengra að með þeim, skal gjalda að auki 16 sk. fyrir hvert pund. Partur úr pundi telst sem heilt pund.

Ef verð er tilgreint, skal enn fremur greiða í ábyrgðargjald 12 sk. fyrir hvert 100 rd. eða minni upphæð af verði því, sem tilgreint er.

Undir tilvísunarbréfið, sem ekki má vega meir en 3 kv., greiðist eigi sérstök borgun.

11. grein.

Ábyrgð. Glatist eða skemmist böggulsending, skal hver póststjórn samkvæmt lögum þeim og tilskipunum, sem gilda um það í því umdæmi, hafa ábyrgðina af því, allt til þess staðar, þar sem póstinum er skilað, það er að segja, svo langt sem hún á að sjá um flutninginn, og skal það vera ábyrgðarhluti hversrar póststjórnar um sig, ef embættismenn hennar eða aðrir, sem að öðru leyti hafa póststörf á hendi, gjöra sig seka í svikum, yfirsjón eða hirðuleysi.

12. grein.

Burðareyrir undir póstávisanir. Burðareyrir undir peninga, sem sendir eru með póstávisun milli póststofanna og póstaftgreiðslustaðanna í hinu danska póstumdæmi að öðru leyti og Reykja-

víkur hins vegar, er 8 sk. fyrir hverja 15 rd. eða minni upphæð, en samt eigi meir en 32 sk.

Til ávísananna verða að eins höfð eyðublöð, sem eru prentuð samkvæmt þeirri fyrirmynd, sem báðar pósthjórarnir koma sèr saman um.

#### 13. grein.

Sá, sem sendir ábyrgðar-bréf, peninga-bréf, sendingar, sem mótaðir peningar eru í, og böggla, má senda með miða til kvittunar af hálfu viðtakanda fyrir móttöku sendingarinnar, og heimta, að þessi miði verði sèr sendur aptur. Fyrir hann verður borgað eins og undir venjulegt bréf.

Móttöku-  
kvittanir.

#### 14. grein.

Þegar borgað er undir sendingar með frimerkjum, má sá, sem sendir, hafa þau pósthfrimerki, frimerkja-umslög, bréfsþjöld og frimerkja-umbúðir, sem gilda í því umdæmi, sem sendingin fer frá.

Pósthfrimerki.

Sendingar, sem ekki eru búnar frimerkjum svo nægir, skal álíta svo, sem ekkert væri undir þær borgað, en frá borguninni skal dregið verð þeirra frimerkja, sem voru látin á sendinguna.

Ef nokkur neitar að borga eptir á burðargjald, þá verður það skoðað, sem hann skorist undan að taka við sendingunni.

Hafi sá, sem sendir, við haft of mörg frimerki, verður eigi krafist endurgjalds fyrir það, sem um of er.

#### 15. grein.

Burðareyrir og gjöld fyrir alls konar pósthendingar, danskar og íslenskar, sem fluttar eru milli hinna tveggja pósthumdæma, falla, án þess að sèrstaklegur viðskipta-reikningur sè gjörður, til pósthjórarnarinnar í því umdæmi, þar sem burðargjaldið er heimtað, að eins með þeim undantekningum, sem nú skal sagt:

Skipting  
burðargjalds.

- a. gjaldinu fyrir pósthávisanir skal skipta jafnt milli beggja pósthjórna.
- b. aukagjald það, sem ákveðið er í 10. grein, undir böggulsendingar, sem fluttar eru landveg með íslenskum pósth, fellur eingöngu til hinnar íslensku pósthjórnar.

16. grein.

Undanfágr  
frá burðar-  
gjaldi. Opnar skýrslur, sem eru sendar milli pósthúsanna í hinu danska og hinu íslenska póstumdæmi, verða fluttar án burðargjalds. Undir allar aðrar bréfsendingar, hverju nafni sem heita, skal aptur á móti greiða venjulegt burðargjald.

17. grein.

Aðalvið-  
skiptareikn-  
ingur. Aðalreikninginn um viðskipti milli hinnar dönsku og hinnar íslensku póststjórnar skal gjöra út um í póstreiknings-málastofunni í Kaupmannahöfn, og senda landshöfðingjanum í Reykjavík.

Borgunina skal greiða eftir árslok hvert ár — en þó má gjöra athugasemdir við reikningana — og skal það, sem borgað er, koma upp í skuldaviðskiptin milli aðalfjárhirzlunnar í Kaupmannahöfn og hins íslenska landssjóðs.

18. grein.

Afgreiðslu-  
reglugjörð. Aðalpóststjórnin og landshöfðinginn yfir Íslandi skulu semja reglugjörðir, til þess ákvörðunum þeim, sem hér eru gjörðar, verði fram fylgt eins á báðar hliðar.

19. grein.

Notkun póst-  
gufuskipsins  
af hálfu póst-  
stjórnarinnar  
á Íslandi. Með póstgufuskipinu má flytja póstsendingar milli staða á Íslandi, og einnig milli þeirra og annara staða, þar sem gufuskipið kemur við, án þess að hin danska póststjórn fái nokkurt endurgjald fyrir þessi afnot skipsins.

20. grein.

Bréfavið-  
skipti milli  
Íslands og  
útlanda. Ákvörðunum þeim, sem gilda í hinu danska póstumdæmi um bréfaviðskipti milli Danmerkur og útlanda, skal einnig fylgt með tilliti til bréfa, sem send eru yfir Danmörk milli þessara landa og Íslands; skal borga undir þau burðargjald það, sem greiðist fyrir sendingar milli Danmerkur og Íslands, og að auki þann burðareyri, sem hið framandi land, er í hlut á, á tilkall til, eða annað, sem það hefur lagt út.

Fyrir bréfaviðskipti þessi skal eigi gjöra upp neinn reikning að því leyti, er snertir burðargjaldið milli Danmerkur og Íslands; þar á móti skal hið útlenska burð-



argjald eða annað, sem lagt hefur verið út, tekið upp í viðskiptareikninginn með fullri upphæð.

Ef hin íslenska póststjórn æskir þess, að reglulegum póstgöngum verði komið á beinlínis milli Íslands og einhvers framandi lands, skal hún leita til hinnar dönsku póststjórnar, og mælast til, að reynt sé til, að þessu verði komið til leiðar.

21. grein.

Þessar ákvarðanir öðlast gildi. 1. dag janúarm. 1873.

Þetta skal hér með kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í fjárstjórninni og dómsmálastjórninni, 26. dag septembermánaðar 1873.*

*Fr. Krieger. C. S. Klein.*

*Fr. Reinhardt.*

---

## TILSKIPUN

um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Vér Christian hinn níundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í hana skulu kosnir bæjarfulltrúar, og er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar.

2. grein.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð er á hendi oddvitans.

3. grein.

Með samþykkt má ákveða, að hinum sêrstöku bæjarmálefnum sê beinlínis stjórnað af fóstum nefndum, og skal í samþykktinni til tekið nákvæmar, hverjir skuli vera í þeim, og um vald þeirra. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa eða henni virðist það haggfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sêrstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem til skulu teknar í samþykktinni.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

4. grein.

Í samþykktinni skal kveðið á um, hve margir hinir kjörnu bæjarfulltrúar skuli vera; skal tala þeirra ætíð standa á stöku, og mega þeir ekki vera færri en 7, og ekki fleiri en 13.

5. grein.

Með tilliti til kosninga skal bæjarfulltrúum skipt í tvo hluti, og skal annar þeirra vera einum fjölmennari en hinn. Meiri hlutinn skal kosinn af öllum þeim kaupstaðarbúum, sem kosningarrett hafa til alþingis, ef þeir hafa verið búsettir í kaupstaðnum næsta ár frá nýári til nýárs á undan kosningunni, og greitt í beinlínis bæjargjöld í minnstalagi 4 rd. Minni hluti bæjarfulltrúa skal kosinn af  $\frac{1}{5}$  hluta allra þeirra áður töldu bæjarbúa, er kosningarrett hafa, og mest hafa greitt í bæjargjöld hið síðasta ár frá nýári til nýárs, ef þessi  $\frac{1}{5}$  hluti hefur goldið minnst  $\frac{2}{3}$  hluta allra gjaldanna. Nái fimmtungurinn ekki þessari upphæð, skal svo mörgum við bætt af þeim, sem mest greiða, úr hinum  $\frac{4}{5}$  þórtunum, að þessari gjalda-upphæð verði náð. Hafi fleiri greitt jafnmikil gjöld á því ári, og það verður nauðsynlegt, að nokkur þeirra gangi til kosningar, til þess að ná hinum fyr nefnda fimmtung af kjósendum, eða  $\frac{2}{3}$  þórtunum af gjalda-upphæðinni, skulu þeir allir ganga til kosningar.

Kjörgengur er hver, er kosningarrett hefur til meiri hluta bæjarfulltrúa.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í bæjarstjórninni í senn.

6. grein.

Almennar kosningar skulu fara fram einhvern hinn fyrsta dag eptir nýár, og gildir kosningin í 6 ár. Þriðja hvert ár skal á víxl kosinn meiri eða minni hluti bæjarfulltrúa. Þeir, sem nú eru í bæjarnefndinni, skulu ganga inn í bæjarstjórnina, og fara fyrst frá, er sá tími er liðinn, sem þeir voru kosnir fyrir.

Nú gengur úr bæjarstjórn maður innan þeirra 6 ára, sem hann er kosinn fyrir, og skal þá kosning þess, sem í hans stað er kosinn, að eins gilda fyrir þann tíma, sem eptir er af hinum 6 árum.

7. grein.

Kosningum stýrir kjörstjórn, og eru í henni oddviti bæjarstjórnarinnar og tveir af bæjarfulltrúum, kosnir af og úr bæjar-

stjórninni. Svo skal kosningu undir búa, að kjörstjórnin semur kjörskrá yfir kjósendur, og skal þá farið eptir skattgjaldaskráum bæjarins frá næsta ári áður en kosningin fer fram. Kjörskráin skal vera til sýnis á opinberum stað um 14 daga á undan kjördegi. Kæru um, að nokkur sè oftalinn eða vantallinn á kjörskránni, á, ef þær eiga að verða teknar til greina, að leggja fyrir kjörstjórnina, að minnsta kosti þremur dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti rannsakað málið og lagt úrskurð sinn á það, áður kosning fer fram.

#### 8. grein.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða dag, stað og stundu, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan, og á þann hátt, sem almennur er í kaupstaðnum um opinberar auglýsingar. Skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá kjósendur allir, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni eða á opnum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða  $\frac{1}{2}$  stundu, áður en hún slitur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi enn komnir, með þessu móti fái tækifæri til að neyta kosningarréttar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórnarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

Þá er í sama mund skal kjósa bæjarfulltrúa úr flokki allra kjósanda og úr flokki þeirra, er mest gjalda, skulu hinar almennu kosningar fram fara fyrst, og þær á eptir skal kjósa hinn hlutann í fyrsta lagi á 4. degi og í seinasta lagi innan 8 daga.

#### 9. grein.

Sèrhver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sè sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna eða annars því um líks hefur sennilega ástæðu til þess, að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sèr ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem í minnst 3 ár í samfellu hefur verið bæjafull-

trúi, er eigi skyldur að taka á mót kosningu, fyr en að jafnlangur tími er liðinn, og hann hefur áður verið bæjarfulltrúi.

Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga, eptir að kosningin hefur farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan 14 daga frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Úrskurði bæjarstjórnarinnar má innan 14 daga frá því, hann er upp kveðinn, áfrýja til landshöfðingjans. Þegar almennar kosningar (3. hvert ár) hafa átt sér stað, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er úrskurður bæjarstjórnarinnar á fyrnefndan hátt er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

Sè undanfærsla undan kosningu tekin til greina, eða kosning er ónýtt, skal ný kosning fara fram sem fyrst, og skal til þess nota hinar síðast lagfærðu kjörskrár.

#### 10. grein.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort beiðni hans skuli taka til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða særist undan að gjöra það, hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, sem leggur endilegan úrskurð á málið. Þegar einhver fulltrúi fer úr bæjarstjórn, skal kosið að nýju, nema allir þeir, sem eptir eru, fallist á í einu hljóði, að því megi fresta til hinna næstu almennu kosninga. Fari tveir eða fleiri úr bæjarstjórn miðreitis, skal, svo fljótt sem verða má, skilmálalaust kosið að nýju í stað þeirra, er frá hafa farið, eptir endurskoðaðri kjörskrá.

#### 11. grein.

Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum, og sér um, að það, sem ályktað er, verði rétt ritað í gjörðabókina.

Til þess lögmæt ákvörðun sè gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sèu jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðis-

efnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan lyktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn bera til, eða minnst helmingur bæjarstjórnarinnar æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unnt er, skýra bæjarfulltrúunum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. Að öðru leyti ákvarðar bæjarstjórnin sjálf þingskóp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

#### 12. grein.

Virðist bæjarfógeta, að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sé gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann þá úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu þeirri, er bæjarfógeti sendir til landshöfðingja, skal ávallt jafnframt senda bæjarstjórninni.

#### 13. grein.

Fátækranefnd sú, sem stofnuð er samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, skal upphafin, og skulu störf hennar falin bæjarstjórninni á hendur. Í samþykkt bæjarstjórnarinnar skulu tilteknar nákvæmari reglur um stjórn fátækramálefna, og má þar í einnig ákveða, að hin sérstaklega umsjón með fátækum og fátækra-stofnunum skuli falin á hendur fátækra- og fátækra-stofnunum, sem ekki eru í bæjarstjórninni, og eru þeir skyldir að takast þennan starfa á hendur kauplaust.

Sóknarpresturinn skal taka þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og keonslu fátækra barna, og hafa atkvæði í þeim. Fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eigi þessum börnum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun, sem gjörð hefur verið, til landshöfðingja.

14. grein.

Stjórn á tekjum og gjöldum skóla skal bæjarstjórnin hafa á hendi, og yfir höfuð alla umsjón um skólasjóði og reikninga. Til þess að hafa umsjón með skólakennslunni og embættisverkum kennara skólans, skal sett skólanefnd, og eru í henni sóknarpresturinn og minnst tveir menn aðrir, sem bæjarstjórnin kys til þess, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr flokki bæjarfulltrúa. Kosningin gildir fyrir 3 ár, og eru hlutaðeigendur skyldir að takast starfa þennan á hendur launalaust. Nefnd þessi velur sjálf formann sinn. Skólakennara kaupstaðarins má eigi kjósa í skólanefndina.

15. grein.

Bæjarstjórnin skal kjósa 2 menn, annan úr sínum flokki, til hafnarnefndarinnar.

16. grein.

Bæjarstjórnin kys 2 menn úr sínum flokki til að taka sæti í byggingarnefndinni samkvæmt opnu bréfi 29. maí 1839, 1. grein, og skal hún einnig kjósa hina 2 aðra bæjarbúa, sem í nefndinni eiga að vera.

Enn fremur kys bæjarstjórnin einn mann úr sínum flokki í heilbrigðisnefndina.

17. grein.

Bæjarstjórnin setur embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir uppástungu lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

18. grein.

Innan 1. dags októbermán. ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár, samkvæmt fyrirmynd þeirri, er landshöfðingi hefur samþykkt. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með 8 daga millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin thuga áætlunina grein fyrir grein, og greiða atkvæði um hverja grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórn þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eptir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfalli, sem getið er um í 19. grein. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvbrmán., og skal hún vera öllum til sýnis um 14 daga.

Komi síðar til útgjalda, sem eigi eru á áætlun, eða verða eigi greidd af þeirri upphæð, sem tiltekin er í áætluninni í útgjalda-

grein þeirri, sem við á, og gjald þetta er ekki beinlínis lagt á með lögum, eða ef upphæðin í áætluninni auðsjáanlega einungis hefur verið sett upp á óvissu, má bæjarstjórnin því að eins gjöra ályktun því viðvíkjandi, að hún hafi haft málið til íhugunar 8 dögum fyrir þann fund, er ályktun er gjörð. Séu eigi efni fyrir höndum, til að standa straum af því, sem útgjöldin hafa aukizt, ákvarðar bæjarstjórnin, hvort það, er á vantar, skuli útvega með láni, eða með því, að hækka að því skapi skatta þá, sem búið er að jafna niður. Samþykkis landshöfðingja til þessa skal því að eins við þurfa, ef farið verður út fyrir takmörk þau á valdi bæjarstjórnarinnar, sem sett eru í 19. grein, með því að taka nýtt lán eða heimta stærri skatta.

Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs, eins og hingað til hefur verið.

#### 19. grein.

Án samþykkis landshöfðingja má bæjarstjórnin eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld á til samans, en sem nemur meðaltali af öllum bæjargjöldum fyrir hin síðustu 3 ár, að fimmtungi viðbættum, og þegar seinna á að reikna meðalgjaldið fyrir hin 3 síðustu ár, má ekki telja með það skattgjald, sem á einhverju ári hefur með samþykki landshöfðingja verið lagt á fram yfir þetta. Bæjarstjórnin má heldur ekki án samþykkis landshöfðingja taka af innstæðu fé kaupstaðarins, selja eða veðsetja fasteignir hans, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán, eða lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. Sömmuleiðis útheimtist samþykki landshöfðingja til þess, að kaupstaðurinn geti gengið í samfélag við aðrar sveitir um þinghús, fangelsi, sjúkrahús og aðrar þess háttar stofnanir. Eftir uppástungu bæjarstjórnarinnar getur landshöfðingi samþykkt breytingar á reglum þeim, sem farið er eftir, þegar jafnað er niður útgjöldum í þarfir bæjarins, ef þau verða ekki borguð með öðrum tekjum.

#### 20. grein.

Niðurföfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástandi; tala nefndarmanna skal ákveðin í samþykktinni; skal standa á stöku, og mega nefndarmenn eigi vera færri en 5, né fleiri en 9. Með tilliti til kosningar skal nefndarmönnum skipt í tvo hluti, annan stærri og annan minni; meiri hlutann kjósa allir bæjarbúar, er kosningarrétt hafa samkvæmt 5. gr., minni hlutann þeir, er

greiða mest í skatt. Niðurjöfnunarnefndin skal kosin í ágústmán-  
uði. Að því er snertir rétt til þess að verða kosinn, og um það,  
hvernig haga skuli kosningum, o. fl., gilda hinar sömu reglur, og  
um kosning bæjarfulltrúa. Nefndarmenn þessir skulu gegna starfa  
sínnum í 6 ár, og fer minni hlutinn fyrst frá, og þar á eptir til  
skiptis. Um ályktanir niðurjöfnunarnefndarinnar og atkvæðagreiðslu  
hennar skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 11. grein, og kys  
nefndin sér sjálf oddvita úr sínum flokki.

#### 21. grein.

Að þeim undanteknum, sem eru í bæjarstjórninni, getur eng-  
inn, sem er skyldur að taka á móti kosningu í hana, skorast und-  
an að taka á móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema hann  
að minnsta kosti í 3 ár samsleytt hafi haft þetta starf á hendi.  
Skal hann þá undanþeginn starfa þessum í jafnlangan tíma, og  
hann hefur verið við.

#### 22. grein.

Niðurjöfnun eptir efnum og ástandi nær til allra, sem hafa  
fast aðsetur í bænum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öll-  
um efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast að-  
setur annarstaðar; sé svo, þá má eigi leggja herra gjald á þá, en  
samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft aðsetur í kaupstaðnum. Ef  
einhver hefur haft fast aðsetur í bænum skemmri tíma en 4 mán-  
uði, þá kemur það ekki til greina.

Landshöfðinginn skal úr því skera, hvort erlendir menn, sem  
ekki stunda neina borgaralega atvinnu, en hafa aðsetur í kaup-  
staðnum, sèn gjaldskyldir.

#### 23. grein.

Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í  
nóvembermánuði. Niðurjöfnunarskráin skal, þegar húið er að bæta  
við hana annari skrá yfir það, sem hver gjaldandi að öðru leyti  
skal greiða í skatt til bæjarins, liggja öllum til sýnis í 14 daga  
fyrir árslok annaðhvort í bæjarþingstofunni eða á öðrum hentug-  
um stað, eptir að húið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin  
má ákveða, að auka-niðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júní-  
mán. hvert ár, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig  
til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir  
eru að greiða skatt samkvæmt 22. grein. Þessi auka-niðurjöfnun  
skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu innan 14 daga



frá því niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis sendar skriflega niðurjöfnunarnefndinni. Innan 14 daga þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort nokkur, og þá hver breyting orðið geti á niðurjöfnuninni. Ályktan þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan 14 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálf mánaðar. Mótmæli, sem koma fram eftir hinn ákveðna tíma, verða eigi tekin til greina.

Sérhverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið, ekki að eins á hann sjálfan, heldur einnig á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, eins og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sé sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á, að segja álit sitt þar um, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því, að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgildið er, greiða aptur úr bæjarsjóði.

#### 24. grein.

Ef ágreiningur verður milli Reykjavíkur og annars íslensks sveitarfélags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli sveitarfélags í Danmörku og á Íslandi, skal hlutaðeigandi stjórnarráð leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

#### 25. grein.

Bæjargjald skal heimta á hverju missiri, eða hálfu missiri, í þeim mánuði á hverju missiri eða hálfu missiri, sem bæjarstjórnin ákveður í samþykkt sinni; séu gjöld eigi greidd fyrir lok næsta

mánaðar þar á eftir, skal gengið að þeim með lögtaki eftir löglegan undirbúning.

Skattskyldur maður, sem ekki hefur fast aðsetur í kaupstaðnum, á að til nefna fyrir bæjarstjórninni mann, búsettan þar, sem greiði gjöld hans.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess fjórðungs árs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímán.

26. grein.

Bæjarstjórnin og sérstaklega bæjarfógeti skulu hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum kaupstaðarins.

27. grein.

Fyrir opinber undirboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki galdið neitt.

28. grein.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tæ skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. grein.

Ársreikning kaupstaðarins ber að semja, sem frekast unnt er, samkvæmt fyrirmynd þeirri, sem sett er fyrir áætluninni, og skal gjöra reikning þennan innan loka febrúarmánaðar á því reikningsári, sem í hönd fer. Skal reikning þennan síðan leggja fram til sýnis í 14 daga á þingstofu bæjarins, eða öðrum hentugum opinberum stað. Þar á eftir skulu tveir endurskoðunarmenn yfirlíta vandlega reikninginn ásamt fylgiskjölum. Menn þessa skal venjulega kjósa fyrir 6 ár af öllum staðarbúum, sem kosningarrétt hafa, og á þann hátt, sem fyrir skipað er um kosningar bæjarfulltrúa.

Bæjarstjórnin er skyld að láta endurskoðurum í tæ allar þær skýrslur, er við þurfa, til þess að geta dæmt um tekju- og útgjalda-greinir reikningsins. Eftir að reikningshaldara hefur verið skýrt frá athugasemdum endurskoðunarmannanna, svo hann geti svarað og gjört grein fyrir þeim, skal bæjarstjórnin leggja úrskurð sinn á athugasemdir þær, er gjörðar hafa verið, og veita hlutaðeiganda kvittan; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þær framkvæmdir, er hann hefur tekið þátt í sem kvaddur í fasta nefnd eða fyrir þá sök, að honum hefur sérstaklega verið falið eitthvert starf á hendur í þarfi bæjarins. Vilji reikningshaldari, eða aðrir, er hlut eiga að máli, ekki viðurkenna, að úrskurður sá, sem fallinn er, sé réttur, má hann, ef úrskurðurinn leggur honum á herðar peningaábyrgð, heimta, að málið gangi til dóms og laga.

Aðalreikning kaupstaðarins skal, eftir að hann er úrskurðaður, auglýsa á prenti innan tveggja mánaða.

#### 30. grein.

Innan 30. septembermán. ár hvert skal senda landshöfðingja reikninga fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurðum á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfir fer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmat útgjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

#### 31. grein.

Bæjarstjórnin, sem nú er, skal samþykkja frumvarp til samþykktar þeirrar fyrir kaupstaðinn, er getið er um hér að framan í 3., 4., 13., 20. og 25. gr., og skal senda hana landshöfðingja til staðfestingar.

Auk þess, sem fyrir er mælt í nefndum greinum, skal í samþykktinni sagt fyrir um tölu embættis- og sýslunarmanna bæjarins, veiting embættanna og lausn frá þeim, laun og störf embættismanna, og skal samþykktin enn fremur hafa inni að halda nákvæmari reglur um, hvernig semja eigi hina árlegu áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins, um tilhögun á fjárstjórn og reikningum kaupstaðarins, og um endurskoðun og úrskurð reikningsins. Enn fremur má í tæðri samþykkt setja nákvæmari reglur um nið-

urjöfnunina eptir efnum og ástandi, og yfir höfuð um sérhvert at-  
riði í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt að til haga nákvæmar  
samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipun þessi hefur inni  
að halda.

Samþykktina ber að auglýsa á prenti, eptir að landshöfðingi  
hefur staðfest hana. Henni má síðar breyta, og sömuleiðis auka  
hana eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar, sem landshöfðingi hefur  
samþykkt.

32. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir nákvæmari ráðstöfun til að koma  
þessari tilskipun í verk, svo hún geti öðlazzt fullt gildi 1. dag jan-  
úarm. 1873.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stípt-  
amtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið lands-  
höfðingja á hendur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuhöll, 20. dag aprílmánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Frederik,*  
krónprinz.

*Fr. Krieger.*

---

TILSKIPUN

um sveitastjórn á Íslandi.

V è r C h r i s t i a n h i n n n i u n d i, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt á-  
litsskjal vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefur verið  
lagt, til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, bjóðum vèr og skip-  
um fyrir á þessa leið:

1. grein.

Stjórn sveitamálefna í sveitum Íslands skal falið á hend-  
ur hreppsnefnd í hverjum hreppi, sýslunefnd í sýslu hverri, og  
amtsráði í hverju amti.

A. *Hreppsnefndir.*

2. grein.

Í hreppsnefndinni skulu vera 3, 5 eða 7 menn eptir stærð

hreppsins og fólkstölu; þeir skulu kosnir af þeim hreppsúum, sem samkvæmt því, sem síðar er mælt fyrir, hafa kosningarrétt.

Amtmaður ákveður, áður en kosning fram fer í fyrsta skipti, hve margir hreppsnefndarmenn skuli vera í hverjum einstökum hreppi, eptir að hann um það hefur leitað álits vel metinna manna þar. Ef hreppsnefndin fer þess á leit eða samþykkir það, getur sýslunefndin breytt þeirri tölu nefndarmanna, sem þannig hefur verið sett.

### 3. grein.

Kosningarrétt og kjörgengi til hreppsnefndar á hver búandi maður í hreppnum, sem hefur óflekkað mannorð, er 25 ára að aldri og er ekki öðrum háður sem hjú, ef hann síðasta árið hefur haft fast aðsetur í hreppnum og goldið til hans þarfa, stendur ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og er fjár síns ráðandi.

### 4. grein.

Fæður og afkomendur mega ekki sitja í hreppsnefndinni í senn.

### 5. grein.

Nefndarmenn eru valdir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, skulu að 3 árum liðnum 2, 3 eða 4 ganga úr nefndinni, eptir því hvort tala nefndarmanna er 3, 5 eða 7 samkvæmt 2. gr. Geti nefndarmenn ekki komið sér saman um, hverjir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fyrst fara frá að 6 árumliðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr, eða fer frá sérlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn er í hans stað (samanbr. 9. gr., 2. atriði), að eins vera í nefndinni þann tíma af hinum 6 árum, sem enn er eptir.

Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni í 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur til að taka aptur við kosningu, fyr en að liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni. Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu. Sama rétt hefur sá, sem situr í sýslunefnd.

### 6. grein.

Kosningarnar skulu ávallt — nema þegar aukakosninga við þarf — fara fram á hreppskilabingum á vorin, eptir skrá, sem kjörstjórnin býr til; í kjörstjórninni eru í fyrsta skipti hreppstjór-

inn og tveir búsettir menn í hreppnum, sem hafa kosningarrétt, er sýslumaður til nefnir, en upp frá því oddviti hreppsnefndarinnar og tveir nefndarmenn, sem hún sjálf kys til þess.

Skráin skal liggja öllum til sýnis um 3 vikur á undan kjördegi á þeim stað, sem er hentugur hreppsþúum, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum.

Finni nokkur, að einhver er á skránni, sem ekki hefur rétt til þess, eða einhverjum sleppt, sem þar á að standa, skal hann í síðasta lagi á sjálfum kjördeginum koma fram með mótbáur sínar eða kröfur, sem kjörstjórnin þá leggur úrskurð sinn á, áður en atkvæðagreiðsla byrjar.

#### 7. grein.

Dag og stund, þá kosningar skulu fram fara, skal auglýsa með þingboði um allan hreppinn að minnsta kosti 8 dögum áður. Kosningar skulu fara fram í heyranda hljóði, og hver kjósandi, sem vill nota kosningarrétt sinn, skal sjálfur koma á fund, og skýra munnlega frá, hverja hann kjósi, og skal það jafnóðum ritað í kosningarbókina. Þegar allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á, að greiða atkvæði sín, og þau eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en stund er liðin frá því að kosningargjörðin byrjaði. Formaður kjörstjórnarinnar skal þá lesa greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni skulu rita þau upp og telja þau saman. Skal segja þá kjörna hreppsnefndarmenn, sem hafa flest atkvæði, þegar búið er að telja upp. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

#### 8. grein.

Skorist sá, sem orðinn er fyrir kosningu, á einhvern hátt undan því, að taka við henni, skal kjörstjórnin skera úr því, hvort afsökun hans er gild. Ef kjörstjórnin tekur hana til greiða, skal ný kosning fram fara; að öðrum kosti getur sá, sem kjörinn er, borið afsökun sína undir sýslunefndina; samt skal í fyrsta skipti, er kosningar fram fara, sýslumaður einn skera úr málinu. Kjörstjórnin skal skýra sýslunefndinni frá því, hvernig kosningar hafi farið.

Hver sá, sem nokkuð hefur að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram hefur farið, eða yfir úrskurðum þeim, sem gefnir hafa verið, verður, ef kæran á að geta komið til greina, að hafa sent skriflega umkvörtun til formanns kjörstjórnarinnar innan 8 daga, eptir að úrskurðurinn er felldur, eða kosningargjörðinni er lokið. Kjörstjórnin skal síðan tafarlaust senda umkvörtunina með álit

sínu til sýslunefndarinnar, til þess hún leggi úrskurð sinn á málið. Úrskurði sýslunefndin, að kosningin sé ólögmat, skal kjósa á ný.

#### 9. grein.

Missi hreppsnefndarmaður kosningarrétt eða kjörgengi eptir 3. grein, skal hann víkja úr nefndinni. Missi hann að eins um hrið réttindi þessi, má víkja honum um stundarsakir frá nefndarstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir eiga að skera úr ágreiningi þeim, sem kann að verða í þessum efnum eða af því, að nefndarmaður brjóti svo mjög á móti skyldum sínum, að nauðsyn beri til að víkja honum úr nefndinni. Þó skal hlutaðeiganda heimilt, að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndarinnar. Ef hreppsnefndarmaður af annari orsök þykist hafa tilefni til að beiðast lausnar úr nefndinni, áður en sá tími, er hann var kosinn fyrir, er liðinn, getur hún eða í öllu falli sýslunefndin veitt honum það.

Deyi nefndarmaður eða gangi úr nefndinni, skal kjósa á ný, nema nefndarmenn í einu hljóði komi sér saman um, að fresta megi að skipa annan í hans stað, þangað til almennar kosningar fara fram í næsta sinn.

#### 10. grein.

Undir eins og kosning nefndarmanna er lokið samkvæmt því, sem greint er hér að framan, skal hinn elzti af þeim, sem kjörnir eru, kveðja hreppsnefndarmennina til fundar, til að velja oddvita; hann skal kosinn fyrir fardaga-árið, og skal því sá, sem hefur á hendi oddvitastörf, á síðasta ársfundi láta velja oddvita fyrir það ár, sem fer í hönd. Þó skal þessi kosning á þeim árum, er kjósa skal nýja nefndar-deild, og hinn kjörni oddviti fer frá, án þess að verða kosinn aptur, að eins vera til bráðabyrgða, þangað til nýja hreppsnefndin getur látið hina endilegu kosningu fram fara á fyrsta fundi sínum.

Sérhver nefndarmaður er skyldur til, að taka við kosningu sem oddviti, eða framkvæma önnur sérstakleg störf, sem hreppsnefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem hefur verið oddviti í 3 ár að minnsta kosti, skorast undan því, að taka við kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma, og hann hefur verið oddviti. Til þess að vera í oddvita stað í forföllum hans, skal kjósa vara-oddvita.

Til þess að kosning oddvita og vara-oddvita sé gild, útheimtist, að sá, sem kjörinn er, hafi fengið yfir helmingsinn af þeim atkvæð-

um, sem hinið viðstöddu hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þessum atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa á ný. Fáir ekki þá heldur neinu yfir helming atkvæða, skal fram fara bundin kosning milli þeirra tveggja, sem við kosninguna á undan hafa fengið flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er hin bundna kosning fram fer. Sömu- leiðis skal hlutkesti ráða, þegar atkvæði eru jöfn við hina bundnu kosningu.

#### 11. grein.

Oddviti skal sjá um, að nefndarmenn verði kvaddir til fundar; hann skal stjórna umræðunum, sjá um, að ritað sé í gjörðabókina, og að ályktanir nefndarinnar verði nákvæmlega bókaðar. Ef hreppsnefndin ákveður ekki sérstaklega um einstök mál eða einstakar greinir mála, að einstökum nefndarmönnum skuli falið á hendur, að sjá um bréfagjörð um þessi efni, eða framkvæma einhverjar ályktanir, skal oddviti gjöra ráðstafanir til, að ályktanir nefndarinnar verði framkvæmdar, annast bréfagjörð, og sjá um, að reikningar, sem með þarf, verði samdir, og um aðra bókun. Sömu- leiðis skal hann varðveita allar gjörðabækur nefndarinnar, bréf og önnur skjöl eða skilríki, er snerta þau mál, sem eru lögð undir hreppsnefndina.

#### 12. grein.

Hreppsnefndin skal eiga að minnsta kosti 2 fundi með sér á ári hverju, vor og haust, og auk þess svo oft, sem oddvita þykir þörf á, eða þegar annaðhvort helmingur nefndarmanna eða presturinn eða fátækra- stjórnun krefjast þess, að því er snertir kennslu eða fátækramál.

Hreppsnefndin ákveður sjálf, hve nær og hvar halda skuli aðalfundi, en aptur á móti skal það vera komið undir oddvita, að ákveða þetta um aukafundi. Birta skal fundina, ef því verður við komið, með þingboði, eða á annan hátt, sem tíðkanlegt er þar í hreppnum; fundi skal halda í heyranda hljóði. Þó má hreppsnefndin í stöku tilfellingum álykta, að ræða einstök mál innan luktra dyra.

#### 13. grein.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gjört, nema að minnsta kosti helmingur hennar sé við staddur. Þegar nefndarmenn eru ekki á eitt sáttir um eitthvert mál, skal farið eptir atkvæðafjölda. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði oddvita ráða. Fáir fleiri jafnmörg atkvæði við



kosningar, skal hlutkesti fram fara (samanber þó 10. grein). Sérhver nefndarmaður, sem er ekki hinum samdóma, má heimta, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gjörðabókina, og skulu allir hreppsnefndarmenn, sem eru við, rita nöfn sín undir hana.

#### 14. grein.

Hreppsnefndirnar skulu eptirleiðis takast á hendur stjórn fátækramála hreppsins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. janúar 1834 og seinni tilskipunum, sem gengið hafa út um þetta, með þeim breytingum, sem leiðir af því, sem fyrir skipað er í þessari tilskipun. Hreppsnefndin getur falið á hendur einum eða tveimur fátækrastrjórum eitt ár í senn, að hafa hina nánari tilsjón um framfærslu þurfamanna, og skal hreppsnefndin sjálf kjósa fátækrastrjórana úr sínum flokki.

Þá tilsjón, sem sóknarpresturinn eptir gildandi lögum á að hafa um uppfóstur og uppeldi barna, skal hann framvegis hafa á hendi, og hvort sem presturinn er í hreppsnefndinni eða ekki, skal hún, þegar hún getur ekki orðið prestinum samdóma um þessi mál, án tillits til atkvæðafjölda, taka uppástungu prestsins til greina, að minnsta kosti þangað til úrskurður sýslunefndarinnar fæst um ágreining þann, sem er milli prestsins og hreppsnefndarinnar um þessi mál.

#### 15. grein.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á heilbrigðis-ásigkomulaginu í hreppnum, samkvæmt þeim reglum, sem amtsráðið eða landshöfðinginn skipa fyrir um það.

#### 16. grein.

Hreppsnefndin skal taka að sér skyldur þær, sem hvíla á hreppstjórum samkvæmt tilskipun 15. marz 1861 með tilliti til viðhalds á aukavegum, og má hún fela einum eða tveimur nefndarmönnum á hendur hina nánari tilsjón um þetta. Að því, er snertir viðhald á þjóðvegum, skal hreppsnefndin fyrir árslok senda sýslunefndinni uppástungur þær, sem með þarf, um það, sem á næsta sumri þar á eptir skal vinna að þjóðvegum í hreppnum, og skal þar með fylgja áætlun um störfin sjálf, og um kostnað þann við þetta, sem gjöra má ráð fyrir. Vegabóttagjaldi því, sem samkvæmt tilskipun 15. marz 1861 hvílir á hreppssjóðnum, skal nefndin jafna niður, og skal það galdið til sýslumannsins.

Hið sama er og um gjald það, sem fyrir er mælt um í 40. grein þessarar tilskipunar.

17. grein.

Hreppsnefndin skal takast á hendur skyldur þær, sem hvílt hafa á hreppstjórum, að sjá um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum, og jafna niður gjöldum, sem af því leiðir. Fela má nefndin einum nefndarmanna á hendur, að framkvæma það, sem að þessu lýtur.

18. grein.

Hreppsnefndin skal hafa umsjón um þinghús hreppsins og aðrar fasteignir, sem hann á, eða hefur not af (t. d. kristfjárjarðir), og sjá um, að þeim sé haldið í tilhlýðilegu standi. Ef meiri kostnaður útheimtist til þessa, en svo, að hann geti borgaqt með hinn venjulegu árlegu niðurjöfnun, skal nefndin útvega samþykki sýslunefndarinnar til þess.

19. grein.

Hreppsnefndin skal á ári hverju gjöra áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins, og, að því leyti fátækrafundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva ekki fyrir útgjöldum, jafna niður því, sem á vantar, á alla hreppsbúa eptir efnun og ástandi. Áætlunina skal semja eptir fyrirmynd, sem sýslunefndin segir fyrir um — en í fyrsta skipti eptir fyrirmynd til bráðabyrgða, sem amtmaður býr til, — og skal hún ásamt niðurjöfnunarskránni liggja á hentugum stað, sem birtur hefur verið fyrirfram á venjulegan hátt, hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á undan reikningsárinu. Um leið og áætlunin er lögð fram, skal senda sýslunefndinni eptirrit af henni.

Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera upp skriflega innan 3 vikna frá þeim fresti, sem nefndur var, fyrir oddvita hreppsnefndarinnar, en hann skal á næsta fundi leggja þær fyrir alla nefndina til úrslita. Sérhverjum er heimilt, sem sveitartillagi er jafnað niður á, að bera sig upp um það, hvernig skatturinn er lagður á aðra, og um það, að einhverjum hefur verið sleppt við niðurjöfnunina.

Áður en nefndin leggur úrskurð sinn á nokkra umkvörtun, skal gefa bæði kæranda, og þeim, sem kært er yfir, tækifæri til á nefndarfundum, sem hann sé kvaddur til með 4 daga fresti, að segja álit sitt um umkvörtun þá, sem upp hefur verið borin, en það má einnig gjöra skriflega. Úrskurði þeim, sem hreppsnefndin leggur á umkvörtun þá, sem upp er borin fyrir henni, má innan 3 vikna

frá því, að hann var birtur hlutaðeiganda, skjóta til sýslunefndarinnar, sem leggur endilegan úrskurð á málið á næsta fundi sínum. Eindagi á sveitargjöldum er 31. desemberm., nema hreppsnefndin gefi lengri frest.

Enginn sá, er gjald á að greiða, getur með því að skjóta gjaldsálögunni undir úrskurð sýslunefndarinnar, komið hjá þeirri skyldu, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga. Ef sýslunefndin breytir álaginu, skal endurgjalda það, sem gjaldþegninn, sem í hlut á, hefur greitt fram yfir það, sem honum bar, með því að borga honum það aptur, eða láta það ganga upp í þann hluta sveitartillags hans, sem greiða á næst þar á eptir.

#### 20. grein.

Oddviti hreppsnefndarinnar skal einnig vera fëhirðir nefndarinnar og reikningshaldari, nema því að eins að hreppsnefndin feli öðrum nefndarmanni þessi störf á hendur.

Reikningsárið nær frá fardögum til fardaga. Reikningshaldarinn skal fyrir lok júním. gjöra reikning um tekjur og útgjöld hreppsins á árinu, sem leið, samkvæmt fyrirmynd þeirri, sem hina árlegu áætlun skal sniða eptir. Öll hreppsnefndin skal síðan rannsaka reikninginn, eða kjósa mann til þess að endurskoða hann. Athugasemdir þær, sem gjörðar eru við reikninginn, ásamt svörum reikningshaldarans og sjálfum reikningnum, skal síðan leggja fram fyrir lok septemberm. hvers árs til sýnis hreppsbúum í 3 vikur á sama hátt, og mælt er fyrir í 19. grein um það, að leggja fram niðurrjðfnunina. Í reikningnum skal telja upp allar eigur hreppsins, og rita yfirlit yfir efni hans og skuldir.

Fyrir lok nóvemberm. skal senda sýslunefndinni reikninginn ásamt fylgiskjölum athugasemdum og svörum; hún skal láta rannsaka reikninginn, og sker úr þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið við endurskoðun hreppsnefndarinnar, eða þá, er hún sjálf lét yfir fara reikninginn.

#### 21. grein.

Öll hreppsnefndin hefur ábyrgð á, að reikningurinn sé réttur. Hún skal og ábyrgjast innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur hreppsins.

Án samþykkis hreppsnefndarinnar má ekki borga nein útgjöld af hreppssjóðnum, sem lög eða tilskipun er ekki fyrir, eða sem sýslunefndin eða amtsráðið hefur ekki samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

22. grein.

Hreppsnefndin skal með hverju móti, sem hún getur, leitast við, að koma í veg fyrir húsgang og flakk, og að öðru leyti styðja að því, að góð regla eflist og við haldist í hreppnum.

23. grein.

Þar að auki skal bera undir hreppsnefndina önnur mál, sem snerta sveitina sjálfa, án þess að nefndin eigi að gjöra út um þau að svo miklu leyti þeim er svo varið, að því verði við komið, til dæmis um stofnun heilbrigðisnefnda, um fyrirkomulag á þeim mál-efnum, er snerta yfirsetukonur, um varnir gegn hallæri, og fl., og skal nefndin einnig hafa heimild til þess, að gjöra uppástungur og senda bænarskjöl til stjórnarinnar um allt það, sem getur verið sveitinni til gagns.

Breytingar á hreppaskipun má ekki gjöra án samþykkis nefnda þeirra, sem í hlut eiga, hvort heldur breytingin er fölgin í því, að leggja saman tvo eða fleiri hreppa, eða skipta einum hreppi í tvær eða fleiri sveitir. Bænarskjöl frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um þess konar breytingar skal senda sýslunefndinni, sem skal láta álit sitt fylgja með bænarskjalinu, og þar á eptir skal amtmaður taka við því og leggja það undir úrskurð landshöfðingja.

24. grein.

Hreppsnefndin hefur heimild til án milligöngu sýslumanns að halda undirboðsþing á vega-störfum, og viðhaldi á þinghúsum og öðrum eignum hreppsins, og enn fremur á því, að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

25. grein.

Útgjöld til skrifæra, gjörðabóka, til þess að borga undir bréf, og til sendiferða í sveitarþarfir skal endurgjalda oddvitanum eptir reikningi, sem hann gjörir um það.

26. grein.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess, að ályktun hreppsnefndarinnar sé gild í þeim greinum, sem nú skal telja:

1. til þess á ári því, sem yfir stendur, að hækka upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni;
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, sem ekki heinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum;
3. til þess að nokkuð verði horgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því hann er kjörinn til þess;

4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu 3 ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar fram yfir þetta, má ekki teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð;
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar, ell-egar til þess að kaupa nýjar fasteignir handa sveitinni;
6. til þess að eyða innstæðufé sveitarinnar;
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meiru eða sé fyrir lengri tíma, en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða lengja þann tíma, er á að borga það aptur.

27. grein.

Komist sýslumaður af áætlunum þeim og reikningum, sem honum hafa verið sendir, eða á annan hátt að raun um, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefur vald til, eða að öðru leyti er lögum gagnstæð, eða miðar til, að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu þeirri, er á sveitinni hvílir, getur hann með bréfi til oddvita hreppsnefndarinnar fyrst um sinn ónýtt ályktunina, ef ekki er enn búið að framkvæma hana, og skal hann þar á eptir, jafnskjótt og því verður við komið, senda skýrslu um þetta til amtmannsins, sem aptur kemur henni til landshöfðingja, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslunni skal jafnframt sent hreppsnefndinni.

B. *Sýslunefndir.*

28. grein.

Í hverri sýslunefnd skulu auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, vera 6 til 10 menn, sem til þess eru kjörnir. Þegar skera á úr þeim málum, sem fyrir er mælt um í 14. gr., 2. atriði í þessari tilskipun, skal þar að auki hlutaðeigandi prófastur sitja í nefndinni og hafa atkvæði.

Í Vestmannaeyjasýslu eru sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og 3 kjörnir menn í nefndinni.

29. grein.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig og kys mann til sýslunefndar. Kosningin skal fara fram á hinum árlegu manntals-

þingum með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaðurinn og 2 menn, sem til þess eru kjörnir í fyrsta skipti af amtmanni, en síðan af sýslunefndinni.

Að lokinni kosningu kveður kjörstjórnin upp, hver verði sýslunefndarmaður.

Í sýslum þeim, sem fleiri en 10 hreppar eru í, skulu hinir fjölmennari hreppar ávallt hafa fulltrúa í sýslunefndinni, en hinir fámennari fulltrúa á víxl annaðhvort ár að rætti tiltötu, sem í fyrsta skipti skal ákveðin með hlutkesti.

#### 30. grein.

Um kosningarrétt og kjörgengi til sýslunefndar, og um það, hvernig haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar; sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (samanbr. 3.—7. gr.).

Um það, hvernig kosningin fer, skal senda hlutaðeigandi amtmanni skýrslu, svo það verði tilkynnt amtsráðinu.

#### 31. grein.

Sýslunefndin skal skera úr mótmælum gegn lögmati kosningarinnar, en til þess þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau upp skriflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því, að kosningargjörðinni er lokið. Sýslunefndin skal sömuleiðis skera úr þeim málum, sem af því rísa, þegar einhver beiðist, að ganga úr nefndinni, og eins þegar spursmál er um, að vikja einhverjum úr nefndinni. Sè hlutaðeigandi óánægður með úrskurð nefndarinnar um þessi mál, má hann innan 4 vikna frá því, að úrskurðurinn er birtur honum, skjóta honum til amtsráðsins, sem þá leggur endilegan úrskurð á málin.

#### 32. grein.

Nefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár. Af þeim, sem valdir eru í fyrsta skipti, skal meiri hlutinn, ef á stöku stendur, en annars helmingurinn ganga úr nefndinni að 3 árum liðnum, og skal einnig, að því snertir sýslunefndirnar, farið eptir því, sem fyrir er mælt í 5. grein um það, hvað lengi hreppsnefndarmenn hafa störf sín á hendi, og um endurkosningar þeirra (svo og um það, nær þeir geti skorast undan að taka við kosningu).

#### 33. grein.

Sýslunefndin skal eiga að minnsta kosti einn fund á ári, eptir

### 33. grein.

Sýslunefndin skal eiga að minnsta kosti einn fund á ári, eptir því sem oddviti ákveður nákvæmar; þar að auki má hann, ef honum þykir þörf á því, kveðja til aukafundar, og hann er skyldur til þess, þegar helmingur nefndarmanna heimtar það.

Í fyrsta skipti, sem nefndin á fund, ákveður oddviti, hvar hann skal haldinn; síðar ályktar nefndin sjálf, hvar fundir skulu vera.

Í þóknunarskygni fyrir fæðispeninga og í ferðakostnað skulu nefndarmenn fá 1 rd. fyrir hvern dag, frá því þeir byrja ferð sína á sýslufund og til þess að þeir eru komnir heim aptur, eptir þeim reikningi, sem hver þeirra þar um gjörir, og sýslumaður rannsakar, og sem greiðist úr sjóði sýslunnar upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins. Oddvita skal eptir reikningi hans endurgjalda það, sem hann hefur borgað til skrifæra, gjörðabóka, undir bréf, til sendiferða, og fl., og skal öll nefndin ávísa honum fêð.

### 34. grein.

Þegar gjöra skal einhverja ályktun, skal atkvæðafjöldi ráða, þó útheimtist til þessa, að við sæ staddur meiri hluti allra nefndarmanna. Ef atkvæði eru jöfn, skal atkvæði oddvita ráða. Sérhver nefndarmaður hefur heimtingu á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gjörðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við eru, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

### 35. grein.

Skyldur oddvita með tilliti þess, að stjórna umræðum nefndarinnar, og fl., eru hinar sömu, og til greindar eru viðvíkjandi hreppsnefndunum í 11. grein.

### 36. grein.

Þyki oddvita, að einhver ályktun nefndarinnar fari fram yfir það, sem hún hefur vald til, eða að öðru leyti sæ lögum gagstætt, eða að hún miði til, að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt, að fella ályktunina úr gildi, og skal hann tafarlaust senda amtmanni skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Ef amtmaður er á sömu skoðun um málið og sýslumaður, skal hann leggja það undir úrskurð landshöfðingja. Fínnist amtmanni aptur á móti, að eigi að ónýta það, að ályktun nefndarinnar var gjörð ógild, má hann gjöra þetta með úrskurði sínum.

37. grein.

Með næsta pósti eptir fundarhald sýslunefndarinnar, skal oddviti senda amtmanni endurrit af gjörðabókinni, og hefur amtmáður vald til í þeim tilfellum, sem nefnd eru í greininni á undan, að fella úr gildi ályktun nefndarinnar fyrst um sinn með bréfi til oddvita, og skal hann þar á eptir á þann hátt, sem getið er um að framan, leggja málið undir úrskurð landshöfðingja. Jafnframt skal senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni.

38. grein.

Sýslunefndin sker úr þeim málum og gjörir ráðstafanir þær, sem samkvæmt 2., 8., 9., 14., 18., 21. og 26. grein þessarar tilskipunar eru faldar henni á hendur með tilliti til hreppsnefndanna, og hefur hún almenna umsjón með því, að hreppsnefndirnar í stjórnarathöfnum sínum hegði sér eptir þeim boðum, sem fyrir skipuð eru. Virðist sýslunefndinni, að hreppsnefndin hafi látið greiða ólögmet útgjöld, eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leitt hjá sér, að framkvæma nokkra aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða hún á annan hátt hafi farið fram yfir það, sem hún hefur vald til, skal hún gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu efni, og getur hún, ef nauðsyn ber til þess, beitt þvingunarsektum, til þess boðum hennar verði fram fylgt, og þar að auki komið fram ábyrgð á hendur hinum einstöku hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

Þegar sýslunefndin er búin að leggja úrskurð á reikninga allra hreppsnefndanna, býr hún til formlegt yfirlit yfir efnahag hreppanna og sendir amtmanni það áleiðis til landshöfðingja.

39. grein.

Enn fremur stjórnar sýslunefndin öllum sveitarmálefnum sýslunnar, t. a. m.:

1. Hún hefur umsjón þá, sem hvílir á sýslumönnum samkvæmt tilskipun 15. marz 1861, um viðhald á þjóðvegum í sýslunni, og má til þess ráða því, hvernig verja eigi vegabótagjaldi því, sem heimt er saman í sýslunni á hverju ári, þó þannig, að amtsráðið hefur vald til þess, að ákveða, að verja megi allt að þriðjung af hinu árlega vegabótagjaldi sýslunnar um skemmri eða lengri tíma til starfa að þjóðvegum amtsins án tillits til, í hverri sýslu þeir eru. Eptir uppástungu nefndarinnar ákveður amtsráðið, hverjir vegir skuli vera þjóðvegir, og gjörir breytingar á reglugjörð þeirri, sem gildir um þetta. Enn fremur



skal nefndin hafa umsjón um ferjur í sýslunni, brýr og lendingar, og gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf í þessu tilliti; lögferju má ei leggja niður, nema amtsráðið leyfi.

2. Hún skal semja reglugjörðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur, ráðstafanir til þess að eyða refum, og fl. Sömu leiðis skal hún annast um, að nákvæmar fjármarkatölur fyrir sýsluna verði prentaðar, þegar henni þykir þörf á, og að minnsta kosti einu sinni hvert 10. ár.
3. Nefndin tekur þátt í hreppstjórakosningu þannig, að hún stingur upp á 3 hæfum mönnum í hvert skipti, er á að velja hreppstjóra, og velur amtmaður þá einn af þeim. Hún stingur upp á, hvort hreppstjórar skuli vera 1 eða 2 í einhverjum hreppi, og leggur amtsráðið síðan á það fullnaðarúrskurð.
4. Nefndin skal hafa eptirlit með bólusetningum, skipun ljósmæðra og framkvæmdum hinna sérstaklegu heilbrigðisnefnda.
5. Hún skal gjöra ráðstafanir til þess að af stýra hallæri í sýslunni, eptir að hafa leitað álita hlutaðeigandi hreppsnefnda. Ef meira þarf til þess, en að það verði borgað með helmingnum af öllum hinum venjulegu árstekjum sýslunnar (eptir meðaltölu fyrir 3 ár), verður að leita samþykkis amtsráðsins til þess, sem nefndin ræður af. Þegar á liggur, er amtmanni samt heimilt, að samþykkja, að þau útgjöld verði greidd, sem ekki má fresta.

#### 40. grein.

Sýslunefndin skal semja áætlun fyrir hvert reikningsár frá 1. janúarmán. til 31. desembermán. yfir allar tekjur og útgjöld sýslunnar, og jafna því niður, sem þarf til lúkningar gjaldanna. Að því leyti, sem ekki er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurföfnun á annan hátt, skal jafna því, er með þarf, niður á hreppa sýslunnar eptir samantagðri tölu allra lausafjórðunda, og allra jarðarhundraða, eptir hinni nýju jarðabók, í hverjum hreppi eptir rétttri tiltölu. Því, sem hverjum hreppi þannig ber að gjalda, skal jafna niður á hreppsþúa eptir hinum sömu reglum, sem gilda um önnur útgjöld hreppsins, og skal oddviti hreppsnefndarinnar greiða sýslumanni gjaldið á næsta manntalsþingi (samanbr. 16. grein).

Áætlunina skal semja eptir fyrirmynd, sem amtsráðið ákveður, og í fyrsta skipti eptir fyrirmynd til bráðabyrgða, sem amtmaður býr til.

#### 41. grein.

Sýslumaður skal gjöra árlegan reikning um útgjöld og tekjur

sýslunnar, og skal senda hann innan janúarmán. loka endurskoðunarmanni, sem nefndin hefur kosið; skal hann aftur senda sýslumanni reikninginn fyrir lok febrúarmán. með þeim athugasemdum, sem hann hefur fundið ástæðu til að gjöra við reikninginn. Síðan skal nefndin yfirfara athugasemdirnar ásamt svörum sýslumannsins og reikninginn með fylgiskjölum, og skal síðan senda amtmanni öll hér að lútandi skjöl; eptir að hann hefur sjálfur yfirfarið þau, og heimtað ítarlegri skýrslur, sem honum þykir við þurfa, leggur hann reikninginn undir úrskurð amtsráðsins á næsta fundi þess. Reikninginn skal semja samkvæmt áætlun þeirri, sem nefnd er í næstu grein á undan, og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur um eigur og skuldir hennar. Fyrir lok maímán. skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni eptirrit af reikningnum, og skal nefndin sjá um, að hreppsþúar fái að lesa það. Fyrir það að búa til þessi eptirrit, ber sýslumanni í þóknun 24 sk. fyrir hverja örk, og skal þetta borgað úr sýslusjóðnum.

42. grein.

Öll sýslunefndin hefur ábyrgð á, að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur sýslufélagsins.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóðnum, nema heimild sé fyrir því í lögum eða tilskipun, eða það sé ákveðið af sýslunefndinni eða amtsráðinu.

43. grein.

Í hinum sömu greinum, er staðfesting sýslunefndarinnar samkvæmt 26. gr. útheimtist til ályktana hreppsnefudarinnar, útheimtist samþykki amtsráðsins til þess, sem sýslunefndin ályktar.

### C. Amtsráð.

44. grein.

Í hverju amtsráði eiga sæti amtmaðurinn sem forseti og 2 kjörnir menn. Þessir menn skulu kosnir fyrir 6 ár, þannig að annar þeirra fer frá 3. hvert ár (samanbr. 46. gr.). Allar sýslunefndirnar í amtinu skulu kjósa menn þessa, og skal kosning fram fara að tilhlutun amtmannsins í fyrsta skipti, er þær koma saman, og síðan 3. hvert ár.

45. grein.

Kjörgengi til amtsráðsins er bundið sömu skilyrðum og kjör-

gengi til alþingis, þó þannig, að til þess einnig útheimtist fast aðsetur innan takmarka þess amts, sem í hlut á.

46. grein.

Kjörstjórn sú, sem fyrir er mælt um í tilskipun 6. janúar 1857, 4. grein, skal, jafnskjótt og búíð er að leiðrétta kjörskrána til alþingis, senda hlutaðeigandi amtmanni skrá yfir þá, sem kjörgengir eru til alþingis. Eptir að amtmaður er búinn að fá allar þessar skrár, skal hann ásamt með 2 mönnum, sem hann kveður til þess, semja skrá yfir alla kjörgenga menn, sem búfastir eru í amtinu, og skal síðan senda skrá þessa öllum sýslunefndum amtsins.

Kosning fer þar á eptir fram á þann hátt, að sérhver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, greiðir atkvæði um helmingi fleiri menn, en kjósa skal í amtsráðið. Að af lokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni, og skal hann þar næst ásamt með þeim mönnum, sem hann kvaddi til, þegar kjörskráin var samín, telja saman atkvæðin, sem greidd eru. Þeir 2 menn, sem hafa fengið flest atkvæði, eru kjörnir til amtsráðsins, og þeir 2, sem næst þeim hafa hlotið flest atkvæði, eru varamenn, sem ganga í amtsráðið í stað hinna í forföllum þeirra. Ef 2 eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti.

Þegar hin fyrstu 3 ár eru liðin, skal ákveðið með hlutkesti, hvor af hinum 2 nefndarmönnum, og af hinum 2 varamönnum skuli fara frá; síðan fara menn þá fyrst frá, er þau 6 ár eru liðin, er þeir eru kosnir fyrir.

47. grein.

Um endurkosningar og undanfærslur undan því að taka við kosningu gildir hið sama, sem fyrir mælt er í 5. gr. um hreppnefndirnar. Amtsráðið sker sjálft úr mótmælum gegn lögmati kosninga, er fram hafa farið, og hvort ástæður þær, er sá, sem kjörinn er í ráðið, þykist hafa til þess að fara frá, séu gildar. Þó skal hlutaðeigandi hafa rétt til að skjóta úrskurði amtsráðsins til landshöfðingja.

48. grein.

Amtsráðið skal halda einn fund á ári hverju í öndverðum júnímán., eptir því sem forseti ákveður nákvæmar. Auk þessa getur hann kvatt til aukafundar, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera.

Amtsráðið skal venjulega halda fundi sína á amtmanns-setrinu,

ef það er innan takmarka amtsins; að öðrum kosti ákveður amtmaður stefnustað í sjálfu amlinu.

49. grein.

Þeir, sem í amtsráðinu eru, skulu fá fæðispeninga 1 rd. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðs-fundarins verða að vera frá heimili sínu, og að auki ferðakostnað, eptir reikningi, sem amtmaður ávísar, þegar búíð er að rannsaka hann.

50. grein.

Forsetinn stjórnar umræðum ráðsins, sèr um, að þær ályktanir, sem gjörðar eru, verði framkvæmdar, útvegar gjörðabækur ráðsins, og fl., og varðveitir þær ásamt bræfum ráðsins og öðrum skjölum þess. Ráðið kys úr sínnm flokki skrifara, sem skal rita í gjörðabókina, og ásamt með forseta sjá um, að ályktanir ráðsins verði birtar almenningi samkvæmt 55. gr. Það, sem fyrir er mælt í 34. gr. um sýslunefndir, skal og gilda um amtsráðið; þó skal amtsráðið vera fullskipað, til þess fullnaðar-ályktun verði gjörð.

51. grein.

Öll útgjöld við amtsráðið skal greiða úr jafnaðarsjóði amtsins.

52. grein.

Amtsráðið hefur þessi störf á hendi:

1. Það skal rannsaka og úrskurða alla reikninga sýslnanna, og yfir höfuð með tilliti til yfirstjórnar á sveitamálefnum sýslunnar hafa á hendi það vald, sem getið er um í 31., 39.—43. gr. hér að framan. Finni amtsráðið, að sýslunefnd hafi borgað ólögmat útgjöld, eða skorazt undan að greiða útgjöld, sem hún er skyld til, eða látið hjá líða, að gjöra einhverja aðra ráðstöfun, sem henni ber að framkvæma, eða á annan hátt farið fram yfir vald sitt, skal það gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu skyni, og getur það, ef nauðsyn ber til þess, beitt þvingunar-sektum, til þess boðum þess verði fram fylgt, og þar að auki komið fram ábyrgð við dómstólana á hendur sýslunefndarmönnum þeim, sem hafa tekið þátt í þessum ályktunum.

Þegar amtsráðið hefur úrskurðað alla sýslunefndar-reikninga, skal það semja formlegt yfirlit yfir fjárhag sýslnanna, eins og hann verður samkvæmt þessum reikningum, og senda það landshöfðingja.

2. Amtsráðið skal takast á hendur stjórn opinberra stofnana og gjafafjár, sem amtmennirnir einir hingað til hafa stjórnað, að

dómsmálasjóðnum undanskildum, nema því að eins að stofnunarráðarnar eða gjafabréfin eða aðrar sérstaklegar ákvarðanir séu því til fyrirstöðu. Það skal sjá um, að fê stofnana þessara verði ávaxtað eptir þeim reglum, sem gilda um lán fjár þess, sem tilheyrir opinberum stofnunum, gjöra ályktun um, hvernig verja eigi hinum árlegu tekjum samkvæmt því, sem er fyrir mælt um þetta, og skal sjá um, að reikningar, sem á að gjöra fyrir hvert ár, verði endurskoðaðir og sendir til úrskurðar landshöfðingja ásamt með þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið við þá, og svörum reikningshaldarans.

3. Það skal endurskoða reglugjörðir þær um skiptingu vega í þjóðvegi og aukavegi, sem útgengnar eru samkvæmt tilskipun 15. marz. 1861, og gjöra breytingar þær, sem með þarf, á reglugjörðum þeim, sem hingað til hafa verið í gildi. Það ákveður, hvort verja skuli nokkrum hluta af vegabóttagjaldi því, sem heimtað er saman úr einstökum sýslum, til þess að gjöra vegabætur á þjóðvegum, sem eru utan sýslu; þó má ekki verja til þess fram yfir  $\frac{1}{3}$  af hinni árlegu upphæð vegabóttagjaldsins.
4. Álits amtráðsins skal leita áður en landshöfðingi lætur út ganga nýjar reglugjörðir fyrir hreppstjóra. Sömu leiðis skal leita álits þess, þegar er í ráði, að stofna fangelsi í einstökum hêruðum amtsins, og svo um það, hvernig útvega skuli fê það, sem með þarf til þessa, eða þegar er í ráði, að gjöra aðrar almennar ráðstafanir, sem útheimta gjöld annaðhvort fyrir amtið eða einstök sýslufélög í því, t. d. stofnun landbúnaðarskóla eða fyrirmyndarbúa eða þess konar. Þegar búið er að koma á fót þess konar byggingum eða stofnunum, skal amtráðið hafa umsjón um þær, og bera umhyggju fyrir því, að þeim sé haldið við, að þær séu hafðar til þess, sem ætlað er, og að það fê, sem með þarf til þess, verði útvegað eptir þeim ákvörðunum, sem þar um verða settar.
5. Það skal, eptir að hafa leitað álita sýslunefndanna, íhuga og gjöra uppástungur um það, hvort stofna skuli amtsfátækra-sjóði, annaðhvort til þess að veita einstökum hreppssjóðum eða sýslusjóðum styrk, þegar á þarf að halda, eða til þess að greiða kostnaðinn við kennslu heyrnar- og málleysingja, og því um líkt, og svo um það, hverjar tekjur skuli renna

í amts-fátækra sjóði þessa, og hver útgjöld skuli greidd úr þeim.

53. grein.

Amtsráðið skal fyrir hvert ár semja áætlun um tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins; það skal samkvæmt henni ákveða, hve mikið jafnaðarsjóðsgjald, sem eins og hingað til á að jafna niður á lausafjárhundruðin, skal heimtað saman á því ári. Áætlunina skal semja eptir fyrirmynd, sem ráðið hefur samþykkt og landshöfðingi staðfest, og að öðru leyti eptir skýrslum þeim og reikningum, sem amtmaður leggur fram í hvert skipti.

54. grein.

Sýslumenn skulu heimta saman jafnaðarsjóðsgjaldið á hinum árlegu manntalsþingum, og senda það ásamt reikningi yfir gjöldin til amtmannanna, sem eru reikningshaldarar fyrir jafnaðarsjóðina. Af þeim má ekki greiða nein útgjöld, án þess að heimild sé til þess í gildandi lögum, eða í ályktunum amtsráðsins. Beri nauðsyn til, að greiða nokkurt gjald, sem slík heimild ekki er fyrir, á því tímabili, sem er á milli funda amtsráðsins, getur amtmaður upp á samþykki ráðsins á eigin ábyrgð borgað þetta gjald úr sjóðnum.

Amtmaður skal fyrir hvert reikningsár, frá 1. janúarmán. til 31. desembermán., semja reikning um tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins, og senda fyrir lok febrúarmán. eptirrit af honum hinum tveimur, er í amtsráðinu sitja. Þegar amtsráðið næst kemur saman, skal það endurskoða reikninginn, og þar á eptir skal senda hann ásamt með athugasemdum þeim, sem gjörðar hafa verið við endurskoðunina, landshöfðingja innan 4 vikna frá því, að amtsráðsfundi var slitið. Verði hann þess áskynja, þegar hann fer yfir reikninginn, eða á annan hátt, að amtsráðið hafi greitt ólögmet útgjöld, eða neitað að borga þau útgjöld, sem eptir lögum hvila á amtssveitafélaginu, eða á annan hátt farið fram yfir vald sitt, skal hann gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf út af þessu, og getur hann, ef nauðsyn ber til þess, beitt þvingunar-sektum, til þess boðum hans verði framfylgt, og þar að auki komið fram ábyrgð við dómstólana á hendur þeim úr amtsráðinu, sem tekið hafa þátt í þessum ályktunum.

55. grein.

Amtsráðið skal sjá um, að stutt ágríp af gjörðum ráðsins, áætlun sú, sem það hefur samþykkt, og enn fremur ágríp af hinum

árlegu reikningum jafnaðarsjóðsins og þeirra sjóða, sem ráðið hefur stjórn yfir, verði birt á prenti, og útbýtt meðal allra sýslunefnda.

56. grein.

Amtsráðið getur ekki án samþykkis landshöfðingja tekið stærri lán fyrir hönd jafnaðarsjóðsins eða fyrir lengri tíma, en að lánið verði borgað aptur fyrir lok þess árs, sem fer í hönd, nè heldur ráðið yfir inastæðufé því, sem það hefur umsjón um, eða selt eða veðsett fasteignir amtsins, eða keypt aðrar fasteignir fyrir það. Samþykki landshöfðingja útheimtist einnig til þess, að amtsráðið geti tekizt á hendur nokkra skuldbinding til langframa, sem ekki samkvæmt lögum hvílir á amtssveitarfélaginu, og til þess að leggja á hærra jafnaðarsjóðsgjald að öllu samtöldu, en að það nemi fjórða hluta fram yfir það, sem verið hefur að meðaltali á næstslidnum 3 árum.

57. grein.

Finni forseti, að einhver ályktun amtsráðsins gangi út yfir vald þess, eða að öðru leyti sé lögum gagnstæð, eða að hún miði til ráðstöfunar, sem amtið getur haft tjón af, eða til þess, að skorast undan einhverri skyldu, sem hvílir á amtssveitarfélaginu, getur hann um stund numið ályktunina úr gildi, og skal hann þá tafarlaust skýra landshöfðingja frá þessu, og leggur hann þá úrskurð sinn á málið. Endurrit af þessari skýrslu skal jafnframt leggja fram fyrir amtsráðið.

58. grein.

Á þeim tíma, sem er á milli funda amtsráðsins, skal amtmaður fyrir hönd þess hafa yfirumsjón þá, sem amtsráðinu ber yfir sýslunefndunum. Þær skulu því senda amtmanni öll þau mál, sem leggja skal fyrir amtsráðið, til þess hann geti séð um, að skýrslur þær, sem með þarf, verði útvegaðar, og einnig til bráðabyrgða gjört þær ráðstafanir, sem eigi má fresta til næsta fundar ráðsins. Jafnskjótt og amtsráðið kemur saman, skal amtmaður skýra því frá þeim bráðabyrgða-ráðstöfunum, sem hann hefur gjört fyrir hönd ráðsins.

59. grein.

Nú greinir tvö amtsráð á um eitthvert mál, sem bæði eiga hlut að, og skal þá hvort þeirra fyrir sig senda landshöfðingja álit sitt um málið, og leggur hann síðan úrskurð á það.

60. grein.

Eptirleiðis skal Reyjavíkurbær ekki greiða neitt jafnaðarsjóðsgjald, en aptur á mót tekur bærinn sjálfur að sér þau útgjöld, sem fyrir hann hafa verið goldin úr jafnaðarsjóðnum.

Það skal ákveðið með konungsúrskurði, hvort kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður í þessu tilliti skuli njóta sama sjálfræðis og Reykjavík, eptir að bæjarstjórn þessara kaupstaða og hlutað-eigandi amtsráði hefur verið gefinn kostur á, að segja álit sitt um það; með sama úrskurði skal einnig ákveðið, í hvaða hlutfalli tjeð sveitafélög skuli greiða jafnaðarsjóðsgjald, ef til þess kemur.

61. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir nákvæmari ráðstafanir, til þess að koma þessari tilskipun í verk, svo hún geti öðlazzt fullt gildi svo fljótt sem verða má.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið á Amaliuhöll, 4. dag maímánaðar 1872.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

*Friðrik,*

krónprinz.

(L. S).

Fr. Krieger.



# **VIÐBÆTIR**

## **B.**

**Reikningur yfir alþingiskostnaðinn 1871**

og

**yfirlit yfir alþingiskostnaðinn 1873.**

---



**Yfirlit**  
**yfir alþingiskostnaðinn 1871.**

	Rd.	Sk.
Í alþingistíðindunum 1871 er talið af þess árs alþingiskostnaði . . . . .	10122	84
Þar við bætist:		
Fyrir prentun þingtíðindanna . . . . .	896	76
— prófarkalestur og undirbúning þingtíðindanna undir prentun . . . . .	124	48
— heptingu þingtíðindanna . . . . .	50	40
— ýmislegt . . . . .	7	40
— forsetastörf frá 30. ág. 1871 . . . , . ,	39	"
Allur alþingiskostnaðurinn 1871 er því samtals .	11241	"

**Yfirlit**  
**yfir alþingiskostnaðinn 1873.**

**A. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna.**

	Fæðis-	Ferða-	Til samans.	
	peningar.	kostnaður.	rd.	sk.
<b>1. Konungkjörnir:</b>				
1. Þórður Jónasson . . . . .	99	» »	99	»
2. Bergur Thorberg . . . . .	99	» »	99	»
3. Jón Hjaltalín . . . . .	99	» »	99	»
4. Jón Pétursson . . . . .	99	» »	99	»
5. Pétur Pétursson . . . . .	99	» »	99	»
6. Sigurður Melsteð . . . . .	99	» »	99	»
<b>2. Þjóðkjörnir:</b>				
7. Benidikt Sveinsson . . . . .	105	» »	105	»
8. Björn Pétursson . . . . .	219	201 »	420	»
9. Davíð Guðmundsson . . . . .	153	74 »	227	»
10. Egill Sv. Egilsson . . . . .	99	» »	99	»
11. Eiríkur Küld . . . . .	120	110 »	230	»
12. Erlendur Gottskálksson . . . . .	195	160 »	355	»
13. Grímur Thomsen . . . . .	105	» »	105	»
14. Guðmundur Einarsson . . . . .	123	100 »	223	»
15. Halldór Kr. Friðriksson . . . . .	99	» »	99	»
16. Hallgrímur Jónsson . . . . .	111	16 »	127	»
17. Helgi Hálfðánarson . . . . .	99	» »	99	»
18. Hjálmur Pétursson . . . . .	129	40 »	169	»
19. Jón Jónsson . . . . .	129	86 36	215 36	
20. Jón Sigurðsson frá Kmböfn . . . . .	339	150 »	489	»
21. Jón Sigurðsson frá Gautl. . . . .	180	120 »	300	»
22. Páll Ólafsson . . . . .	219	201 »	420	»
23. Páll Vídalín . . . . .	132	92 »	224	»
24. Stefán Eiríksson . . . . .	198	146 »	344	»
25. Stefán Jónsson . . . . .	153	80 »	233	»
26. Torfi Einarsson . . . . .	156	80 »	236	»
27. Þórarinn Búðvarsson . . . . .	105	» »	105	»
Samtals	3762	1656 36		
		Flyljast	5418	36

	Rd.	Sk.
Fluttir	5418	36
B. Annar kostnaður :		
1. Til innanþingskrifara um þingtímann . . . .	373	60
2. Fyrir ýmisleg ritstörf um og eptir þingtímann	294	24
3. — undirbúning alþingistiðindanna undir prentun og prófarkalestur . . . . .	40	»
4. — danskar þýðingar . . . . .	191	48
5. — pappír og önnur ritföng . . . . .	43	94
6. Upp í prentunarkostnað alþingistiðindanna er greitt . . . . .	543	40
7. Til bókasafns alþingis:		
til bókaupa . . . . . 100rd. » sk.		
fyrir bókaþörlu 18 <sup>12/13</sup> og 18 <sup>13/14</sup> 40 — » —	140	»
8. Til þingsveina og húsgæzlumanns . . . . .	108	48
9. Fyrir ýmislegt . . . . .	59	91
10. — heptingu þingtiðindanna og bókband .	69	92
Samtals	7282	53

Hið helzta, sem enn er eptir að ávísa, er hér um bil þetta: upp í kostnað við prentun og heptingu alþingistiðindanna 560 rd., fyrir að búa þau undir prentun og lesa prófarkir 120 rd., og fyrir forsetastörf frá 4. f. m. 20 rd.; þannig má gjöra ráð fyrir að allur alþingiskostnaðurinn 1873 verði samtals nálægt 8000 rd.

Reykjavík, 28. október 1873.

*P. Pétursson.*

## Yfirlit

yfir það, sem greitt er til endurgjalds alþingiskostnaðinum af fast-  
eign og lausafè á árunum 1871 og 1872.

A, af fasteigna-eptirgjöldum	1871		1872	
	rd.	sk.	rd.	sk.
1. Af Borgarfjarðarsýslu . . . . .	215	10	215	50
2. — Reykjavíkurborg . . . . .	12	64	12	65
3. — Gullbringu- og Kjósarsýslu . . . . .	301	1	297	38
4. — Árnessýslu . . . . .	489	92	488	35
5. — Rangárvallasýslu . . . . .	387	49	383	64
6. — Vestmanneyjasýslu . . . . .	39	75	31	39
7. — Skaptafellssýslu . . . . .	152	59	148	87
8. — Mýra- og Hnappadalssýslu (1871)	235	85	181	89
9. — Snæfellsness- og Hnappadals (1872)	172	41	226	66
10. — Dalasýslu . . . . .	234	27	240	54
11. — Barðastrandarsýslu . . . . .	263	11	265	59
12. — Ísafjarðarsýslu . . . . .	241	19	246	3
13. — Strandasýslu . . . . .	99	24	102	62
14. — Húnavatnssýslu . . . . .	369	47	375	67
15. — Skagafjarðarsýslu . . . . .	444	79	451	43
16. — Eyjafjarðarsýslu . . . . .	440	46	446	84
17. — Þingeyjarsýslu . . . . .	354	13	358	58
18. — Norður-Múlasýslu . . . . .	197	80	205	45
19. — Suður-Múlasýslu . . . . .	130	65	134	13
B, af lausafè				
1. Suðurstofn . . . . .	469	33	483	25
2. Vesturstofn . . . . .	279	31	270	51
3. Norður- og austurstofn . . . . .	751	32	796	20
	6282	23	6363	61

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 30. september 1873.

*Hilmar Finsen.*